

BJARTASTA VONIN Í ÓHEFÐBUNDNU LEIKHÚSI ▶46



**ARI ARNÓRSSON**
HANNAR UMHVERFISVÆNAN BÍL ▶24

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla og Vesturbergi
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SKÍRDAGUR**
17. apríl 2014
91. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012



# UPPÁHALDSLJÓÐSKÁLD ÞJÓÐARINNAR

**Gerður Kristný er án efa vinsælasta ljóðskáld sinnar kynslóðar. Nú brýtur hún blað í íslenskri ljóðagerð og skrifar ljóðabálk um glæpi.** ▶ 20

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN




**STÓR ÁKVÖRÐUN AÐ STÍGA FRAM** Hafdís Huld Prastardóttir ræðir við Lífið um móðurhlutverkið, nýju plötuna og hugrekkið sem þarf til þess að opna munninn og segja frá.



**FJÖLBREYTTUR PÁSKAMATSEÐILL** ▶ 36

**SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 2014**
Fréttablaðið leit yfir stöðu mála í Mosfellsbæ. ▶ 26







LYFJA
– Lífið heil

Gleðilega páska

www.lyfja.is

Lyfja Lágmúla kl. 8-01
Lyfja Smáratorgi kl. 8-24

Opið alla páskana, einnig
föstudaginn langa og páskadag.



## SPURNING DAGSINS



Óðinn, er þetta ekki upp á marga fiska?

**„Nei, þarna liggur þó fiskur undir steini.“**

Óðinn Sigþórsson, formaður Landssambands veiðifélaga, gagnrýnir frumvarp til breytinga á lögum um fiskeldi og segir það illa unnið.

Creditinfo ætlar fljótlega að flytja höfuðstöðvar sínar til Ítalíu eða Spánar:

# Engum sagt upp hér á landi

**VIÐSKIPTI** Höfuðstöðvar Creditinfo verða fluttar til Ítalíu eða Spánar. Reynir Grétarsson, eigandi fyrirtækisins, sem er með starfsemi í ellefu löndum, segist hafa gefist upp á að bíða eftir áætlun stjórnvalda um afnám gjaldeyrishafta.

Fyrst var greint frá fyrirætlunum fyrirtækisins í Kjarnanum í gær.

Fram kemur í bréfi sem Reynir sendi Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra og Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra skömmu eftir að þingsályktunartillaga um slit aðildarviðræðna Íslands við Evrópusambandið var lögð fram á Alþingi að hann telji eiga að vera forgangsverkefni að hlúa að rekstrarumhverfi sérhæfðra þekkingarfyrirtækja. „Það verður best gert með að finna lausnir sem ógna ekki íslensku hagkerfi heldur þvert á móti styðja aukinn hagvöxt,“ segir í bréfi Reynis.



**REYNIR GRÉTARSSON**

Um 60 manns starfa hjá Creditinfo hér á landi. Fyrirtækið er leiðandi í lánstraustshugbúnaði. Helstu markaðir eru vanþróuð ríki þar sem slík þjónusta er lítil eða ekki í boði.

Ekki mun koma til fjöldauppsagna vegna þessarar ákvörðunar að flytja höfuðstöðvarnar til útlanda enda mun starfsfólkið hér heima sinna verkefnum fyrirtækisins á Íslandi. -þþ, jme

Handteknir í Engihjalla:

# Fjórir réðust á einn mann

**LÖGREGLUMÁL** Fjórir menn voru handteknir í Engihjalla í gær eftir að þeir höfðu ráðist á sendibílsstjóra sem þar var á ferð.

Lögreglan var kölluð til vegna árásarinnar og voru mennirnir handteknir á staðnum.

Árásarmennirnir fjórir voru færðir til skýrslutöku í gær, en lögreglan í Kópavogi vildi ekki tjá sig frekar um málavexti að svo stöddu.

Sendibílsstjórinn slasaðist ekki mikið við árásina. - ebg



**Á ARNARHÓLI** Vor mætti vetri á höfuðborgarsvæðinu í gær. Fyrripartinn var hagl og snjókoma en birti til seinni partinn, í það minnsta um stund. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hvasst um land allt en „þetta reddast“ segir veðurfræðingur:

# Veðrið best á Norðausturlandi

**VEÐUR Spáð er leiðindaveðri seinnipart skírdags, hvassviðri og stormi sunnan og suðvestanlands. Það gengur þó fljótt yfir og við tekur hvassviðri og suðvestanátt með éljum á föstudag og fram á helgina.**

**„Ég reikna ekki með að ferðaveður verði gott en það „reddast“ á vel búnum bílum,“ segir Árni Sigurðsson, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands. Best verði veðrið á Norðausturlandi. „Þótt þar verði hvasst verður ekki jafn hvasst og sunnan- og vestanlands. Lengst af verður fínt veður á Norðausturlandi, bjart og ekki sterkur vindur,“ segir hann. -ssb**

# Foreldrar þurfa að fara yfir öryggismál

Glannalegt aksturslag og lítil notkun hjálma eru meðal áhyggjuefna lögreglu og borgara vegna unglinga sem keyra um á rafmagnsvespum. Frumvarp liggur fyrir Alþingi þar sem mælst er til að ökumenn þurfi próf og séu eldri en 15 ára.

**UMFERÐARMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur miklar áhyggjur af ungmennum á rafmagnsvespum, ekki síst í ljósi slyss sem varð í vesturbæ Reykjavíkur nýlega. Þá tvímenntu tvær 13 ára stúlkur á rafmagnsvespu og keyrðu á 6 ára gamlan dreng sem var að ganga yfir gangbraut. Engan sakaði alvarlega en stúlkurnar voru ekki með hjálm og mildi var að ekki fór verr.

„Það er ekki bara lögreglan sem hefur áhyggjur, heldur borgararnir líka,“ segir Gunnar Rúnar Sveinbjörnsson, kynningarfulltrúi Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. „Við höfum fengið ábendingar og kvartanir því margir sem eru á rafmagnsvespum fara ekki nógu varlega, nota ekki hjálm og eru fleiri en einn á hjólinu, sem er stórhættulegt. Það er mikilvægt að foreldrar fari yfir þessi öryggisatriði með börnunum sínum.“



**ÞÓRHILDUR ELÍN ELÍNARDÓTTIR**

Gunnar bendir á að lítið heyrist í rafmagnsvespum og því bregði gangandi vegfarendum í brún þegar þeir mæta þeim á göngustígum en óheimilt er að aka vespunum á akbrautum þar sem þær komast ekki hraðar en 25 km/klst.

Þórhildur Elín Elínardóttir, upplýsingafulltrúi Samgöngustofu, segir að vegna þessa sé lögð mikil ábyrgð á ökumenn en samkvæmt umferðarlögum eru rafmagnsvespur ekki skráð ökutæki heldur skilgreind sem reiðhjól. Það af leiðandi séu engar sérstakar kröfur eða skilyrði sett um hæfni og aldur ökumanna. En það gæti breyst bráðlega þar sem frumvarp til laga liggur fyrir Alþingi. Þar er mælst til þess að hjólin séu gerð að léttu bifhjóli í flokki I.

„Þeim kemur til með að mega aka á akbraut þar sem hámarkshraði er undir 50 km/klst. Gangi breytingarnar fram eins og þær voru lagðar til verða þessi hjól jafnframt skráningarskyld og vátryggingaskyld en þó verða þau undanskilin skoðunarskyldu. Þá mun þurfa ökuréttindi til að aka þeim, þ.e. skellinöðrupróf, sem miðast við 15 ára aldur, eða almennt bílpróf.“

erlabjorg@frettabladid.is



**RAFMAGNSVESPUR** Stranglega bannað er að reiða á hjólunum þrátt fyrir að sæti sé fyrir farþega, því þá verða hjólin þung og erfiðara er að hafa stjórn á þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Leiðbeiningar frá Umferðarstofu

1. Ekki er mælt með því að börn yngri en 13 ára séu á rafmagnsvespum.
2. Sýna skal gangandi vegfarendum tillitssemi og víkja fyrir þeim.
3. Rafmagnsvespur eru hljóðlausar og því skal nota hljóðmerki til að vara aðra við.
4. Bannað er að reiða á þessum hjólum.
5. Nauðsynlegt er að nota hlífðarhjálm og æskilegt að vera með viðbótarhlífðarbúnað af öðrum toga.
6. Hjólin geta komist á töluverða ferð og því getur skapast meiri hætta ef ökumaður missir vald á þeim. Þau eru líka þyngri en venjuleg reiðhjól og því stærri kraftar að verki ef óhapp á sér stað.
7. Huga þarf að tryggingarmálum, hvaða og hvort tryggingar nái yfir slys eða tjón sem notkun hjólanna getur valdið.
8. Hjólin eru ekki leiktæki og viss hætta getur fylgt þeim.

Hafði áhrif á hlutabréfaverð:

# Nasdaq sektar Danske Bank

**VIÐSKIPTI** Danske Bank þarf að greiða kauphöll Nasdaq OMX í Svíþjóð fimm þúsund sænskar krónur, jafnvirði 8,5 milljóna króna, í sekt vegna brots á lögum um hlutabréfaviðskipti.

Í fréttatilkynningu Nasdaq um málið segir að starfsmaður Danske Bank hafi hlotið áminningu fyrir tilraun til að hafa áhrif á hlutabréfaverð félags að nafni Astra Zeneca. Starfsmaðurinn lagði ítrekað fram pantanir í bréf félagsins, dró þær til baka sekúndum síðar og sendi þannig misvísandi skilaboð til annarra markaðsaðila. - hg

Aldís ráðin yfirlögregluþjónn:

# Verður yfir R-2 deild lögreglu

**LÖGREGLUMÁL** Aldís Hilmarsdóttir hefur verið ráðin aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.



**ALDÍS HILMARSDÓTTIR**

Aldís verður yfirmaður deildar R-2, sem rannsakar fíkniefnamál og skipulagða glæpastarfsemi.

Fram kemur í tilkynningu lögreglu að Aldís hafi starfað í lögreglunni í meira en áratug, síðast hjá embætti sérstaks saksóknara. -óká






Verkalýðshreyfingin telur að forsendur desembersamninga séu brostnar:

# Verkalýðshreyfingin ætlar í hart

**KJARASAMNINGAR** Forystumenn ASÍ telja að forsendur kjarasamninganna sem undirritaðir voru í desember séu brostnar.

Samningar BHM og framhaldsskólakennara fela í sér meiri launahækkanir en um var samið á almenna vinnumarkaðnum.



**SIGÐURÐUR BESSASON**

Launahækkanir á almennum markaði voru 2,8 prósent. Framhaldsskólakennarar fá aftur á móti tæplega 16 prósenta launahækkun á næstu tólf mánuðum.

Sigurður Bessason, formaður stéttarfélagsins Eflingar, segir greinilegt að ríki og sveitarfélög hafi tekið upp nýja launastefnu. „Eftir að við skrifuðum undir okkar samninga er greinilegt að viðsemjendur okkar hafa tekið upp önnur vinnubrögð og aðrar nálganir varðandi hvað er til skiptanna í samfélaginu,“ segir hann.

Samningar Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins eru til eins árs en til stendur að semja til lengri tíma í haust. Sigurður segir að í þeim viðræðum verði farið í hart. -þþo / jme



**VÖFFLUKAFFI HJÁ RÍKISSÁTTASEMJARA** Frá undirritun kjarasamninga framhaldsskólakennara í byrjun mánaðarins. Þeir sömdu eftir þriggja vikna verkfall. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



PÁSKAR
PÁSKALILJUR
FRÁBÆRT VERÐ!
Páskagreinar
799 kr.
899 kr
Allt páskaskraut
25%
afsláttur
Sýpris
1.499 kr
ferskur og flottur
Páskaliljur 10 stk.
999
Author Trophy 26"
Gírar: 18
3899987
AUTHOR
í fremstu röð
Author Trophy
32.900 kr.
26"
Hekkklippur
9.995 kr
Rafmagns
TEXAS 550W
Hekkklippur EH550
Texas 550W - 51cm blað.
Klippigeta 20 mm, þyngd 4.2kg
5083600
Laufsuga
9.495 kr
45 ltr. poki
Laufsuga/blásari Ikra
2500W - 45 ltr. poki.
5083654
Nilfisk
Háþrýstidæla C105
10.995 kr.
14.995 kr
Háþrýstidæla C105.6-5
105bar,5m slanga.
5254249
OUTBACK
Gasgrill Sunset
39.900 kr.
3 brennarar
Sunset Solo 3
Grillflötur:628x406mm
3 ryðfríir brennarar, 9,67 kW
3000393
BUGG
Gasgrill BUGG
75.890 kr.
Með undirvagni
BUGG gasgrill
Grillflötur: 1860cm2
2 brennarar 5.86 kW.
3000223
weber
Gasgrill Weber
86.900 kr.
Q300
Weber Q300
Grillflötur:63x45 cm
Brennari: 6,35 kW
3000253
Húsasmiðjan og Blómaval Skútuvogi
Skírdagur 17. apríl ....................10-19
Föstudagurinn langi 18. apríl ....................Lokað
Laugardagur 19. apríl ....................10-19
Páskadagur 20. apríl ....................Lokað
Annar í páskum 21. apríl ....................11-17
Sjá afgreiðslutíma um land allt á husa.is
blómaval
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## SVONA ERUM VIÐ



**1,5 milljónir lítra af gerilsneyddri súkkulaðimjólk voru drukknar á Íslandi árið 1990.**

**Sautján árum síðar runnu 2,4 milljónir lítra ofan í landsmenn.**

*Heimild: Hagstofan.is*

Rektor segir háskólakennara hafa tekið á sig aukið álag á síðustu árum:

# Háskólakennarar semja við ríkið

**SKÓLAMÁL** Félag háskólakennara og ríkið skrifuðu undir nýjan kjarasamning í gær. Boðuðu verkfalli hefur verið frestað.

Kristín Ingólfsdóttir, rektor HÍ, sendi frá sér yfirlýsingu eftir að skrifað hafði verið undir. „Á undanförnum árum hafa félagsmenn Félags háskólakennara tekið á sig launaskerðingu, aukna kennsluskyldu og aukið álag vegna mikillar fjölgunar nemenda. Háskóli Íslands mun koma til móts við óskir Félags háskólakennara eftir fremsta megni,“ segir þar. Þá segist rektor treysta á stuðning stjórnvalda samanber yfirlýsingu í stjórnarsáttmála um Aldarafmælissjóð.

„Hún felur í sér að staðið verði við samning varðandi stefnumótun um fjármögnun Háskóla Íslands þannig að tekjur hans verði sambærilegar meðaltali framlaga OECD-þjóða til háskóla og síðar meir meðaltali framlaga háskóla á Norðurlöndum,“ segir enn fremur í yfirlýsingu rektors. -jme



**LÉTTIR** Háskólanemar geta andað léttar. Skrifað hefur verið undir samning og próf verða á áætlun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

Kennarar greiða atkvæði:

# Þriggja daga vinnustöðvun

**SKÓLAMÁL** Grunnskólakennarar greiða eftir páska atkvæði um verkfallsaðgerðir í maí. Kosið verður um hvort kennarar leggi niður störf 15., 21., og 27. maí næstkomandi. Tilgangurinn er að knýja á um gerð nýs kjarasamnings við sveitarfélögin.

„Samningar ganga hægt. Ef ekki hefur tekist að semja fyrir 15. maí þarf að brýna kutann og því boðum við til vinnustöðvunar þessa daga,“ segir Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara. -jme



**Í HAFNARFIRÐI** Bæjarstjóri Hafnarfjarðar segir að þakka megi starfsfólki bæjarins árangurinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Betri staða en áætlað var:

# Jákvæð afkoma Hafnarfjarðar

**SVEITARSTJÓRNIR** Rekstrarafgangur Hafnarfjarðarkaupstaðar var umfram áætlanir í fyrra og lækkuðu skuldir um 1.335 milljónir króna. Ársreikningur Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2013 var tekinn til fyrri umræðu í bæjarstjórn Hafnarfjarðar í gær.

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir bæjarstjóri segir að þær tölur sem fram koma í ársreikningnum sýni styrka og stöðuga fjármálastjórn.

Í tilkynningu frá Hafnarfirði segir að leitað hafi verið eftir endurfjármögnun á erlendum lánum bæjarins og samþykkt hafi verið að ganga að tilboði Íslandsbanka um endurfjármögnun sem feli í sér grunn að heildstæðri lausn. -fbj

## LEIÐRÉTT

Ranghermt var í frétt blaðsins í gær um dómsmál Kims Laursen gegn Hjördísi Svan Aðalheiðardóttur að sálfræðingurinn sem skrifaði skýrslu sem lögð var fram í dómi hefði starfað hjá Barnahúsi. Einnig stendur að réttarhöld yfir Hjördísi í Danmörku verði 26. og 30. mars en hið rétta er apríl.

## ÁRÉTTING

Ónákvæmni gætti þegar haft var eftir Magnúsi Karli Magnússyni, forseta læknadeildar Háskóla Íslands, að próf læknanema í vor sé forsenda þess að þeir fái lækningaleyfi. Prófið er forsenda þess að nemendurnir útskrifist frá læknadeild, en þeir þurfa að vinna eitt ár sem læknakandídatar áður en þeir fá lækningaleyfi.

# Leiðsögumenn kæra Orkuveituna vegna veiðiréttar

**Þrír menn ætla að kæra Orkuveitu Reykjavíkur. Ástæðan er vinnubrögð í tengslum við verðfyrirspurn vegna veiðiréttar í Þorsteinsvík í september í fyrra. Þeir segja að ION Hótel hafi allan tímann átt að fá réttinn.**

**STJÓRNSÝSLA** Þrír menn ætla að kæra Orkuveitu Reykjavíkur og segja þeir að fyrirtækið hafi ekki farið að lögum þegar verðfyrirspurn var gerð vegna veiðiréttar í Þorsteinsvík og Ölfusvatnsvík í Þingvallavatni í september í fyrra.

„Við erum ósáttir og teljum að það hafi ekki verið farið að lögum og ekki verið gætt jafnræðis,“ segir Helgi Guðbrandsson leiðsögumaður.

Tvær verðfyrirspurnir voru gerðar. Í þeirri fyrri buðu með Helga þeir Jóhann Birgisson leiðsögumaður og Belginn René Beaumont samtals 1,8 milljónir króna í veiðiréttinn. ION Hótel, sem er með starfsemi á Nesjavöllum, bauð einnig í réttinn og var það tilboð 50 þúsund krónum hærra. Þriðji tilboðsaðilinn bauð rúmar 600 þúsund krónur. Ekki var tekið við tilboðum í lokuðum umslögum heldur tölvupósti.

Tilboði ION var tekið en skömmu síðar lásu Helgi og félagar á síðunni Flugur.is að það hefði borist seinni part dags. „Þegar við inntum OR eftir því hvenær tilboðið hefði borist viðurkenndu þeir að það hefði komið tveimur tímum eftir að útboði lauk,“ segir Helgi. „Þetta er algjörlega óverðlagt svæði. Menn eru að skjóta út í loftið og svo munar bara 50 þúsund kalli. Þess vegna óskuðum við eftir því að fá að sjá þeirra tilboð en þá var okkur þverneitað. Það getur hver sem er séð að þetta er ósanngjarnt. Við vildum ekki að hótelið fengi tækifæri til að skoða okkar tilboð og gera svo sitt eigið.“

Í framhaldinu óskaði OR eftir því að Helgi og félagar myndu leysa málið með því að semja við ION um samstarf. Viðræður fóru fram en báru engan árangur. Loks ákvað OR að efna til annarrar verðfyrirspurnar vegna „formgalla“. Þar fengu aðeins þeir sem höfðu áður tekið þátt að vera með. „Við sögðum að við gætum tekið þátt en ekki ef ION yrði líka með því þeir tóku ekki þátt í fyrri verðfyrirspurninni,“ segir Helgi og vísar þar í að tilboð þeirra hafi komið of seint. Sú varð ekki raunin og á endanum bauð ION mun hærra en annar tilboðsaðili og hreppti hnossið.

Hann bætir við að upphaflega hafi OR ætlað að láta ION Hótel fá veiðiréttinn án þess að efna til nokkurs útboðs eða verðfyrirspurnar. ION hefði þegar haft samband við leiðsögumenn um að veita veiðimönnum leiðsögn á svæðinu. „Okkar upplifun er mjög skýr. ION átti að fá þetta sama hvað. Maður trúir varla þessum vinnubrögðum. Þetta er opinbert fyrirtæki sem gefur sig út fyrir gegnsæi en telur sig samt hafið yfir lög og velsæmi.“

freyr@frettabladid.is



**Þetta er algjörlega óverðlagt svæði. Menn eru að skjóta út í loftið og svo munar bara 50 þúsund kalli. Þess vegna óskuðum við eftir því að fá að sjá þeirra tilboð.**

*Helgi Guðbrandsson leiðsögumaður.*



**ORKUVEITA REYKJAVÍKUR** Þremenningarnir segja að OR hafi allan tímann ætlað að láta ION Hótel fá veiðiréttinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Standa öðruvísi að þessu næst

Hálfdán Gunnarsson, forstöðumaður innkaupa- og rekstrarþjónustu OR, segir að veiðirétturinn í Þingvallavatni hafi verið auglýstur til eins árs í reynsluskyni. OR hafi rennt blint í sjóinn með verðmæti réttarins og ákveðið að gera verðfyrirspurn án þess að fara í formlegt útboð. Í auglýsingunni setti OR þau skilyrði, fyrst veiðiréttarhafa að vatninu, að leyfa eingöngu fluguveiði sem og gera að skyldu að sleppa öllum urriða. Þetta hafi verið gert til að stuðla að verndun urriðans við Þingvallavatn og koma í veg fyrir slæma umgengni um svæðið.

„Þarna var skýrt tekið fram að OR áskilji sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er ásamt því að hafna öllum. ION Hótel bað okkur fyrir fram um að fá að skila inn eftir liðinn frest og við veittum þeim heimild fyrir því,“ segir Hálfdán, sem vill ekki meina að með því hafi verið brotið á rétti Helga og félaga. „Ég hef sagt þeim að ef þeir hefðu beðið mig um það sama hefði ég líka veitt þeim það,“ segir hann og bætir við að útboðsskylda sé hjá OR í fjárhæðum sem eru yfir sjö milljónir króna. Þarna var um mun lægri fjárhæðir að ræða. „En við ætlum þó að standa öðruvísi að þessu fyrir 2015 og opna innkomin tilboð í viðurvist þeirra sem þess óska.“

Hálfdán telur að langt hafi verið gengið í að koma til móts við sjónarmið þremenninganna í málinu, m.a. með því að bjóða þeim að ganga að hluta inn í samninginn um veiðina á komandi sumri en það hafi Helgi og félagar ekki þegið. „En það er ljóst að það eru margir svekktir yfir því að veiðirétturinn skyldi leigður út og takmarkanir settar á veiðina. Þarna hafa margir veitt í leyfisleysi, bæði endurgjalds- og eftirlitslaust í gegnum tíðina, og finnst þeim eflaust súrt í brotið, en nauðsynlegt var að grípa í taumana. “




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 22° | Friedrichshafen | 15° | New York | 9° |
| Aþena | 17° | Gautaborg | 13° | Orlando | 24° |
| Basel | 17° | Kaupmannahöfn | 13° | Ósló | 10° |
| Berlín | 15° | Las Palmas | 22° | París | 19° |
| Billund | 14° | London | 19° | San Francisco | 18° |
| Frankfurt | 15° | Mallorca | 20° | Stokkhólmur | 12° |




**Á MORGUN** Hvasst allra vestast og með S-ströndinni annars heldur hægari.




**LAUGARDAGUR** Strekkingur allra vestast annars hægari.

**ÚRKOMA SÍÐDEGIS** með vaxandi vindi. Slydda og síðan rigning sunnan- og vestanlands en slydda norðaustanlands í kvöld. Norðvestan til má búast við hvassviðri í kvöld og jafnvel stormi um tíma.



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
**FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is,
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# GÓÐA FERÐ!

## HVERRI ÁFYLLINGU FYLGIR PÁSKAEGG FYRIR BÖRNIN

BYRJAÐU PÁSKAFRÍIÐ Á ÞVÍ AÐ FYLLA Á TANKINN Á **SHELL VESTURLANDSVEGI** EÐA Á **ORKUNNI/STÖÐINNI Í BORGARNESI**. BÖRNIN Í BÍLNUM FÁ **RÍS-PÁSKAEGG NR. 1** FRÁ FREYJU. TILBOÐIÐ GILDIR 17. OG 18. APRÍL, Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.

SHELL VESTURLANDSVEGI





ORKAN/STÖÐIN Í BORGARNESI

skeljungur.is

Skeljungur

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hver er áætluð heildarfjárhæð í mat, sætindi og drykk fyrir páskana?
**2.** Hvaða íslensk bók hlaut virt frönsk bókmenntaverðlaun?
**3.** Hvaða fyrrverandi forsætisráðherra þarf að sinna samfélagsþjónustu á elliheimili?

**SVÖR:**
**1.** Um 850 milljónir. **2.** Svar við bréfi Helgu. **3.** Silvio Berlusconi.

Sýslumaður frestar ákvörðun um lögbann á gjaldtöku um rúma viku:

# Svigrúm verður nýtt til viðræðna

**FERÐAÞJÓNUSTA** Ákvörðun um lögbann á innheimtu gjalds við Geysi hefur verið frestað til föstudagsins í næstu viku, samkvæmt ákvörðun sýslumannsins á Selfossi.

„Aðilar sammæltust um að fresta lögbannsgerðinni,“ segir Ívar Pálsson, lögmaður ríkisins. Svigrúm fáist með því til viðræðna sé vilji fyrir hendi.

Garðar Eiríksson, talsmaður landeigenda á Geysissvæðinu, segist fagna vilja ríkisins til viðræðna. Hann segir ákvörðun hafa verið tekna um að hætta gjaldtökunni um leið og úrskurður héraðsdóms hafi verið kveðinn upp. „Við munum ekki taka gjald á meðan lögbannsmálið hefur ekki verið afgreitt,“ segir Garðar. Þá þurfi viðræður að vera á jafnræðisgrundvelli. Misræmi sé í því að ferðaþjónustur selji aðgang að þessum svæðum án þess að leggja fé til viðhalds þeirra á meðan landeigendum sé meinað að taka gjald en beri þó ábyrgð á því að skila landinu heilu til næstu kynslóða. **-hrs**



**Í HAUKADAL** Héraðsdómur lagði í vikunni fyrir sýslumann á Selfossi að setja lögbann á gjaldtöku við Geysi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fimm mánuðir fyrir ofbeldi:

# Nítján ára að norðan á skilorði

**DÓMSMÁL** Nítján ára piltur á Akureyri hefur verið dæmdur í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás og brot gegn valdstjórninni.

Hann barði annan mann ítrekað með hnefum, olnbogum og hnjám á meðan hann lá ofan á honum. Þá hrækti hann á lögreglumann og hótaði öðrum lífláti.

Pilturinn hlaut skilorðsbundinn dóm 2012 fyrir minniháttar líkamsárás og var gert að greiða sekt fyrir fíkniefnaakstur. **- ssb**




# Leiða Ríkisútvarpið til móts við nýja tíma

Nýir framkvæmdastjórar hafa verði ráðnir til RÚV. Í framkvæmdastjórn sitja jafn margir karlar og konur. Útvarpsstjóri segir engar frekari hópuppsagnir fyrirhugaðar en að það verði endurraðað í starfsmannahópnum sem fyrir er.

**FJÖLMIÐLAR** Útvarpsstjóri kynnti nýja framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins í gær. Í henni sitja átta, fjórir karlar og fjórar konur. Auk þeirra var ráðinn nýr mannauðsstjóri.

Þrír hinna nýju framkvæmdastjóra eru starfsmenn RÚV, tveir koma úr Borgarleikhúsinu og þrír koma annars staðar frá.

Magnús Geir Þórðarson útvarpsstjóri segir að í hópnum sé reynslumikið fólk frá RÚV í bland við fólk sem kemur með ferska sýn að utan.



**MAGNÚS ÞÓR GEIRSSON**

„Hlutfall milli kynja er nú í fyrsta skipti jafnt í framkvæmdastjórn RÚV sem ég tel sérstakt ánægjuefni,“ segir hann.

Það verður ekki auðvelt verk fyrir nýja framkvæmdastjórn að koma RÚV á réttan kjöl. Fyrirtækið sendi frá sér tilkynningu ekki alls fyrir löngu þar sem kom fram að áætlað tap yrði tæpar 360 milljónir króna á yfirstandandi rekstrarári.

Magnús Geir segir að það verði hlutverk nýrrar framkvæmdastjórnar að leiða RÚV inn í nýja tíma í samstarfi við það góða fólk sem fyrir er.

„Það eru engin áform um að fækka starfsfólki. Það eru engar hópuppsagnir í spilunum. Verkefnið fram undan er að endurraða innan þess hóps sem fyrir er. Nú er spurningin hvernig við nýtum þann mannauð sem við höfum svo dagskrá Ríkisútvarpsins verði sem best,“ segir Magnús Geir.

Rakel Þorbergsdóttir var ráðin fréttastjóri Ríkisútvarpsins. Hún segir að það verði einhverjar breytingar á starfsemi fréttastofunnar. „Með nýju fólki koma nýjar hugmyndir. Hverjar breytingarnar verða kemur í ljós á næstu vikum og mánuðum,“ segir Rakel.

Þröstur Helgason, nýráðinn dagskrárstjóri Rásar eitt, segist sjá mörg sóknarfæri fyrir rásina. „Hún á sér langa og mikla hefð. Við rásina starfar gott starfsfólk sem eru góðir útvarpsmenn,“ segir hann.

Þröstur segir að það verði byggt á hefðinni á Rás eitt.

„Verkefnið er að endurspegla betur það sem er að gerast í samfélaginu,“ segir hann en kveðst ekki vilja greina frá þeim breytingum sem hann hafi í huga á Rás eitt. Fyrst vilji hann hitta starfsfólk rásarinnar, ræða við það og heyra sjónarmið þess.

johanna@frettabladid.is

### Andrea Róbertsdóttir



Mannauðsstjóri Ríkisútvarpsins. Er með BA í félags- og kynjafræði og master í mannauðsstjórnun.

### Frank Þórir Hall



Dagskrárstjóri Rásar tvö. BA í heimspeki og grísku og með meistaragráðu í nýmiðlun.

### Ingólfur Bjarni Sigfússon



Vef- og nýmiðlastjóri. Master í samanburðarstjórnmálum, blaðamennsku og bandarískum fræðum.

### Þröstur Helgason



Dagskrárstjóri Rásar eitt. BA í íslensku og með meistaragráðu í bókmenntum.

### Margrét Magnúsdóttir



Skrifstofustjóri Ríkisútvarpsins. Lögfræðingur að mennt.

### Anna B. Sigurðardóttir



Framkvæmdastjóri rekstrar, fjármála og tækni. Viðskiptafræðingur, endurskoðandi og master í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum.

### Hildur Harðardóttir



Framkvæmdastjóri samskipta-, þróunar- og mannauðssviðs. BA í sálfræði, master í fjölmiðla- og samskiptafræðum auk MBA-gráðu frá LSE.

### Skarphéðinn Guðmundsson



Dagskrárstjóri sjónvarps. BA í sagnfræði.

### Rakel Þorbergsdóttir



Fréttastjóri Ríkisútvarpsins. Rakel er stjórnmálafræðingur með diplóma í hagnýtri fjölmiðlun og meistaragráðu í ljósvakafjölmiðlun.




Suðurkóreskri ferju hvolfdi með 459 manns innanborðs í gærmorgun:

# Hátt í þrjú hundruð saknað

**SUÐUR-KÓREA, AP** Hátt í 300 manns var enn saknað síðdegis í gær eftir ferjuslys í Suður-Kóreu fyrr um daginn. Alls voru 459 manns um borð þegar ferjunni hvolfdi. Ferjan sökk á tæpum tveimur klukkutímum. Flestir farþeganna voru námsmenn, alls 325 talsins, ásamt 15 kennurum þeirra.

Miklar björgunaraðgerðir hófust þegar í stað í von um að sem flestum yrði bjargað. Hátt í níutíu skip og bátar tóku þátt í leitinni. Einnig voru 18 þyrlur og flugvélar notaðar við leitina. Lim Hyung-min, einn námsmannanna sem björguðust, segir að hann hafi ásamt félögum sínum stokkið út í sjóinn og synt í áttina að nærstöddum björgunarbát. Þeir voru í björgunarvestum, en sjórinn var ískaldur og sumir meiddust.

„Þegar ferjan hristist og hallaðist þá runnum við öll og skullum hvert á öðru,“ segir hann. „Ég flýtti mér og hugsaði um það eitt að komast lífs af.“

Þetta er eitt versta sjóslys í Suður-Kóreu. Árið 1993 fórust 292 manns með ferjunni Seohae og árið 1970 fórust 323 með farþegaskipinu Namyoung. **-gb**



**MILLI VONAR OG ÓTTA** Ættingjar bíða frétta við höfnina í Jindo. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# OPNUNARTÍMI

## HAGKAUPS UM PÁSKANA

| | Skírdagur 17. apríl | Föstudagurinn langi 18. apríl | Laugardagur 19. apríl | Páskadagur 20.apríl | Annar í páskum 21. apríl |
|---|---|---|---|---|---|
| SKEIFAN | OPIÐ TIL MIÐNÆTTIS | LOKAÐ TIL MIÐNÆTTIS | 24 tíma | LOKAÐ TIL MIÐNÆTTIS | 24 tíma |
| GARÐABÆR | OPIÐ TIL MIÐNÆTTIS | LOKAÐ TIL MIÐNÆTTIS | 24 tíma | LOKAÐ TIL MIÐNÆTTIS | 24 tíma |
| EIÐISTORG | OPIÐ TIL MIÐNÆTTIS | LOKAÐ TIL MIÐNÆTTIS | 24 tíma | LOKAÐ TIL MIÐNÆTTIS | 24 tíma |
| KRINGLAN | 10:00-19:00 | LOKAÐ | 10:00-19:00 | LOKAÐ | LOKAÐ |
| SPÖNG | 10:00-20:00 | LOKAÐ | 10:00-20:00 | LOKAÐ | 12:00-20:00 |
| SMÁRALIND | 10:00-19:00 | LOKAÐ | 10:00-19:00 | LOKAÐ | 12:00-19:00 |
| HOLTAGARÐAR | 10:00-19:00 | LOKAÐ | 10:00-19:00 | LOKAÐ | 12:00-19:00 |
| AKUREYRI | 10:00-24:00 | LOKAÐ | 10:00-24:00 | LOKAÐ | 12:00-24:00 |
| NJARÐVÍK | 10:00-18:00 | LOKAÐ | 10:00-18:00 | LOKAÐ | 10:00-18:00 |
| BORGARNES | 10:00-18:00 | LOKAÐ | 10:00-18:00 | LOKAÐ | 12:00-18:00 |
| SELFOSS | 10:00-18:00 | LOKAÐ | 10:00-18:00 | LOKAÐ | 12:00-18:00 |




HAGKAUP
Ein ferð betra verð

60 prósent sátt við samning:

## SFR samþykkti kjarasamning

**FÉLAGSMÁL** SFR, Stéttarfélag í almannaþjónustu, hefur samþykkt nýjan kjarasamning við ríkið. Atkvæðagreiðsla fór þannig að tæp 62 prósent samþykktu.

SFR er stærsta aðildarfélag BSRB með um sjö þúsund félagsmenn. Einungis 40 prósenta kjörsókn var í atkvæðagreiðslunni.

Enn eru nokkur félög innan BSRB sem eiga eftir að semja við ríkið en Félag flugmálastarfsmanna ríkisins hefur boðað áframhaldandi verkfallsaðgerðir. -ssb

Hagnaður vegna úthlutunar lóða og gengishagnaður ástæða góðrar útkomu hjá Kópavogsbæ árið 2013:

# Skuldir Kópavogs lækka um tvo milljarða

**SVEITASTJÓRNIR** Útkoma ársreiknings Kópavogsbæjar er tíu sinnum betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Rekstrarafgangur samstæðu bæjarins var 1.192 milljónir 2013, en áætlun gerði ráð fyrir 108 milljónum. Munurinn er 1.084 milljónir.

Ársreikningurinn var lagður fram í bæjarráði Kópavogs í gær og verður ræddur í bæjarstjórn 22. apríl.

Í tilkynningu frá bænum segir að skýringin á þessum mun liggi fyrst og fremst í hagnaði vegna úthlutunar lóða sem nemi 660 milljónum króna og gengishagnaði upp á rúmar 300 milljónir. Þá lækkuðu skuldir Kópavogsbæjar um rúma 2 milljarða króna á árinu þrátt fyrir hækkun lífeyrisskuldbindinga og hækkun vegna afborgana verðbóta á verðtryggðum lánum.

„Niðurgreiðsla skulda Kópavogsbæjar um tvo milljarða eru góðar fréttir fyrir Kópavogsbúa og mikill rekstrarafgangur sömuleiðis,“ segir Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri í tilkynningu.

Hafsteinn Karlsson, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar, tekur í sama streng. „Það hefur verið sameiginlegt átak bæði meiri- og minnihluta á þessu kjörtímabili að ná skuldum niður. Við í fyrri meirihluta lögðum mikla áherslu á að hagræða og það hefur skilað sér út allt þetta kjörtímabil.“

Samtals námu laun og launatengd gjöld bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra 73 milljónum króna á árinu 2013. -fbj



**GÓÐAR FRÉTTIR** Íbúar í Kópavogi voru 32.303 þann 1. desember 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






**SPENNA Í AUSTURHLUTA ÚKRAÍNU** Úkraínsk herþota flýgur yfir þar sem hópur fólks hafði stöðvað sex úkraínskar herbifreiðar. NORDICPHOTOS/AFP

# Hertóku sex herbifreiðar

Aðskilnaðarsinnar í austanverðri Úkraínu náðu á sitt vald sex brynvörðum bifreiðum frá úkraínska hernum. Úkraínsku hermennirnir sýndu enga mótspyrnu.

**ÚKRAÍNA, AP** Úkraínskir hermenn, sem voru á ferð á sex brynvörðum vögnum, sýndu enga mótspyrnu þegar aðskilnaðarsinnar umkringdu bifreiðarnar og tóku þær á sitt vald.

Bifreiðunum var síðan ekið inn í borgina Slovjansk, sem uppreisnarmenn hafa haft á valdi sínu undanfarna daga. Hermennirnir óku bifreiðunum en aðskilnaðarsinnar sátu ofan á þeim.

„Hvað átti ég að gera þegar byssum var beint að mér?“ spurði einn hermannanna. Annar hermaður sagði að þeir væru gengnir til liðs við aðskilnaðarsinna.

Mikil spenna hefur verið í austanverðu landinu undanfarið. Úkraínustjórn hefur sent herlið til þess að ná stjórnarbyggingum úr höndunum á aðskilnaðarsinnum, sem vilja að Rússland innlimi nokkur héruð til viðbótar við Krímskaga.

NATO fullyrðir að Rússar hafi sent allt að 40 þúsund hermenn upp að landamærum Úkraínu.

Bæði núverandi Úkraínustjórn og ráðamenn á Vesturlöndum hafa sakað Rússa um að kynda undir ólgunni í austanverðu landinu.

Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri NATO, sagði í gær að NATO yrði sýnilegra í nágrenni Úkraínu á næstunni: „Við munum vera með fleiri flugvélar á lofti, fleiri skip á siglingu og meiri viðbúnað á landi,“ sagði hann við blaðamenn í Brussel í gær.

Stefnt er að fundi í dag þar sem Rússar og vestrænir ráðamenn munu spjalla um ástandið í Úkraínu. Óljóst er þó enn hvort Rússar ætli að taka þátt í fundinum.

Í héruðunum austan til í landinu var mikill stuðningur við Viktor Janúkóvitsj, fyrrverandi forseta sem hrökklaðist frá völdum í febrúar eftir langvinn mótmæli vestanmegin í landinu. Þau mótmæli hófust eftir að hann neitaði að staðfesta samstarfssamning við Evrópusambandið, en í staðinn styrkti hann tengslin við Rússland.

gudsteinn@frettabladid.is




Torgsala leyfð á Bernhöftstorfu við Lækjargötu:

# Á að blása lífi í bæinn

**REYKJAVÍK** Bernhöftstorfa við Lækjargötu hefur nú bæst í hóp þeirra svæða í miðborginni þar sem heimilt er að hafa torgsölu.

Salan er hugsuð fyrir einstaklinga en sækja þarf um þar til gert leyfi til að opna þar sölubás til allt að þriggja mánaða í senn. Aðstaðan kostar tuttugu þúsund krónur á mánuði.

Hægt verður að sækja um pláss á Bernhöftstorfu frá og með 15. maí næstkomandi en það er umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar sem sér um útgáfu leyfanna. - ssb



**SUMARDAGUR** Meira líf verður við útitaflið á Bernhöftstorfu gangi áætlanir borgarinnar eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nýtt kortatímabil

# nettó
Kræsingar & kostakjör

Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI LÍFRÆNT LAMBAKJÖT MEÐ UPPRUNAMERKINGU BEINT FRÁ BÓNDA.

SAH Afurðir ehf Blönduósi



HEILNÆMT HOLLARI KOSTUR

**LÍFRÆNT LAMBALÆRI**
KÍLÓVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 1.898,-~~
**1.594,-**



**KALKÚNN FRANSKUR**
KÍLÓVERÐ
**1.167,-**



-30%

**FYLLTUR LAMBAHRYGGUR**
KÍLÓVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 3.099,-~~
**2.169,-**



-30%

**BLÁBER**
125 GR BOX
~~VERÐ ÁÐUR 559,-~~
**391,-**



**ONLY**
PÁSKAEGG 100 G
**179,-**




**PÁSKAEGG NO 9**
FREYJU RÍS- EÐA DRAUMAEGG
**2.198,-**



-30%

**JARÐARBER**
250 GR BOX
~~VERÐ ÁÐUR 489,-~~
**342,-**

# GLEÐILEGA PÁSKA!

## OPNUNARTÍMAR NETTÓ UM PÁSKA

| | AKUREYRI | BORGARNES | EGILSSTAÐIR | GRINDAVÍK | HVERAFOLD |
|---|---|---|---|---|---|
| SKÍRDAGUR | 10.00-18.00 | 10.00-18.00 | 10.00-18.00 | 10.00-18.00 | 10.00-18.00 |
| FÖSTUDAGURINN LANGI | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað |
| PÁSKADAGUR | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað |
| ANNAR Í PÁSKUM | 12.00-18.00 | 12:00-18:00 | 12:00-18:00 | 12:00-18:00 | 12:00-18:00 |

| | HÖFN | SALAVEGUR | MJÓDD/GRANDI | REYKJANESBÆR | SELFOSS |
|---|---|---|---|---|---|
| SKÍRDAGUR | 10.00-18.00 | 10.00-18.00 | Opið til miðnættis | 10.00-18.00 | 10.00-20.00 |
| FÖSTUDAGURINN LANGI | Lokað | Lokað | Lokað til miðnættis | Lokað | Lokað |
| PÁSKADAGUR | Lokað | Lokað | Lokað til miðnættis | Lokað | Lokað |
| ANNAR Í PÁSKUM | 12:00-18:00 | 12.00-18.00 | Dag&nótt | 12:00-18:00 | 10:00-20:00 |

**Tilboðin gilda 16. -21. mars 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# ÁSTAND HEIMSINS






**KROSSFESTING Í PERÚ** Fangar í Sarita Colonia-fangelsinu í Callao í Perú settu krossfestinguna á svið á þriðjudaginn, þriðja árið í röð.



**KOSNINGABARÁTTA Í SUÐUR-AFRÍKU** Helen Zille, einn frambjóðenda til forsetaembættisins í Suður-Afríku, rekur þarna kjósanda í Hammanskraal rembingskoss á munninn. Jakob Zuma þykir þó harla öruggur um sigur í kosningunum, sem haldnar verða 7. maí.



**LOFTÁRÁSIR Í SÝRLANDI** Maður nokkur í borginni Aleppo bendir upp í loftið, umvafinn reykjarmekki eftir loftárás frá stjórnarhernum.



**MÓTMÆLI Í FRAKKLANDI** Starfsmaður tóbaksverksmiðju í Carquefou með hjálm í stíl teiknimyndahetjunnar Ástríks, þar sem hann tók þátt í mótmælum eftir að tilkynnt hafði verið að öllum 327 starfsmönnum verksmiðjunnar yrði sagt upp.



**MÓTMÆLI Í BRASILÍU** Hópur fólks í Sao Paolo mótmælir því að heimsmeistarakeppnin í fótbolta verði haldin þar í borg í sumar. Mótmælendurnir segja að fénu sem varið verður til keppnishaldsins væri betur varið til að bæta almenningssamgöngur í borginni.

Ótakmarkað fyrir alla fjölskylduna með RED Family

Með RED Family fá allir í fjölskyldunni ótakmörkuð símtöl og SMS óháð kerfi í alla farsíma og heimasíma á Íslandi. Allir samnýta gagnamagnið og fjölskyldan fær einn símreikning.

Skiptu yfir í Vodafone RED á vodafone.is

Vodafone
Góð samskipti bæta lífið




**IÐRUN Á SPÁNI** Félagar úr trúarreglunni „Jesus del Via Crucis“ tóku þátt í skrúðgöngu í Zamora á Spáni í tilefni dymbilvikunnar, klæddir í hefðbundna múnderingu og með róðukross í hendi. NORDICPHOTOS/AP




**LESTARSLYS Á INDLANDI** Indverskir lögreglumenn við járnbrautarlest sem fór út af sporinu í gær skammt frá lestarstöðinni við Jagiroad á Indlandi.


# Götu- og torgsala

## Opnað verður fyrir umsóknir um götu- og torgsölu 15. maí

Götu- og torgsala á að auka fjölbreytni í starfsemi og þjónustu í miðborginni og glæða hana lífi og lit í sátt við umhverfið. Umsóknir verða að standast almennar kröfur til sölustarfsemi, sem og kröfur um fjölbreytileika og mismunandi framboð á þjónustu.

Sótt eru um á vef Reykjavíkurborgar. Í umsókn komi fram óskir um staðsetningu og gildistíma, auk upplýsinga um söluaðstöðu og tilhögun á sölusvæðinu. Unnið verður úr umsóknum í þeirri röð sem þær berast.

**Nánari upplýsingar og reglur um götu- og torgsölu er að finna á vefsíðunni reykjavik.is/gotuogtorgsala**




Vísindamenn vilja sameiningu háskóla:

# Óttinn við tækifærin

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra blés fyrirhugaða sameiningu Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri og Háskóla Íslands af, eftir að hagsmunaöfl á borð við sveitarstjórn Borgarbyggðar og Bændasamtökin höfðu lagzt eindregið gegn henni, ásamt þingmönnum Norðvesturkjördæmis.

Samkvæmt því sem fram kom í fréttaskýringu í Fréttablaðinu á þriðjudaginn eru þó farnar að heyrast efasemdaraddir, að minnsta kosti í hópi þingmannanna, um að það sé rétt að streitast á móti sameiningunni. Hugsanlega gæti enn orðið af henni.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Ein ástæðan fyrir því gæti verið sú að Illugi Gunnarsson hyggst taka harðar á hallarekstri LBHÍ en forverar hans og hefur farið fram á áætlun um hvernig eigi að koma rekstrinum í jafnvægi. Hún liggur fyrir og gerir ráð fyrir að skorið verði niður um 70 milljónir á þessu ári, sem þýðir að stöðugildum við skólann verði fækkað um fimmtán. Sameiningaráformin gerðu hins vegar ráð fyrir fjárfestingum og uppbyggingu á Hvanneyri.

Hugsanlega hafa rök fræðimanna við báða háskólana, sem nú eru farnir að láta í sér heyra, líka áhrif. Þrír fjórðuhlutar akademískra starfsmanna LBHÍ hafa skorað á rektor skólans, ráðherrann og allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis að klára sameiningarferlið. Háskólaráð HÍ hefur sömuleiðis kallað eftir því að tækifærin sem kunni að skapast með sameiningunni verði skoðuð áfram með opnum huga.

Ágúst Sigurðsson, rektor LBHÍ, segir að meiningin sé að efla starfsmenntanám á Hvanneyri og alls ekki að starfsemin minnki og sogist til Reykjavíkur, heldur þvert á móti. Kristín Ingólfsdóttir, rektor HÍ, segir að það verði gífurleg vonbrigði ef ekki verði úr sameiningunni vegna andstöðu sveitarfélagsins og Bændasamtakanna. Hún benti í viðtali við Stúdentablaðið á að landbúnaður væri að þróast hratt sem þekkingargrein og því fylgdu auknar kröfur til námsins. Það væru því mjög spennandi tengingar á milli skólanna.

Kennarar LBHÍ bentu í grein í Morgunblaðinu á að landbúnaðarvísindi og tengdar greinar ætti ekki að reka í sérhólfi heldur sæmdi þeim að vera við hlið annarra mikilvægra fræðigreina. Það væri líka leiðin sem nágrannaþjóðirnar hefðu farið á síðustu árum.

Þetta er mikilvægur punktur í málinu. Hvaða rök eru fyrir því að sérstakur háskóli sé rekinn fyrir landbúnaðinn, fremur en til dæmis sjávarútveginn, ferðaþjónustuna eða stóriðjuna? Flestar fræðigreinar græða á sambýli og samstarfi við aðrar.

Kjarni málsins er kannski það sem kemur fram í grein kennaranna á Hvanneyri: „Sjálfskipaðir umsagnaraðilar Borgarbyggðar og Bændasamtaka Íslands hafa án faglegrar röksemdafærslu sett sig gegn sameiningaráformum.“ Flest bendir nefnilega til að þessi hagsmunaöfl séu föst í gamaldags ótta við breytingar, fremur en að hlusta á fagleg rök um þau tækifæri fyrir báða háskólana og fyrir landbúnaðinn sem atvinnugrein sem felast í sameiningunni.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU



Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Þægileg sæti**

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti í vikunni að veita íþróttafélaginu Fylki fjögurra milljóna króna styrk vegna uppsetningar sæta í áhorfendastúku. Áður en tillaga þessi var samþykkt var tillaga sjálfstæðismanna í borgarstjórn hins vegar felld, en þeir vildu veita félaginu tæplega átta milljóna styrk til verkefnisins. Einn borgarfulltrúi, Sóley Tómasdóttir hjá Vinstri grænum, vildi hins vegar engan styrk veita. Hún lagði fram bókun þar sem meðal annars kom fram að þegar hefði 90 milljónum verið varið í verkið, með fögrum fyrirheitum um ráðdeild og sparnað við framkvæmdir, og nú ætti að bæta í. Hún sagði að á meðan leik- og grunnskólastarf færi fram við þröngan kost og viðhaldi skólabygginga væri stórlega ábótavant væri óréttlætanlegt að veita meira í nógu þægileg sæti fyrir áhorfendur meistaraflokks Fylkis.



**Grínistinn Guðni**

Vefsíðan Eyjan hefur sett sig í stellingar völvu þegar kemur að hugleiðingum um hver taki oddvitasæti framsóknarmanna í Reykjavík eftir að Óskar Bergsson dró sig í hlé. Þar segir að orðið á götunni sé að góður möguleiki sé á því að Guðni Ágústsson, fyrrverandi ráðherra og formaður flokksins, fari fram.



Guðni er þar borinn saman við Jón Gnarr, núverandi borgarstjóra og grínista – Guðni sé geysivinsæll, njóti stuðnings úr öllum flokkum og kunni sannarlega að gera lífið skemmtilegra. Hann sé þó að sönnu ekki á heimavelli þegar komi að borgarpólitíkinni, en Eyjan spyr hvort hið sama hafi ekki gilt um Jón Gnarr fyrir fjórum árum. Það má allavega fullyrða að Vaktarsjónvarpsseríurnar hefðu verið áhugaverðar með Guðna Ágústsson í aðalhlutverki.

fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Eigum við að kenna börnunum okkar dyggðir?

SAMFÉLAG



**Lýður Árnason**
læknir og vaktstjóri Lýðræðisvaktarinnar

Við erum dugleg að kenna börnunum okkar dyggðir. Við viljum að þau standi við orð sín, séu heiðarleg, steli hvorki né ljúgi, fari ekki í manngreinarálit og séu góð við minnimáttar. Við teljum hógværð til mannkosta, nægjusemi, ráðdeild, tillitssemi og kennum aðgát í nærveru sálar. Við viljum að börnin okkar komi hreint fram, sýni öðrum virðingu og taki samfélagslega ábyrgð þegar þar að kemur. Þessar siðareglur eiga að tryggja heilsteypta einstaklinga og velgengni í lífinu.

Út frá manngildi er ofangreind sýn tær og falleg en er hún vænleg? Hverjir tróna í efstu lögum á Íslandi? Er það fólk sem hefur haft hógværð að leiðarljósi? Eru nægjusamir einstaklingar að gera það gott? Er tillitssemi að skila árangri í lífsgæðakapphlaupinu? Eru þeir sem helga sig hjálparstörfum hátt metnir í launastiganum? Er vænlegra til frama að sýna fylgispekt eða vera hreinskilinn? Hvorum vegnar betur, ráðdeildarmanninum sem eyðir ekki umfram efni eða óreiðumanninum sem hringsnýst á tíundu kennitölunni? Er stjórnulögfræðingur sá sem leitar réttlætis eða sá sem sigrar? Er kjörþokki fólginn í heiðarleika eða blekkingu? Eða kannski útlitinu einu saman? Kjósum við frambjóðanda sem segir okkur það sem við þurfum að heyra eða það sem við viljum heyra? Hvort er vænlegra til valda á Íslandi, sannleikurinn eða lygin?

Hverjir eru ríkastir á Íslandi í dag? Eru það grandvarir og fyrirhyggjusamir kaupsýslumenn eða heiðarlegir atvinnurekendur sem hafa unnið sig upp? Gegna siðblindir sjálftökumenn einhverju hlutverki í auðsöfnun á Íslandi? Og hverjir eiga Ísland, náttúruperlurnar, fiskimiðin, fjölmiðlana, feitustu stöðurnar hjá hinu opinbera? Er það hinn almenni Íslendingur eða sá innmúraði? Hinn sjálfstæði Íslendingur sem ber skoðanir sínar á torg eða músin sem læðist með flokksskírteinið í vasanum? Hverjir búa Ísland, er það samheldin, dyggðum prýdd þjóð eða sundurleit hjörð, óalandi og óferjandi?

Maður spyr sig þessara spurninga og veltir óhjákvæmilega fyrir sér hvort rétt sé að kenna börnunum dyggðir. Myndu þau ekki pluma sig miklu betur ef þau kynnu að ljúga, svíkja, stela, vera sæt, smjaðra, gefa skít í náungann og umgangast engan nema hafa af því einhvern hag? Svei mér þá, það skyldi þó ekki vera?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Battavöllur – menningarlegt fyrirbæri?

JAFNRÉTTI



**Anna Margrét Ólafsdóttir**
kennari í Vífilsskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ

Í mínum skóla gerast margir góðir hlutir, ekki síst vegna þess að í honum er Hjallastefnan. Á hverjum degi er unnið að lýðræði, jafnrétti, samvinnu, kærleika, virðingu, upplýsingatækni, íslensku, stærðfræði og mörgu öðru.

Ég skrifa þessar línur því jafnrétti kynjanna er mér hugleikið og mikilvægt, því vil ég fara nánar í þann ágæta þátt í mínu skólastarfi. Eitt dæmi sem sýnir að unnið sé að því í mínum skóla er battavöllurinn. Ferhyrningur með gervigrasi og tveimur mörkum. Oft notað til að iðka knattspyrnu – sumir myndu jafnvel ganga svo langt og segja: „iðka þá listgrein sem knattspyrnan er“ (látum það liggja á milli hluta). Í mínum huga og í menningu barna er þetta nefnilega ekki bara ferhyrningur þar sem mögulegt er að spila knattspyrnu. Ó, nei – þetta er miklu stærra og viðameira mál þessi blessaði völlur. Hann er orðinn að menningarlegu fyrirbæri! Og nú verð ég að rekja smá sögubrot fyrir ykkur.

Fyrir um það bil tveimur árum fengum við þennan völl eftir ítrekaðar óskir og fyrirspurnir barnanna í skólanum. Gleðin var þvílík þegar hann loksins kom og allt ætlaði hreinlega um koll að keyra. Nú væri sko hægt að spila fótbolta í hvaða veðri sem er og helst mikið af honum (snjór, frost og stormur er ekki fyrirstaða í mínum skóla). Nú verðið þið að sjá aðeins fyrir ykkur hvernig þetta hefur verið. Hvað sjáið þið fyrir ykkur? Drengi þyrpast á völlinn í litríkum takkaskóm? Laukrétt! Stúlkur í litríkum takkaskóm? Laukrétt! Þær voru færri – vissulega en þessi völlur hafði og hefur gífurlegt aðdráttarafl.

### Allt án uppáþrengingar

Í mínum skóla er nefnilega val tvisvar sinnum á dag í 30 mínútur í senn. Þá hafa börnin um nokkra úrvalskosti að velja – hvað þau vilji gera. Einn kosturinn er útisvæði, þar skiptast kennarar á að vera með viðbragð spretthlaupara ef eitthvað kemur upp á, hafa samningatækni færustu lögfræðinga, faðm á við skógarbirni og vökul augu arnarins. Allt án uppáþrengingar að sjálfsögðu því þetta er frjáls tími barnanna. Allir vildu á völlinn fara og nú mátti samningatæknin ekki bregðast okkur.

Við sáum þó fljótt að stúlkur sem æfðu fótbolta voru ívið færri en drengirnir og þær áttu það til að gefa völlinn frá sér og voru hreinlega ekki alltaf nógu fljótar að koma og taka sér stöðu á vellinum til að panta hann. En hvað – geta þau ekki bara spilað saman? Jú, jú, það var nú aldeilis gert en aftur – við sáum kynjaskipt lið, hallað var á stúlkur og þær fengu ekki sendingar til sín og bara fengu ekki að njóta sín!

Fúlt! Næsta ráð var að skipta vellinum á milli barnanna. Fyrst fá 10 ára stúlkur völlinn, næst 11 ára og svo 12 ára. Það kerfi rúllar í eina viku og næstu viku taka drengirnir við sama kerfi. Hér sáum við fljótt galla á gjöf Njarðar. Nefnilega að stúlkur ákváðu að vera „góðar“ við vini sína og gefa þeim völlinn eftir. „Æ, við nennum ekkert að spila fótbolta hvort eð er.“

### Eignin gerð heilög

Í næsta skrefi var eign vallarins gerð heilög og við það sá ég nokkuð stórmerkilegt! Stúlkurnar valdefldust! Enginn mátti láta öðrum völlinn eftir – þó að enginn vilji vera á honum stendur hann bara auður – enginn skaði skeður – nóg flæmi er af dúnmjúku grasi í kring og það sem meira er – það má gera hvað sem er á þessum ferhyrnda gervigrasvelli! Það má liggja og horfa á skýin, fara í brennó, handahlaup, spila hörkuknattspyrnu – hvað sem er!

Eftir að þessi regla var blessuð og skrifuð í skýin áttuðu margar stúlkur sig á því að þarna mátti ekki taka frá þeim þessi réttindi að nota völlinn, þær nota hann óspart og hafa svo sannarlega gaman af! Engin vinsældakaup í gegnum battavallarbrask – bara réttindi sem við eigum að gefa þeim í vöggugjöf og eiga að sjálfsögðu að vera náttúrulögmál!

Áfram jafnrétti!

**➜ Í næsta skrefi var eign vallarins gerð heilög og við það sá ég nokkuð stórmerkilegt!**

# Barnaborgin

STJÓRNMÁL



**Magnús Már Guðmundsson**
frambjóðandi Samfylkingarinnar til borgarstjórnar

Öll börn eiga að hafa jöfn tækifæri til að vaxa og dafna og rækta hæfileika sína. Reykjavíkurborg gegnir mikilvægu hlutverki í að stuðla að þessum tækifærum kemur hún með einum eða öðrum hætti að uppvexti barna, hvort sem er í skóla, leik eða starfi. Til að hlúa að stöðu barna og barnafjölskyldna í Reykjavík kynnti Samfylkingin nýlega í fjórum liðum „barnapakkann“ fyrir komandi borgarstjórnarkosningar.

### Reykjavík er hagstæðust

Reykjavík á áfram að koma ríkulega til móts við barnafjölskyldur þannig að þær geti treyst því að þar sé hagstæðast að búa og njóta þjónustu borgarinnar. Barnafjölskyldur eiga oft erfitt með að láta enda ná saman. Þær þurfa í hverjum mánuði að standa skil á lánum vegna íbúðakaupa eða húsaleigu, borga af bíl, greiða fyrir leikskólapláss eða aðra dagvistun og tómstunda- og íþróttastarf barnanna. Sömuleiðis greiða margar ungar fjölskyldur af námslánum sínum. Borgin getur leikið lykilhlutverk í að létta byrði barnafjölskyldna.

### Bilið brúað

Samfylkingin ætlar að vinna að því að eyða þeirri óvissu sem bíður margra ungra fjölskyldna þegar fæðingarorlofi foreldra lýkur. Eitt af forgangsmálum Samfylkingarinnar á næsta kjörtímabili verður að taka markviss skref til að brúa bilið milli fæðingarorlofs og þar til börn komast inn á leikskóla. Þetta er metnaðarfullt og kostnaðarsamt verkefni, sem þarf að vinna í samráði við foreldra, leikskóla og dagforeldra.

### Afsláttur og hærri styrkur

Við munum leita leiða til að draga úr kostnaði foreldra við skóla- og frístundastarf barna þeirra. Við viljum hækka frístundastyrk með hverju barni í 50 þúsund krónur á kjörtímabilinu í samstarfi við íþróttafélög, tónlistarskóla og æskulýðssamtök. Fjárhagur foreldra á ekki að ráða úrslitum um þátttöku barna í frístundastarfi og frístundakortið gegnir mikilvægu hlutverki í að tryggja að svo sé ekki. Þá ætlar Samfylkingin að taka upp samræmdan systkinaafslátt þvert á skólastig, sem er kjarabót sem nýtist barnmörgum fjölskyldum. Barnapakki Samfylkingarinnar á að tryggja að Reykjavík verði áfram leiðandi í þjónustu við börn og barnafjölskyldur.

**➜ Borgin getur leikið lykilhlutverk í að létta byrði barnafjölskyldna.**

xD Dásamlega Reykjavík

**Páskafjör um alla borg**



Krakkar, mömmur, pabbar, ömmur og afar!

Sjálfstæðisfélögin í Reykjavík efna til páskaeggjaleitar og páskaeggjabingós víðsvegar um borgina, **fimmtudaginn 17. apríl (skírdag) og laugardaginn 19. apríl.**

**Leitað verður að fagurlega skreyttum eggjum og börnin fá súkkulaðiegg.**

Munið að taka með körfur eða poka undir eggin.

**Hittumst hress. Allir velkomnir!**

**Páskaeggjaleit í Laugardalnum**
Leit hefst við þvottalaugarnar í Laugardalnum,
**fimmtudaginn 17. apríl, skírdag, kl. 11.00.**
Halldór Halldórsson, oddviti framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, ræsir keppnina.
Húlahopp- og boltakeppni.
*Félög sjálfstæðismanna í Langholti, Laugarnesi og Háaleitishverfi*

**Páskaeggjaleit í Elliðaárdalnum**
Leit hefst við gömlu Rafveitustöðina í Elliðaárdalnum,
**laugardaginn 19. apríl, kl. 13.00.**
Júlíus Vífill Ingvarsson borgarfulltrúi ræsir keppnina og tekur lagið með krökkunum.
Skemmtiatriði og húlahoppkeppni.
*Félag sjálfstæðismanna í Árbæjarhverfi og Breiðholti*

**Páskaeggjaleit á Ægisíðunni**
Leit hefst við grásleppuskúrana,
**laugardaginn 19. apríl, kl. 13.00.**
Kjartan Magnússon borgarfulltrúi ræsir keppnina.
Húlakeppni, kaffiveitingar og andlitsmálun.
*Félag sjálfstæðismanna í Nes- og Melahverfi*

**Páskaeggjabingó í Grafarvogi**
Bingóið hefst í kosningamiðstöð Sjálfstæðisflokksins að Stórhöfða 17 (þar sem Íslandsbanki var áður),
**laugardaginn 19. apríl, kl. 11.00.**
Bingóstjóri er Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður.
Spjaldið kostar 200 krónur.
*Félag sjálfstæðismanna í Grafarvogi*

**Páskaeggjaleit við Reynisvatn**
Leit hefst við Reynisvatn,
**laugardaginn 19. apríl, kl. 13.00.**
Marta Guðjónsdóttir varaborgarfulltrúi ræsir keppnina.
*Félag sjálfstæðismanna í Grafarholti og Úlfarsárdal*

**Páskaeggjaleit í Hljómskálagarðinum**
Leit hefst í Hljómskálagarðinum, vestan við litlu tjörnina,
**laugardaginn 19. apríl, kl. 13.00.**
Áslaug Friðriksdóttir borgarfulltrúi ræsir keppnina.
*Félag sjálfstæðismanna í Miðbæ – Norðurmýri og Vesturbæ – Miðbæjarhverfi*

KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr og snjöll




50% afsláttur
Hámark 5 kassar á mann meðan birgðir endast!
348 kr. pk.
Verð áður 696 kr. pk.
Emmessís Smarttoppar, 4 stk.
4 í pk.
396 kr. pk.
Toppur án bragðefna, 4x2 lítrar
899 kr. stk.
Emmess Djæf krans m/daim
1398 kr. stk.
Krónu Súkkulaðiterta, 3 hæða
1298 kr. kg
Matfugl veislufugl með fyllingu
2998 kr. stk.
Önd Cherry Valley, 2,3 kg
MAGN-PAKKNING
1989 kr. kg
Krónu kjúklingabringur magnpakkning
Sjá nánar páskaopnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

# Tölvuleikjafíkn unglinga

SAMFÉLAG



Reynar Kári Bjarnason
sálfræðingur

Veruleiki unglinga nú um stundir er um margt frábrugðinn því sem fyrri kynslóðir bjuggu við. Tækninýjungar veita fólki aðgang að upplýsingum og samskiptum sem áður voru óhugsandi. Samskipti ungs fólks fara í auknum mæli fram í gegnum tölvur og afþreying í gegnum sýndarveruleika. Neikvæðar hliðar þessara framfara hafa því miður komið í ljós hér á landi sem annars staðar. Ungt fólk hefur þróað með sér tölvuleikjafíkn og misst stjórn á lífi sínu.

Skilgreina má fíkn sem þráláta neyslu sem tekur yfir líf einstaklingsins og ágerist þrátt fyrir alvarlegar afleiðingar. Þegar kemur að tölvuleikjanotkun má í mörgum tilfellum færa rök fyrir því að einstaklingurinn sé haldinn fíkn þegar ásókn í tölvuleiki er orðin það mikil að hún er farin að hafa veruleg áhrif á daglegt líf hans.

Afleiðingar of mikillar tölvuleikjanotkunar geta verið félagslegar, sálrænar og heilsufarslegar. Þeir sem spila mikið einangra sig gjarnan frá vinum sínum, fara ekki út úr húsi, lenda í átökum við fjölskyldumeðlimi, sinna ekki skyldum sínum og mæta illa í skóla eða vinnu. Þegar einstaklingurinn er ekki í tölvunni er hann stöðugt með hugann við hana og verður eirðarlaus og pirraður. Þessi óþægindi hverfa ekki fyrr en hann kemst aftur að tölvunni.

### Brýnt að fá aðstoð

Algengir fylgikvillar eru skapofsaköst, kvíði og þunglyndi. Önnur einkenni ofnotkunar á tölvuleikjum geta verið brenglað tímaskyn og vanræksla grunnþarfa eins og næringar og hreinlætis. Á sama hátt og áfengisfíklar reynir tölvufíkillinn að fela neysluna og ljúga til um tölvunotkunina. Sá hópur sem líklegastur er til að ánetjast tölvuleikjum er unglingsdrengir.

Unglingsárin eru tímabil mikilla breytinga. Kröfur umhverfisins til einstaklingsins aukast, líkaminn breytist, sjálfsmyndin mótast og unglingurinn reynir að skilgreina sjálfan sig og átta sig á því hvaða hópum hann á samleið með og hvert hann vill stefna í lífinu. Á unglingsárunum prófar fólk sig áfram í samskiptum og skoðar hegðun annarra. Unglingar eyða auknum tíma með félögum á kostnað samskipta við foreldra sína. Félagsleg samskipti skipta því miklu máli á þessu tímaskeiði og eru mikilvægt skref í þroskaferli einstaklingsins. Þeir sem ánetjast tölvuleikjum á þessum árum fara á mis við þessa félagsmótun. Í stað þess að finna tilgang með lífinu er þessum mestu mótunarárum eytt fyrir framan tölvuskjá til að svala tölvuleikjafíkn.

Þegar einstaklingur hefur misst tökin á tölvunotkuninni er mikilvægt að leita til sálfræðinga sem geta aðstoðað hann við að ná stjórn á hegðun sinni og hugsunum. Ef foreldra grunar að unglingurinn þeirra sé búinn að missa stjórn á tölvuleikjanotkuninni og greina breytingar á hegðun hans og lundarfari er brýnt að grípa inn í og fá aðstoð sem fyrst. Tölvuleikjafíkn er samfélagslegt mein sem getur haft varanleg áhrif á líf og heilsu ungmenna ef ekkert er aðhafst.


ÍSLENSKU SAFNAVERÐLAUNIN 2014

Safnaverðlaunin er viðurkenning veitt annað hvert ár íslensku safni fyrir framúrskarandi starfsemi.

**ÓSKAÐ ER EFTIR ÁBENDINGUM** frá almenningi, stofnunum og félagasamtökum um safn eða einstök verkefni á starfssviði safna sem þykja til eftirbreytni og íslensku safnastarfi til framdráttar. Söfnum er jafnframt heimilt að senda inn kynningar á eigin verkefnum.

Til greina koma sýningar, útgáfur og annað er snýr að þjónustu við safngesti jafnt sem verkefni er lúta að faglegu innra starfi svo sem rannsóknir og varðveisla.

Valnefnd tilnefnir þrjú söfn eða verkefni og hlýtur eitt þeirra viðurkenninguna og 1.000.000 króna að auki. Safnaverðlaunin verða veitt í níunda sinn á íslenska safnadaginn 13. júlí 2014.

Ábendingum skal skilað í síðasta lagi **20. maí 2014**

Sendist:
Safnaverdlaun2014@icom.is
eða Safnaverðlaunin 2014
Pósthólf: P.O. Box 1489
121 Reykjavík

Íslandsdeild ICOM - Alþjóðaráðs safna og FÍSOS - Félag íslenskra safna og safnmanna standa saman að verðlaununum.


# Digurmæli Davíðs

LÍFEYRISSJÓÐIR



Helgi Magnússon
varaformaður Lífeyrissjóðs verslunarmanna

**➜ Þetta er ekki í fyrsta sinn sem órökstudd umfjöllun af þessu tagi birtist í leiðurum eða nafnlausum greinum á ábyrgð ritstjórnar Morgunblaðsins.**

Mér hefur verið bent á býsna rætin digurmæli í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins, sem kom út þann 12. apríl sl., um forsvarsmenn íslenskra lífeyrissjóða. Þar segir m.a.:

„Skýrslan sú er vita gagnslaus og fer best í hillu við hliðina á skýrslunni sem „aðilar á vinnumarkaði“ létu hafa sig í að panta um ESB og skýrslu lífeyrissjóðanna um sjálfa sig og sitt brask í hrunadansinum, en hún kostaði ellilífeyrisþega 70 milljónir króna, og hefur sá kostnaðarsami kattarþvottur leitt til þess að þar eru flestir kappar jafn vígreifir og þeir voru áður, og valsa flestir enn, sjálfir eða handbendi þeirra, um með viðkvæmustu sjóði landsmanna.“

### Vegið að mörg hundruð manns

Með þessum orðum er vegið að mjög stórum hópi fólks sem verið hefur í forsvari fyrir íslensku lífeyrissjóðina á síðustu árum og áratugum, m.a. á meðan sjóðirnir voru í mestri mótun og uppbyggingu til farsældar fyrir landsmenn. Eignir lífeyrissjóðanna nema nú um 2.700 milljörðum króna. Þeir urðu fyrir tjóni í hruninu en hafa náð sér vel á strik.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem órökstudd umfjöllun af þessu tagi birtist í leiðurum eða nafnlausum greinum á ábyrgð ritstjórnar Morgunblaðsins. Um það hef ég fjallað áður, m.a. í inngangi bókar minnar HVAÐ SAGÐI ÉG?. Þar kemur fram á bls. 12:

„Það olli hins vegar vonbrigðum að sjá eftirfarandi í leiðara þess gamla og oft virðulega blaðs, Morgunblaðsins:

„Lífeyrissjóðirnir rannsökuðu sig sjálfir og eru mjög ánægðir með rannsóknina, enda er ekkert upplýst um hvernig helstu fjárglæframenn landsins náðu heljartökum á þessum sjóðum almennings.“

Mér er kunnugt um að mörgum forystumönnum lífeyrissjóðanna líkaði mjög illa að sitja undir þessum dylgjum í ritstjórnargrein Morgunblaðsins. Menn réðu ráðum sínum en ákváðu að láta þessu ósvarað enda varla á því plani að hægt væri að eiga við það.

Eitt og annað fór þó manna á milli í tölvupóstum um málið. Þar á meðal þetta:

„Djöfull þykir mér illt fyrir okkur að sitja undir svona skítkasti frá manni sem lánaði „fjárglæframönnunum“ í Kaupþingi 80 milljarða úr gjaldeyrisvarasjóði Seðlabankans einungis 48 klukkutímum áður en Kaupþing fór á hausinn. Og svo fór Seðlabankinn sjálfur á hausinn. Þarf lífeyrissjóðafólkið að sitja undir þessu?“

Því er haldið fram að seðlabanki geti tæknilega ekki orðið gjaldþrota vegna tengsla sinna við ríkissjóð. Þannig er hæpið að tala um að Seðlabanki Íslands hafi farið á hausinn. En víst er að á þessum tíma tapaði hann öllu eiginfé sínu. Þá er þetta bara spurning um að velja rétt orðalag til að lýsa ástandi hans þegar þarna var komið sögu.“

Lýkur þar tilvitnun í fyrrnefnda bók.

Á síðustu áratugum hefur verið mótuð stefna um starfsemi lífeyrissjóðanna sem enn er fylgt enda hefur hún reynst vel og lagt grunn að þessum mikilvæga sparnaði almennings í landinu. Rekstur lífeyrissjóðanna hefur verið árangursríkur og stenst allan samanburð við lífeyrissjóði víða um heim.

Vel er við hæfi að velta því fyrir sér hvaða fólk það er sem höfundur Reykjavíkurbréfsins sendir þessar köldu kveðjur og vænir m.a. um „brask“ og kostnaðarsaman „kattarþvott“ á stefnu og starfsemi lífeyrissjóðanna sem þeir eru sagðir „valsa“ enn þá með. Þar hlýtur að vera átt við þann stóra hóp sem kom við sögu þeirrar stefnumótunar sem einkennt hefur sjóðina síðustu 20 til 30 árin og bar ábyrgð á rekstri þeirra á þeim tíma og gegnum hrunið og eftir það.

### Gjafir eru yður gefnar

Athyglin hlýtur að beinast að stjórnarmönnum og stjórnendum lífeyrissjóðanna á þessu tímabili. Um mörg hundruð manns er að ræða en hér verða einungis nefnd NOKKUR DÆMI um fólk úr hópi okkar stjórnarmanna og framkvæmdastjóra íslenskra lífeyrissjóða sem gætu tekið til sín digurmæli Morgunblaðsins:

Arnar Sigurmundsson, Guðmundur H. Garðarsson, Víglundur Þorsteinsson, Halldór Björnsson, Ögmundur Jónasson, Magnús L. Sveinsson, Björn Þórhallsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Kristján Þór Júlíusson, Árni Stefán Jónsson, Gunnar Björnsson, Sigurður Bessason, Margrét Kristmannsdóttir, Hrund Rúdólfsdóttir, Friðrik J. Arngrímsson, Björn Snæbjörnsson, Guðlaug Kristjánsdóttir, Vilhjálmur Egilsson, Konráð Alfreðsson, Hjörleifur Kvaran, Elsa Friðfinnsdóttir, Þórarinn V. Þórarinsson, Heiðrún Jónsdóttir, Ágúst Torfi Hauksson, Sveinn Hannesson, Hrafn Magnússon, Brynjólfur Bjarnason, Andrés Magnússon, Kristján Jóhannsson, Maríanna Jónasdóttir, Stefanía Magnúsdóttir, Jón Kristjánsson, Árni Bjarnason, Bogi Þór Siguroddsson, Anna María Kristinsdóttir, Ari Edwald, Benedikt Vilhjálmsson, Þorbjörn Guðmundsson, Haraldur Ólason, Hjörtur Gíslason, Benedikt Kristjánsson og Eiríkur Jónsson. Og svo framkvæmdastjórarnir Haukur Hafsteinsson, Guðmundur Þórhallsson, Þorgeir Eyjólfsson, Árni Guðmundsson, Gunnar Baldvinsson, Kristján Sigurðsson, Kári Arnór Kárason, Friðbert Traustason, Gylfi Jónasson, Guðrún Guðmarsdóttir og Ólafur Sigurðsson.

Ég fullyrði að allt þetta fólk – ásamt öllum öðrum forsvarsmönnum íslenskra lífeyrissjóða – hefur lagt sig fram af fullum heilindum um að gæta hagsmuna lífeyrissjóðanna og sjóðsfélaga í hvívetna.


KATLA MANAGER SELECTION
Société d'Investissement à Capital Variable
14, boulevard Royal – L-2449 LUXEMBOURG
R.C.S. Luxembourg B 72.942
(the „SICAV“)

ANNUAL GENERAL MEETING OF SHAREHOLDERS

The Board of Directors is pleased to convene the shareholders of KATLA MANAGER SELECTION to attend the annual general meeting to be held at the registered office of the SICAV on 28 April 2014 at 11.00 a.m. with the following agenda:

1. Report of the Board of Directors and of the approved statutory auditor
2. Approval of the annual accounts as at 31 December 2013
3. Allocation of the results
4. Discharge to the directors
5. Renewal of the mandate of the approved statutory auditor
6. Statutory elections
7. Miscellaneous

The shareholders are advised that no quorum for the statutory general meeting is required and that decisions will be taken by simple majority of the votes cast. Proxies are available at the registered office of the SICAV. Shareholders, who wish to attend the annual general meeting, are requested to inform the Board of Directors (Fax nr: +352 49 924 2501 – ifs.fds@bdl.lu) at least five calendar days prior to the annual general meeting.




* Af langtímastæðum - tilboðið gildir til 21. apríl.

KEFLAVIK
INTERNATIONAL AIRPORT

# PÁSKAR



**Alexía Björg Jóhannesdóttir leikkona**

## Málað og farið í pottinn

Ég ætla að eyða hluta af páskunum á Kletti í Borgarfirði þar sem fjölskyldan á bústað. Þar verður unnið á fullu við að mála, sparsla og leggja lokahönd á gestahús við bústaðinn. Svo verður án efa borðað nóg af góðum mat og farið oft í pottinn, sem er gamalt fiskeldiskar. Á páskadag er svo alltaf ratleikur í skóginum í kringum Klett þar sem börnin leita að páskaeggjunum sínum.



**Elín Hirst alþingismaður**

## Sér skíðalöndin í hillingum

Ég ætla að nota páskana til að fara á skíði. Ég hef mikla ánægju af gönguskíðamennsku og sé Bláfjöll, Skálafell og Heiðmörk alveg í hillingum.



**Guðrún Dís Emilsdóttir dagskrárgerðarkona**

## Góðar stundir á Húsavík

Ég er á leiðinni til Húsavíkur þar sem ég ætla að njóta þess að vera í fríi með fjölskyldunni heima hjá tengdaforeldrum mínum.



**Eyþór Ingi söngvari**

## Glysrokk og páskaegg

Ég spila glysrokk um páskana, ásamt fríðu föruneyti, með Skonrokki í Hofi föstudaginn langa og Hörpu daginn eftir. Síðan er á áætlun að borða vel af páskaeggi á páskadag.

## EITTHVAÐ FYRIR ALLA



**Upplestur**

### Valdir sálmar

Agnes Sigurðardóttir, biskup Íslands, Kristbjörg Kjeld leikkona og Árni Harðarson skólastjóri eru á meðal lesara valinna passíusálma í Kópavogskirkju á morgun, föstudaginn langa á milli klukkan 13 og 16.

Lenka Mátéova, kantor Kópavogskirkju, leikur á orgel og leiðir áheyrendur í gegnum sálmalögin. Hún fær til liðs við sig kór Kópavogskirkju og Ólafíu Jensdóttur söngvara.



**Hugleiðsla**

### Góðgerðarjóga

Fjölskyldujóga verður í Hofi á Akureyri klukkan 14 á morgun, föstudaginn langa, og jóga, hugleiðsla og gongslökun klukkan 15.30. Nokkrir norðlenskir jógakennarar halda utan um stundina og leiða þátttakendur í að liðka líkamann, fara í leiki og slaka á í lokin.

Þetta er fyrsti góðgerðarviðburður styrktarfélagsins Jógahjartans.



**Útvarpið**

### Ragnheiður á Rás 1

Óperan Ragnheiður eftir Gunnar Þórðarson verður á dagskrá Rásar 1 í dag og hefst flutningurinn klukkan 15.

Þetta er hin magnaða ástar- og örlagasaga sem hefur verið á fjölum Íslensku óperunnar undanfarnar vikur með Þóru Einarsdóttur, Elmar Gilbertsson og Viðar Gunnarsson í aðalhlutverkum.



**Í TÝSGALLERÍI** „Það er alltaf eitthvað að gerast, eitthvað sem stangast á í grunninn," segir Heimir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vil helst að verkin veki sögur

**Myndlistarmaðurinn Heimir Björgúlfsson opnar tvær sýningar í höfuðborginni nú um páskahelgina. Aðra í Týsgalleríi á Týsgötu 3 síðdegis í dag. Hina á laugardagskvöldið í Kunstchlager á Rauðarárstíg 1.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Hráslaginn bítur inn að beini þar sem við Heimir Björgúlfsson myndlistarmaður stöndum fyrir utan Týsgallerí og bíðum eftir að opnað verði fyrir okkur. „Þetta er dálítið ólíkt því sem ég á að venjast," viðurkennir Heimir sem býr í Los Angeles, „ég var búinn að gleyma hvað veðurfarið breytist ört hér heima en í gær fékk ég sýnishorn af flestum tegundum."

Heimir er að opna tvær einkasýningar nú um helgina, í Týsgalleríi og Kunstchlager. Titlarnir eru stórir, Vænn skammtur af svívirðingum, það hálfa væri nóg og Þrjú tonn af sandi í tveimur hlutum. „Maður verður nú að hafa íslenskan brag á þessu. Hvort tveggja er línur úr textum og svo segi ég „það hálfa væri nóg" í tíma og ótíma," útskýrir listamaðurinn brosandi.

Skrá yfir sýningar Heimis er upp á nokkrar blaðsíður og verk hans eru víða. „Ég er alltaf að," viðurkennir hann. „Vinnan kemur samt dálítið í törnum þannig að sum tímabil er ég meira upptekinn en önnur og það getur orðið aðeins of mikið. En þetta er það sem ég vil gera og verð þá líka að sinna því. Sel vel? Já, en það er upp og niður líka. Þetta er eins og rússíbani."

Hann kveðst hafa lært í Amsterdam og búið þar eftir námið en farið í vinnustofuferð árið 2005 til Los Angeles. „Ég ætlaði bara að vera í þrjá mánuði en ílengdist, þannig að þar hef ég búið frá 2006 og á þar konu, mexíkósk/ameríska. Hún er ekki með mér núna en hefur komið hingað tvisvar. Við giftum okkur hér á landi."

Þegar við komum inn í galleríið fer Heimir að taka utan af verkunum sínum. Á sumum þeirra eru framandlegir fuglar. „Þegar ég var krakki ætlaði ég að verða fuglafræðingur. Var dálítið ruglaður með það," segir hann og sýnir fleiri myndir. „Ég er alltaf að leita að einhverju í umhverfinu sem vekur forvitni, að það veki sögur – eða möguleika á sögum. Umhverfið er auðvitað alltaf upplifun hvers og eins. Hér kemur svo titilverkið á sýningunni, Vænn skammtur af svívirðingum, það hálfa væri nóg!"

**Hvar?** Týsgallerí og Kunstschlager
**Hver?** Heimir Björgúlfsson
**Hvenær?** Klukkan 17.00 í dag og 20.00 á laugardag 19. apríl
**Hversu mikið?** Ókeypis

# Skemmtilegar staðreyndir um súkkulaði

**Þessa dagana leikur súkkulaði stórt hlutverk í mataræði landans.**

- Hvítt súkkulaði er tæknilega séð ekki súkkulaði því það inniheldur hvorki kakóbaunir né kakóvökva.
- Það þarf um 400 kakóbaunir til að búa til 450 grömm af súkkulaði.
- Sá sem fann upp súkkulaðibitakökuna seldi Nestlé réttinn með því skilyrði að hann fengi ársbirgðir af súkkulaði.
- M&M-nammið var búið til fyrst árið 1941 fyrir hermenn svo þeir gætu átt súkkulaði án þess að það bráðnaði.
- Á hverri sekúndu borða Bandaríkjamenn um 45 kíló af súkkulaði.
- Stærsta súkkulaðistykki í heimi vó um 5.792 kíló.
- Að borða dökkt súkkulaði á hverjum degi minnkar líkurnar á hjartasjúkdómum um þriðjung.



# GLEÐILEGA PÁSKA



Sófi 99.900.-

Púðar frá 1.990.-



Lampar 7.990.-






Skilti 3.590.-



Bakkar 2.990.-













Myndarammar
frá 790.-

## PÁSKAOPNUN

SKÍRDAGUR: 12.00–18.00
GLERÁRTORG 13.00–17.00

FÖSTUDAGURINN LANGI: LOKAÐ

LAUGARDAGUR: 10.00–18.00

PÁSKADAG: LOKAÐ

ANNAR Í PÁSKUM: 12.00–18.00
GLERÁRTORG 13.00–17.00

the PIER



Luktir 2 stærðir 4.990.- og 9.990.-

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

ANTON&BERGUR



**GERÐUR KRISTNÝ** „Ég hef sagt þessa sögu í Kólumbíu, Níkaragva, Indlandi og Bangladess og alls staðar hefur hún náð eyrum fólks.“ FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Yrkir glæpaljóð í Davíðshúsi

Það er varla á nokkurn hallað þótt fullyrt sé að **Gerður Kristný** sé vinsælasta ljóðskáld sinnar kynslóðar. Komið er út ljóðasafn með öllum ljóðabókum hennar, sem sumar hafa verið ófáanlegar um árabil, og í kanónukosningu Kiljunnar var hún eina núlifandi ljóðskáldið á topp tíu lista ljóðabóka. Nú brýtur hún blað í íslenskri ljóðagerð og skrifar ljóðabálk um glæpi.



**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is

Þegar leitað er eftir því að fá skáldkonuna í viðtal kemur í ljós að hún er stödd á Akureyri og verður þar næstu viku. Hvað er hún að gera þar? „Ég er að heilsa upp á Davíð Stefánsson. Ég fékk inni í fræðimannsíbúðinni í Davíðshúsi þar sem getur að líta ritsafn skáldsins uppi í hillu við hliðina á Jaws II, dálítið merkilegur bókakostur. Ég geri því skóna að þetta sé eintakið hans Davíðs og sömuleiðis flatskjárinn og þessar fínu fermingargræjur sem eru í sama herbergi.“ Tilgangur dvalarinnar er þó auðvitað sá að skrifa nýtt verk sem hún segist vonast til að komi út í haust og er virkilega forvitnilegt, hugsanlega hið fyrsta sinnar tegundar; ljóðabálkur um glæpi. Hvaðan kom sú hugmynd? „Ég skrifaði töluvert um glæpi þegar ég var ritstjóri Mannlífs og þessar sögur sem ég heyrði á þeim tíma hafa setið í mér. Mig langaði til að fjalla um þær í bálki. Þetta verður ákaflega dimmur Reykjavíkurbálkur um glæpi.“

### Vinsælasta skáldið

Spurð hvernig tilfinning það sé að vera komin í hóp þeirra útvöldu ljóðskálda sem fá útgefin heildarljóðasöfn dregur Gerður dálítið við sig svarið. „Mér finnst þetta óskaplega hátíðlegt, skemmtilegt og mikill heiður. Þarna gefst lesendum gott tækifæri til að sjá þróunina í ljóðunum mínum. Nokkrar bókanna voru uppseldar þannig að það var alveg kominn tími til að gefa þær út aftur.“

Gerður Kristný var ekki gömul þegar hún byrjaði að skrifa ljóð, var byrjuð að koma fram og lesa upp í menntaskóla og fyrsta bókin, Ísfrétt, kom út þegar hún var 24 ára gömul. Hvað vakti áhuga hennar á því að skrifa ljóð frekar en prósa? „Það sem heillaði mig við ljóðin var hvað þar er hægt að segja langa sögu í fáum orðum. Ég gleypti alltaf í mig ljóðin í Lesbók Morgunblaðsins þar sem bæði amatörar og bestu skáld þjóðarinnar birtu ljóð eftir sig. Það voru líka ljóð í helgarblaði Þjóðviljans sem ég klippti stundum út. Þegar áhuginn greip mig sá ég ljóð út um allt, las þau út úr veggjakroti jafnt sem auglýsingum. Ég varð bara heilluð. Á meðal skáldanna sem ég las sem unglingur voru Ísak Harðarson, Vilborg Dagbjartsdóttir, Linda Vilhjálmsdóttir og Bragi Ólafsson. Þótt ég sæi ekki fyrir mér að ég gæti nokkurn tíma lifað af því semja ljóð vissi ég að ég myndi alltaf yrkja.“

Aðalfag Gerðar Kristnýjar í háskóla var franska en hún tók almenna bókmenntafræði sem aukafag. Eftir BA-próf lá leiðin í hagnýta fjölmiðlun og starfsnámið tók hún meðal annars hjá danska ríkissjónvarpinu og dvaldi þá í þrjá og hálfan mánuð í Kaupmannahöfn. „Ég tók með Á Íslendingaslóðum í Kaupmannahöfn eftir Björn Th. Björnsson og Ljóðasafn Hannesar Sigfússonar og lá í því á milli þess sem ég orti ljóðin sem birtust í Ísfrétt árið 1994. Það var þó ekki fyrr en árið 2003, þegar ég dvaldi í Nice í Suður-Frakklandi í þriggja mánaða fríinu sem blaðamenn hafa rétt á, að ég tók þá ákvörðun að segja upp starfi mínu sem ritstjóri Mannlífs og gerast rithöfundur í fullu starfi. Hugmyndirnar hrúguðust að mér á meðan á fríinu stóð og ég varð að vinna úr þeim.“

### Blóðhófnir skipti sköpum

Sú ákvörðun hefur sannarlega borgað sig og ljóðabálkurinn Blóðhófnir, sem út kom árið 2010, er einhver vinsælasta ljóðabók fyrr og síðar. Hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin það ár, var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs, hefur verið þýdd á öll Norðurlandamálin og ensku og komst nú síðast í sviðsljósið í kanónukosningu Kiljunnar þar sem hún var í 38. sæti á listanum yfir öndvegisrit allra tíma, 7. sæti á ljóðabókalistanum, í 9. sæti á lista yfir bækur núlifandi höfunda og í 5. sæti á listanum yfir bækur eftir konur, auk þess sem Gerður er eina konan sem á bók á listanum yfir tuttugu bestu ljóðabækur Íslandssögunnar. Kann hún einhverja skýringu á þessum vinsældum Blóðhófnis?

„Það eru aðeins fjögur ár síðan bókin fékk Íslensku bókmenntaverðlaunin en þau hafa í raun fáar ljóðabækur fengið. Síðan nýtur bókin góðs af því að hafa verið kennd bæði í menntaskólum og í Háskólanum. Hún er enn í umræðunni því í síðustu viku sagði ég frá Blóðhófni í íslenskutíma í Háskólanum og var auk þess beðin um að lesa upp úr henni fyrir erlenda rithöfunda sem komu hingað til lands til að sækja ritlistarnámskeiðið „Iceland Writers Retreat“. Blóðhófnir er greinilega enn ofarlega í hugum fólks, sem ég er ákaflega þakklát fyrir.“

Blóðhófnir hefur ekki eingöngu fengið hljómgrunn á Íslandi því það er hann sem hefur borið höfund sinn á bókmenntahátíðir um víða veröld, eins og Gerður Kristný orðar það. „Goðsögnin um Gerði Gymisdóttur, Skírni og Frey er sígild saga um löngu fyrnt mansal sem teygir sig inn í okkar nútíma og virðist tala til fólks hvaðanæva að úr heiminum. Ég hef sagt þessa sögu í Kólumbíu, Níkaragva, Indlandi og Bangladess og alls staðar hefur hún náð eyrum fólks.“

### Hangir í Bloomsbury Hotel

Gerður Kristný er mikil baráttukona þegar kemur að bókmenntum kvenna og notar hvert tækifæri til að hampa þeim, enda segir hún að ef við hömpum ekki hver annarri munu aðrir ekki gera það. Skiptir einhverju máli fyrir lesandann hvort bók er eftir karl eða konu? „Konur hafa oft önnur yrkisefni en karlarnir og sum ljóða þeirra Vilborgar Dagbjartsdóttur og Ingibjargar Haraldsdóttur hefði enginn karlmaður getað ort, svo dæmi séu tekin. Þær voru mér mikilvægar fyrirmyndir, ég þurfti ekkert að láta það vefjast fyrir mér hvort ég gæti orðið ljóðskáld þótt ég væri kona því brautin hafði þegar verið rudd.“

Gerður hyggst nýta tímann í Davíðshúsi út í æsar því fram undan er mikil dagskrá. „Ég verð salíróleg hér á Akureyri í apríl en í maí held ég á ljóðahátíð í Cork á Írlandi. Síðan fæ ég að fara til Ísafjarðar en að því loknu verð ég send til Varsjár í Póllandi. Í maílok enda ég síðan í British Museum þar sem ég spretti af Blóðhófni enn og aftur. Nú stendur mikil víkingasýning yfir í safninu og eitt af framlögum Íslands til hennar eru bókmenntirnar sem við Emily Lethbridge, doktor í íslenskum miðaldabókmenntum og ferðagarpur, höfum verið beðnar að segja frá. Það finnst mér tilhlökkunarefni.“

Þátttakan í sýningunni á British Museum leiddi til þess að nú hangir virðulegt málverk af skáldinu á The Bloomsbury Hotel í London. „Félagsskapur í London, sem heitir Poet in the City og hefur að markmiði að útbreiða fagnaðarerindi ljóðsins, skipuleggur upplesturinn og þau ákváðu að láta mála portrett af ljóðskáldunum sem koma fram með þeim í ár. Ég var því send til London í janúar sl. til að sitja fyrir. Nú hangir portrettið mitt ásamt portrettum af hinum skáldunum á The Bloomsbury Hotel og fær örugglega margan gestinn til að klóra sér í höfðinu yfir því hvaða kona þetta sé.“

Það er hægt að segja að þú sért komin á toppinn 44 ára gömul, er það ekkert ógnvekjandi? Læðist ekki að þér ótti um að ná ekki að toppa þennan árangur? „Uss, nei, ég hugsa aldrei um það hvort mér takist að gera betur en áður, maður heldur bara dampi og hugsar um næstu bók.“

## VERK, VERÐLAUN OG VIÐURKENNINGAR

Auk ljóðabókanna hefur Gerður Kristný sent frá sér skáldsögur, smásögur, barnabækur, viðtalsbók og ferðasögu og hefur hlotið ýmsar viðurkenningar, þar á meðal Bókmenntaverðlaun Halldórs Laxness fyrir skáldsöguna Bátur með segli og allt, Bókaverðlaun barnanna 2003 fyrir söguna Marta smarta, Blaðamannaverðlaun Íslands 2005 fyrir bókina Myndin af pabba – Saga Thelmu, Vestnorrænu barna- og unglingabókaverðlaunin fyrir barnabókina Garðurinn og Íslensku bókmenntaverðlaunin 2010 fyrir ljóðabókina Blóðhófnir. Sú síðastnefnda var einnig tilnefnd af Íslands hálfu til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs árið 2011 og var eina ljóðabókin eftir núlifandi höfund sem komst á topp tíu lista yfir ljóðabækur í Kanónukosningu Kiljunnar fyrir skemmstu.

Í febrúar 2011 var frumsýnt í Þjóðleikhúsinu barnaleikritið Ballið á Bessastöðum, sem byggt er á bókum Gerðar Kristnýjar um prinsessuna og forsetann á Bessastöðum.



Vnr. 49620200-1
28" götureiðhjól, karla, 6 gíra með brettum og bögglabera eða 26" kvenhjól með körfu.
**29.995 kr.**




Vnr. 49620066-7
TRAIL BLASTER
24" reiðhjól.
**31.995 kr.**



Vnr. 92420202-3
Reiðhjólahjálmar, stærðir 52-58 cm.
**2.495 kr.**



Vnr. 41118027
Reiðhjólalás.
**385 kr.**

VERÐVERND BYKO
# LÆGRA VERÐ

# BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

**EINN KUBBUR DUGAR 2,5 KLST.**



**5 STK.**

Vnr. 42308344
Brennikubbar, 5 stk, 2,5 klst.
1 stk. 595 kr.
**1.995 kr.**



Vnr. 42373261
EFFEKT uppkveikju-kubbar, 100 stk.
**995 kr.**



Vnr. 0290003
Eldiviður, harð-viður með berki.
**1.895 kr.**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.



Vnr. 0291820/5/7
Barnahús, 2,56 m², 19 mm.
**99.995 kr.**

**STYRKINGAR OG FESTINGAR FYLGJA**



Vnr. 0291815/5/7
Bjálkahús, 4,6 m², 19 mm.
**149.995 kr.**



Vnr. 0291817/5/7
Bjálkahús, 7,6 m², 28 mm.
**229.995 kr.**

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

## Grænland BYKO BREIDD



**AFSKORIN BLÓM**

Vnr. 55092303
Rósir 10 stk.
**2.995 kr.**



Vnr. 55092302
Blönduð búnt.
**2.995 kr.**



Vnr. 55092304
Páskaliljur, 7 stk.
**1.295 kr.**



Vnr. 55092305
Páskagreinar.
**1.195 kr.**



Vnr. 55029093
Páskaliljur.
**415 kr.**



Vnr. 55092161
Chrysanthemum.
**695 kr.**



Vnr. 55092140/48-9
Orkídea eða hortensía.
**1.995 kr.**

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

facebook.com/BYKO.is

# GRÍSAKJÖT
# Á FRÁBÆRU VERÐI




**GRÍSABÓGUR**
579 kr/kg
verð áður 999




**GRÍSAHRYGGUR MEÐ PURU, ÚRBEINAÐUR**
1.279 kr/kg
verð áður 1.799







2.799kr/pk
verð áður 3.297

NÝTT!




NÝTT Í HAGKAUP

Hrista, hrista og úr verður mjólkurís, rjómaís eða bragðarefur á aðeins 2 mínútum



2.999kr/stk

**Ískrúsin**

HJÁ OKKUR FÆRÐU GOSIÐ KALT Í KÆLINUM!




**Coke í gleri**

NÝTT Í HAGKAUP




**Amino Energy**
Lemon lime

## GRILLKJÖTIÐ ER KOMIÐ Í HAGKAUP




TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

**CAJ P. FOLALDAVÖÐVI**
1.799 kr/kg
verð áður 2.398




TILBOÐ 30% afsláttur á kassa

**KALKÚNA GRILLSNEIÐAR**
1.469 kr/kg
verð áður 2.099




TILBOÐ 15% afsláttur á kassa

**LAMBATVÍRIFJUR KRYDDLEGNAR**
2.881 kr/kg
verð áður 3.389

Gildir til 21. apríl á meðan birgðir endast.

# ALLT Í
# PÁSKAMATINN

HAGKAUP
SMJÖRSPRAUTAÐ
**KALKÚNASKIP**
HAGKAUP MÆLIR MEÐ

ÞETTA EINA SANNA!



HAGKAUP
MERKIÐ
TRYGGIR
**GÆÐIN**

Undanfarin 13 ár hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári.
Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.

HAGKAUPS
SMJÖRSPRAUTAÐ
KALKÚNASKIP
3.298 kr/kg



HAGKAUP
MERKIÐ
TRYGGIR
**GÆÐIN**

FYLLT MEÐ FRÖNSKUM CAMEMBERT

NÝTT!

HAGKAUP
**FYLLT HÁTÍÐALÆRI**
MEÐ FRÖNSKUM CAMEMBERT
HAGKAUP MÆLIR MEÐ

HAGKAUPS
FYLLT
HÁTÍÐALÆRI
3.298 kr/kg

Lærin eru úrbeinuð og fást með 3 tegundum af fyllingum:

- Döðlur og gráðaostur
- Fíkjur, engifer og kanill
- Franskur Camembert



**Þarf ekki að sjóða! Aðeins 90 mín. í ofni!**

HAGKAUP
**HAMBORGAR-HRYGGUR**
SÉRVALINN ÚR HÁGÆÐA HRÁEFNI
SALT MINNI

SÉRVALINN AF FAGMÖNNUM ÚR HÁGÆÐA HRÁEFNI!

SALT MINNI

HAGKAUP
MERKIÐ
TRYGGIR
**GÆÐIN**

HAGKAUPS
HAMBORGAR-
HRYGGUR
1.799 kr/kg
verð áður 1.999

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# NOKKRAR STAÐREYNDIR UM TORVEG

### Hönnunarferlið

Ísar TorVeg er hannaður og álagsgreindur í sérhæfðu verkfræðiforriti af litlum hópi innlendra fagmanna. Um útlit sér sérmenntaður bílahönnuður. Öll verk frá hönnun til frágangs fyrir afhendingu eru unnin af klasa samstarfsfyrirtækja. Smíði hvers bíls fer því fram á mörgum stöðum í einu.

### Helstu markaðir

Helstu markaðir til að byrja með eru íslensk ferðaþjónustufyrirtæki og björgunarsveitir. Áætlanir gera ráð fyrir sölu á nokkrum tugum bíla á innanlandsmarkaði á næstu árum. Ísar TorVeg er gerður eftir gildandi Evrópureglum og á því að vera gjaldgengur í sölu um heim allan.

### Um Ísar

Ísar er vörumerki þekkingarfyrirtækisins Jaka sem nýtir íslenskt hugvit og reynslu til framleiðslu umhverfisvænna farþegabifreiða til atvinnunota. Fyrsti bíllinn sem var framleiddur samkvæmt hugmyndafræðinni var forveri TorVeg, hópbíllinn AlVeg. Hann hefur verið í notkun í íslenskri ferðaþjónustu frá 2007.






# Meðfædd grúskárátta lagði grunninn að nýjum torfærubílum

**Nýir íslenskir torfærubílar sem þrjú ferðaþjónustufyrirtæki hafa keypt eru hugarfóstur Ara Arnórssonar. Hann er mikill grúskari og alla sína ævi hefur hann langað að bæta þá tækni sem er í kringum sig. Framleiðsla bílanna fer fram á Íslandi.**



Freyr Bjarnason
freyr@frettabladid.is

Fyrirtækið Ísar hefur undirritað sölusamning á þremur sérhæfðum íslenskum torfærubílum, Ísar TorVeg, sem eru sérstaklega hannaðir fyrir íslenska ferðaþjónustu og björgunarsveitir.

Kaupendur eru íslensku fyrirtækin Mountain Taxi, Fjallajeppar og Orca en samningurinn var undirritaður í gær þar sem Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, var viðstödd.

Bílarnir eru hugarfóstur Ara Arnórssonar, sem hefur starfað lengi sem leiðsögumaður. „Þetta er líklega í fyrsta sinn sem svona samningur er gerður því þetta er íslensk hönnun og íslensk framleiðsla. Bílarnir eru ætlaðir til fjöldaframleiðslu, til að uppfylla þær þarfir sem eru fyrir hendi bæði í ferðaþjónustu og björgunarstarfi, fyrst hérlendis og síðan um heim allan,“ segir Ari, sem kveðst engu að síður ekki ætla að leggja heiminn undir sig. „Nei, heimurinn er með mörgum herbergjum. Það eina sem við þurfum er pínu, pínu, pínulítið brot. Þá erum við í góðum málum.“

Hann segist hafa unnið að gerð bílanna í tuttugu ár og tími hafi verið kominn á samning sem þennan. Vinnan hafi verið gríðarleg. „Frá minni hendi vitanlega en líka mikil vinna frá þeim sem kunna það sem ég kann ekki.“

### Sum farartæki þola ekki vonda vegi

Það var meðfædd grúskárátta Ara lagði grunninn að TorVeg-bílunum. „Ég hef aldrei verið sáttur við neitt í kringum mig sem er tæknilegs eðlis, ég hef alltaf viljað reyna að bæta það. Sum farartæki sem við höfum í ferðaþjónustu í dag þola ekki vonda vegi. Þau geta farið illa með sína farþega og þurfa stundum að aka mjög hægt. Svo er það hávaðinn og þrýstingurinn, sem getur valdið óþægindum,“ segir Ari. „Ég fór að teikna og fá menn til að gera þetta með mér en þeir voru uppteknir við sitt. Á endanum þurfti ég annaðhvort að steinhalda kjafti eða gera eitthvað í málunum. Ég gerði það 2006 þegar ég lét smíða frumgerð að frekar frumlegum hópbíl sem er búinn að reynast frábærlega í sjö ár.“

Hann segir nauðsynlegt að ná kostnaðinum niður við vandaða ferðaþjónustu. „Ísland hentar ekki undir massatúrisma heldur frekar undir gæðaþjónustu. Mitt framlag er að gera rekstraraðilum kleift að bjóða upp á góða, vandaða og eftirsótta þjónustu með minni umhverfisáhrifum og lægri tilkostnaði þannig að það gæti orðið meiri arður af starfseminni. Tilkostnaðurinn við þessa gömlu jeppa sem við erum að nota í dag er alltof hár, bæði í eldsneytis- og viðgerðarkostnaði,“ segir hann en TorVeg-bílarnir ganga fyrir innlendu eldsneyti að hluta til.

Frumgerð bílanna verður framleidd á þessu ári og þrír nýir bílar verða svo afhentir á því næsta. „Við framleiðum síðan upp í allar pantanir,“ segir Ari og vonast til að heildarsala hér á landi fari í þriggja stafa tölu eftir fimm til tíu ár. „Ef við kíkjum á björgunarsveitirnar þá eiga þær 170 jeppa. Þær hafa endurnýjað fimm frá hruni, ekki vegna peningaskorts, heldur vegna þess að þær finna ekki hentug tæki til að kaupa. Nú vonum við að þau séu komin.“



**ARI ARNÓRSSON** Segir nauðsynlegt að ná niður kostnaðinum við vandaða ferðaþjónustu á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



## ENGLAR Í LONDON

**Victoria's Secret-tískusýningin hefur verið haldin víða um heim. Í ár er komið að London. Sýningin verður sú stærsta hingað til en búist er við þrjú þúsund áhorfendum.**


TÆKIFÆRISGJAFIR
TILBOÐ
Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990
Tékk Kristall
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

AYURVEDA FYRIR ÍSLAND
5 daga þjálfun í ayurvedísku fræðunum með David Crow





**Dagsetning:** 23. – 27. apríl 2014
**Staðsetning:** Rósin – Bolholti 4
**Verð:** 30.000,- fyrir alla dagana og 7.000,- fyrir stakan dag

**DAY 1:** Peaceful Mind: Reducing Stress and Eliminating Anxiety
**DAY 2:** Feast of Nectars: Rejuvenation From Fatigue, Depression and Low Immunity
**DAY 3:** Inner Fire: Increasing the Power Of Digestion and Nutritional Health
**DAY 4:** Secrets of the Moon: Ayurveda For Women's Health
**DAY 5:** Ayurveda and Spirit: Meditations On The Energies of the Body and Nature

Upplýsingar á facebook: Ayurveda námskeið með David Crow
Skráning: asta@organicnorth.is og 899 2239
Námskeiðið fer fram á ensku

Stjórnar át og þyngdarvandi lífi þínu?
Nýtt líf:
5 vikna námskeið fyrir byrjendur hefst 06.05.14.
Fráhald í forgang:
Framhaldshópar hefjast 28.04 og 05.05.14.
MFM MIÐSTÖÐIN
Meðferða og fræðslumiðstöð
vegna matarfíknar og átraskana
Hlíðasmári 10, 201, Kópavogi Sími 568 3868





Esther H. Guðmundsdóttir
MSc.
matarfikn@mfm.is
www.matarfikn.is


# LAUS VIÐ VERKI VEGNA GRINDARGLIÐNUNAR

**GENGUR VEL KYNNIR** *Nutrilenk Gold hefur hjálpað fjölmörgum Íslendingum sem þjást af verkjum og stirðleika í liðum. Það hjálpar til við uppbyggingu brjósks og getur komið í veg fyrir frekari liðskemmdir.*

Nancy Georgsdóttir er 46 ára, þriggja barna móðir. Hún hefur verið með stöðuga verki vegna grindargliðnunar um árabil.

„Þegar ég var tvítug eignaðist ég mitt fyrsta barn. Á svipuðum tíma var ég greind með vefjagigt og grindargliðnun sem versnaði með hverju barni. Síðasta barnið átti ég þegar ég var 32 ára en þá var ég búin að ganga á milli lækna og reyna ýmislegt til að bæta ástandið. Meðal annars fór ég í nálastungur, verkja- og sterasprautur og reyndi ýmis verkjalyf sem sum voru ávanabindandi og mér fannst sljóvga mig frekar en að draga úr verkjunum. Ég var því orðin bæði þreytt á stöðugum verkjum og endalausum verkjalyfjum."

### BATI EFTIR AÐEINS SEX DAGA

„Svo vel vildi til að maðurinn minn las grein um Nutrilenk Gold í tímariti og hvatti mig til þess að prófa. Ég hugsaði með mér að það gæti svo sem ekki skaðað og byrjaði á að taka tvær á morgnanna. Ég hefði aldrei trúað því að batinn yrði svona mikill eftir aðeins sex daga. Ég var farin að geta klætt mig í sokka án þess að styðja mig, gat staðið upp úr rúminu án þess að þurfa að velta mér út úr því og ganga fyrstu skrefin á morgnana án þess að vagga og reyna að fá einhverja mýkt í mjaðmirnar. Mér finnst ég hafa öðlast frelsi því ég var laus við verkina. Nú orðið þori ég ekki fyrir mitt litla líf að sleppa því að taka Nutrilenk Gold. Þetta er ekki spurning um verð því það sem ég græði á þessu er miklu verðmætara en peningar."







**GÓÐUR BATI**
Nancy segist finna mikinn mun á sér eftir að hún byrjaði að taka inn Nutrilenk.

### HVAR FÆST

Útsölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana. Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is.


Fermingartilboð
Svæðisskipt heilsudýna VALHÖLL (eldri gerð)
5 svæðaskipt pokagormakerfi, gæðabólstrun.
Verð með PU-leðurbotni og fótum.
120x200 cm Tilboðsverð kr. 69.900.-
140x200 cm Tilboðsverð kr. 79.900.-
Ath. takmarkað magn
GJÖF FYLGIR
Vandyck sængurverasett að eigin vali fylgir öllum fermingarrúmum í ár
GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
*3.5% lántökugjald
Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
Vandyck sængurverasett
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum




www.fi.is

# Bakskóli Ferðafélags Íslands

Ferðafélag Íslands stendur fyrir Bakskóla með léttum gönguferðum sem hefjast 6. maí.

Léttar gönguferðir með styrkjandi stöðuæfingum 3 í viku auk heimaverkefna og þegar líður á verkefnið verður farið í léttar fjallgöngur.

Bak- og hnémeiðsli eru hvimleiðir kvillar sem hrjáir stóran hóp fólks.

Gönguferðir og styrkjandi æfingar geta í mörgum tilfellum gert gæfumuninn og komið fólki á beinu brautina á ný.

Umsjónarmenn með gönguferðum í Bakskólanum eru íþróttakennarar og sjúkraþjálfarar.

Sérstakur kynningarfundur fyrir bakskóla FÍ verður haldinn þriðjudaginn **30. apríl** kl. 20 í sal FÍ Mörkinni.

***Ekki vera í baklás***
***Skráðu þig inn – drífðu þig út***

**Sjá nánar á www.fi.is**

**Nánari upplýsingar og skráning er í síma 568 2533 eða í netpóst fi@fi.is**



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS
Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | S: 568 2533 | www.fi.is





**SÖNGFUGL** Sara Pétursdóttir fangaði hjörtu áheyrenda þegar hún sigraði Söngvakeppni framhaldsskólanna með undurfallegri ballöðu Bobs Dylan, To make you feel my love. MYND/VALLI

# ER BARA ÉG SJÁLF

**TÍSKUDÍVA** *Sara Pétursdóttir kom, sá og sigraði Söngkeppni framhaldsskólanna. Hún lærir hárgreiðslu í Tækniskólanum og hefur einstakan stíl.*

**Hvenær kviknaði tískuáhuginn?** Ég byrjaði fyrir alvöru að spá í tísku þegar ég varð sextán ára; í upphafi menntaskólaáranna.

**Hvernig myndirðu lýsa eigin stíl?** Ég hef minn eigin stíl og hef að markmiði að líta ekki út eins og allir aðrir.

**Hvaðan hefurðu tískuvitið?** Ég er dugleg að skoða tískublöð og nota Pinterest mikið.

**Áttu þér uppáhaldstískuverslanir?** Já, Topshop og Spútnik eru í mestu dálæti.

**Eyðir þú miklu í fatakaup?** Já, ég eyði eiginlega mestu eingöngu í föt.

**Hver er þinn helsti veikleiki þegar kemur að tísku?** Ég er svo óeðlilega lappalöng að það er varla mögulegt að finna á mig nógu síðar gallabuxur.

**Hvað yrði fyrir valinu ef þú mættir kaupa þér eina nýja flík í dag?** Fallegur kjóll úr Spútnik.

**Hvaða litur klæðir þig best?** Ég hugsa að dökkgrænn fari mér best.

**Áttu þér uppáhaldsflík?** Já, ég held mikið upp á gamlan jakka frá ömmu.

**Hverju klæðistu við sparileg tilefni?** Þá fer ég í fallegan kjól eða sæta skyrtu.

**Ertu hrifin af skartgripum?** Mér þykir óþolandi að vera með armbönd en í lagi að vera með hringi. Hálsmen eru hins vegar ómissandi og helst vil ég hafa þau í stærri kantinum.

**Hvaða ilmvatn notar þú?** Ég nota aðallega ilmvötn frá Beyoncé og þykir þau langbest.

**Hvaða einn hlutur er ómissandi í snyrtibuddunni?** Varalitur. Ég get ekki án hans verið.

**Hvað er það besta við sumartískuna?** Frelsið til að leika sér með litasamsetningar og skærir litir sem gera allt svo sumarlegt.

**Áttu þér tískufyrirmynd?** Nei. Ég er bara ég sjálf. Tíska fyrir mér er föt sem mér sjálfri þykja flott; burtséð frá því hvað öðrum finnst.

**Hvaða söngkona á heimsvísu er best klædd að þínum dómi?** Breska söngkonan Adele. Hún reynir hvorki að sýna neitt né vera önnur en hún er. Adele er einfaldlega algjört æði og í fáránlega flottum fötum.

**Hvers vegna ákvaðstu að læra hárgreiðslu?** Ég hef lengi haft gaman af því að fikta í hári og langaði að prófa að nota listræna hæfileika mína í einhverju öðru en söng, teikningum og dansi.

**Lumarðu á góðu fegrunarráði fyrir hárið?** Mikilvægast er að halda hárinu heilbrigðu og sem mest náttúrulegu. Hár er alltaf langfallegast eins og það er.

**Kjóll eða buxur?** Buxur. Þær eru einfaldlega þægilegastar.

**Einlitt eða munstrað?** Einlitt. Munstrað getur orðið of mikið þótt það sé líka stundum flott.

**Háir hælar eða flatbotna skór?** Flatbotna. Þeir fara betur með fæturna og tryggja þeim meiri vellíðan.



ADELE

thordis@365.is

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**


Þú gengur að gæðunum vísum
Del Monte Quality
Hollar og næringaríkar baunir fyrir þá sem huga að heilsunni.
Del Monte baunirnar eru ræktaðar á Ítalíu
Niðursoðnir ávextir eru ómissandi í forréttinn, aðalréttinn, eftirréttinn og baksturinn.



**VERSACE** Guli kjóllinn frá Atelier Versace vakti verðskuldaða athygli á frumsýningu Spiderman í London. Um hálsinn ber hún gullhálsmen frá David Webb.



**DRAGT** Dragtir þykja sjaldan glæsilegar, nema helst þessi frá Saint Laurent sem Emma klæddist í London. Dragtin minnir á jakkaföt úr eigu Karls Bretaprins en samt er eitthvað heillandi við hana.



**SYDNEY** Emma þótti smart til fara í Ástralíu en þangað fór hún til að kynna nýjustu mynd sína The Amazing Spiderman 2: Rise of Electro. NORDICPHOTOS/GETTY

# STÆLLEG STJARNA

**TÍSKA** *Emma Stone hefur vaxið og dafnað sem leikkona. Hún hefur þróast úr stelpulega grallaranum yfir í glæsilega stórstjörnu. Það sést bæði á hlutverkavalinu og klæðnaðinum. Hún ferðast nú um og kynnir nýjustu mynd sína.*

Þessi 23 ára leikkona á langan feril að baki. Fyrsta kvikmyndahlutverkið var í Superbad árið 2007 en síðan þá hefur hún leikið í myndum á borð vð The House Bunny, Ghosts of Girlfriends Past, Zombieland, Paper Man, Easy A og Crazy, Stupid, Love. Langflestir þekkja hana þó úr gæðamyndinni The Help.

Um þessar mundir ferðast Stone um heiminn og kynnir nýjustu mynd sína, The Amazing Spiderman 2: Rise of Electro. Hún vekur hvarvetna athygli fyrir framkomu og fallegan og þroskaðan klæðaburð. Á myndunum sem hér fylgja gefur að líta nokkrar flíkur sem hún hefur skartað á ferðalagi sínu.



**SINGAPÚR** Þegar Emma hitti aðdáendur Köngulóarmannsins í Singapúr klæddist hún fallegum fjólubláum kjól frá Christian Dior og við hann var hún í Iriza-skóm frá Christian Louboutin.



**PLEÐUR** Emma Stone tók áhættu með því að klæðast þessum gervileðurkjól frá Lanvin á frumsýningu The Amazing Spider-Man 2 í París á dögunum. Tískuspekúlantar segja áhættuna hafa borgað sig og telja henni einnig til tekna að sleppa öllu skarti.




Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT



HITA KÚTAR

Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI

SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

HEILSUSETUR ÞÓRGUNNU

Netfang: thorgunna.thorarinsdottir@gmail.com

Viðurkenndur sérmenntaður kennari með 20 ára reynslu

NÁM Í SVÆÐA- OG VIÐBRAGÐSSKÓLA ÞÓRGUNNU

Fornám fyrir haustönn byrjar þriðjudaginn 6. maí n.k. Kennsla eitt kvöld í viku frá kl. 18.00 - 21.00 út maí mánuð.

Nám sem gerir þér kleift að vinna sjálfstætt. Persónulegur og notalegur skóli með aðeins 6 nemendum í hóp. Nám sem ég hef verið með síðan 1992. Það er viðurkennt af m.a. af SMFÍ og BIG -Bandalagi íslenskra Græðara og niðurgreitt af stéttarfélögum.

Upplýsingar í síma 896-9653 og á www.heilsusetur.is.

Heilsusetur Þórgunnu

552 1850 / 896 9653 · www.heilsusetur.is

HÆTTU Í MEGRUN

VERTU FIT



FIT kjúklinga-salat 1.790 KR

FIT kjúklinga-spjót 1.790 KR

FIT réttirnir eru hannaðir með Alexöndru Sif, þjálfara hjá "Betri Árangur" sem hjálpað hefur fjölda kvenna að komast í sitt besta form. Þar er lögð áhersla á hreinan mat; próteinríkan og fitusnauðan.

Culiacan MEXICAN GRILL

Suðurlandsbraut 4 533 1033 www.culiacan.is



# Lífið

FÖSTUDAGUR
17. APRÍL 2014

*Sigrún Guðmundsdóttir í Leipzig*
**VINTAGE-FLÍKUR ERU MJÖG VINSÆLAR 2**

*Rakel Hlín Bergsdóttir eigandi Snúrunnar*
**FALLEGAR HÖNNUNARVÖRUR FRÁ SKANDINAVÍU 4**

*Guðrún Ólöf Gunnarsdóttir bloggari*
**LÍFSSTÍLL OG PRJÓNAMENNSKA Í FYRIRRÚMI 8**

*Hafdís Huld Þrastardóttir*

## MAÐUR VERÐUR ALGJÖR POLLÝANNA AF SVONA REYNSLU

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

# HVER ER?



**Nafn**
**Þráinn Kolbeinsson.**

**Aldur?**
25 ára.

**Starf?**
Þjálfari í Mjölni.

**Maki?**
Berglind Anna.

**Stjörnumerki?**
Vog.

**Hvað fékkstu þér í morgunmat?**
Spæld egg og epli með hnetusmjöri.

**Uppáhaldsstaður?**
Akrar á Mýrum.

**Hreyfing?**
Glíma.

**Uppáhaldsbíómynd?**
Intouchables.

**Uppáhaldssystir?**
Rakel.

# HVERJIR HVAR?

Leikverkið Dagbók jazzsöngvarans var frumsýnt í Borgarleikhúsinu um síðastliðna helgi. Fjölmennt var á sýninguna sem er sett upp af Common Nonsense í samstarfi við Borgarleikhúsið en sagan fjallar um ástina, þakklæti, missi og vináttu. Meðal gesta voru meðal annars **frú**



**Vigdís Finnbogadóttir**, fyrrverandi forseti Íslands, **Magnús Geir Þórðarson**, útvarpsstjóri og fyrrverandi leikhússtjóri Borgarleikhússins. Einnig var bókmenntafræðingurinn Silja Aðalsteinsdóttir á svæðinu.





# TÍSKA VINTAGE-DRAUMURINN

*Sigrún Guðmundsdóttir rekur netverslunina kizu.is frá Leipzig í Þýskalandi.*



Sigrún Guðmundsdóttir

„Maður á að framkvæma hugmyndir sínar og mig hafði lengi langað að opna verslun. Það hefur komið mér mikið á óvart hversu góðar viðtökurnar hafa verið því ég vissi eiginlega ekki hvað ég var að fara út í,“ segir hin 26 ára Sigrún Guðmundsdóttir, sem opnaði netverslunina **Kizu.is** í síðasta mánuði. Sigrún heldur úti bloggi og rekur verslun sína frá Leipzig í Þýskalandi þar sem hún hefur búið undanfarið ár með Árna Má Erlingssyni, kærasta sínum. Þangað fluttu þau til að sækja nýjar upplifanir og sinna myndlistar- og tónlistarhátíðinni Festisvall, sem Árni stofnaði.

Kizu.is selur sérvaldar „vintage“-flíkur sem Sigrún finnur víðs vegar á mörkuðum um borgina og segir hún að það krefjist mikillar þolinmæði. Sigrún fór á námskeið í rekstri

*Kizu.is býður fría heimsendingu sé pantað fyrir 100 evrur eða meira.*

og fjármálum í Opna háskólanum síðastliðið haust og telur það hafa verið góðan undirbúning í öllu ferlinu. „Að hafa lært samningatækni, bókhald og verkefnastjórnum var mér góð reynsla og þótti mér mikilvægt að fylgja ákveðinni uppskrift í þessum rekstri þrátt fyrir að verslunin sé lítil eins og er.“ Sigrún stefnir á að bæta skóm og fylgihlutum í verslunina en eins og er nýtur hún þess að selja og dytta að flíkum sem allar hafa sína eigin sögu.






Sara María Júlíusdóttir hefur verið að þrykkja flíkur og heimilismuni í fjöldamörg ár.

# HÖNNUN ÞRYKKNÁMSKEIÐ FORYNJU ER FYRIR ALLA

*Sara María Júlíusdóttir kennir áhugasömum þrykktækni.*

„Ég er búin að halda fjögur námskeið síðan í janúar og það hafa verið mjög góð viðbrögð. Fólk er að læra að búa til munstur, þrykkja og prenta á hvað sem er,“ segir Sara María Júlíusdóttir, sem hefur sérhæft sig í þrykktækni. Sara María hefur ætíð haft þörf fyrir að vinna með höndunum og hefur hannað munstur og flíkur undir merkinu Forynja frá árinu 2005. Nú miðlar hún reynslu sinni og heldur námskeið fyrir áhugasama. „Heima hjá mér eru prentuð rúmföt, handklæði, púðar og flíkur. Þetta er bara tjáningarform með litum og ég hjálpa fólki að útfæra hugmyndir sínar svo það verði ánægt. Fólk hefur að sjálfsögðu mismunandi áherslur og ég elska bara að silkiprenta á hluti, sama hvað það er.“

Námskeiðin eru opin fólki á öllum aldri og hægt er að skrá sig í gegnum Facebook-síðuna, Forynja.

**Lífið**
www.visir.is/lifid
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Ritstjórnarfulltrúi **Álfrún Pálsdóttir** alfrun@frettabladid.is
Umsjón **Marín Manda Magnúsdóttir** marin@365.is • Auglýsingar **Atli Bergmann** atlib@365.is
Hönnun **Silja Ástþórsdóttir** siljaa@frettabladid.is • Forsíðumynd **Valgarður Gíslason**



Jazz - Sófi 228 cm kr. 208.800
Jamaica - Sófi 230 cm kr. 229.900
Avignon - Sófi 208 cm kr. 189.900
Edge - 200x280 kr. 253.000
Leon - Sófi 245x153 kr. 262.200
Avignon - 237x258 kr. 366.400
Retro - Sófi 170 cm kr. 169.900
Vintage leður
Glasgow - Sófi 166 cm kr. 299.800
Avignon - Sófi 208 cm kr. 308.600
Turtle hægindastóll kr. 239.000
Yumi - Smáborð
2 saman í setti
50 / 40 cm
kr. 28.700
Yumi - Sófaborð 130x65 kr. 55.800
Daphne armstóll kr. 99.400
Betina - Skenkur
kr. 151.700
Geymslubox
kr. 3.600 / 4.200
Pillar loftljós
kr. 21.900
Timeout Stóll + Skemill kr. 353.000
SVEFNSÓFAR
Unfurl Deluxe - Svefnsófi 120x200 kr. 129.900
Recast - Svefnsófi 140x200 kr. 129.900
40%
Afsláttur
nú kr. 89.000
örfá stk. til
Clubber - Svefnsófi 115x210 kr. ~~148.700~~
LÍNAN
BÆJARLIND 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARD. 11 - 16

# HAFDÍS HULD

## NÁUNGAKÆRLEIKUR KOSTAR EKKI NEITT

***Hafdís Huld Þrastardóttir tónlistarkona hefur ekki látið mikið á sér bera í tónlistinni eftir að hún varð móðir en ákvað að koma fram fyrir skömmu og segja frá erfiðri reynslu þegar hún varð fyrir hrottalegu neteinelti. Lífið ræddi við Hafdísi Huld um móðurhlutverkið, nýju plötuna og hugrekkið sem þarf til þess að opna munninn og segja frá.***

Hafdís Huld Þrastardóttir tónlistarkona varð móðir fyrir tæplega tveimur árum þegar dóttirin Arabella fæddist á sjálfan lýðveldisdaginn. Hún hafði hugsað sér að taka sér hálfs árs frí frá tónlistarferlinum og njóta þess að eiga gæðastundir með dótturinni og unnustanum í bleika húsinu þeirra í Mosfellsdalnum. Plönunum um að ferðast um heiminn með barnið og sinna ferlinum var hins vegar frestað örlítið lengur en áætlað var. Dóttirin reyndist óvenju óvær og grét linnulaust upp undir 18 tíma á dag í rúmlega ár. Til þess að geta sinnt móðurhlutverkinu heils hugar tók Hafdís Huld þá ákvörðun að fresta útgáfu sinnar þriðju plötu og öllu tónleikahaldi um eitt og hálft ár. Nú er öllu léttara yfir þeim mæðgum og ekki er að sjá að Hafdís Huld hafi sofið lítið síðan hún varð móðir. Fram undan er tónleikaferðalag til Bretlands með litlu fjölskylduna að kynna nýju plötuna sem loksins kemur á heimsmarkað í næsta mánuði og heitir Home.

„Plötufyrirtækin hefðu getað hent mér og mínum samningum í sjóinn því að þessi plata átti að koma út í febrúar árið 2013 en kemur út núna 5. maí 2014, sem er auðvitað ansi mikil frestun. Það getur enginn útskýrt það fyrir manni hvernig það er að verða foreldri, allt í einu verður svo auðvelt að forgangsraða. Fyrst þegar ég stóð frammi fyrir því að fresta plötunni um ár var mér mjög umhugað um að allir væru sáttir, bæði breska og bandaríska plötufyrirtækið. En svo þegar Arabella var svona mikið veik þá breyttust allar áherslur og ég var farin að hugsa að ef ég gæti ekki gert tónlist aftur þá skipti það ekki öllu máli. Auðvitað væri það leiðinlegt en í stóra samhenginu er þetta ekkert val, ef hún þarf á mér að halda þá er það bara þannig. Ég fékk reglulega gylliboð frá umboðsmanninum mínum og þegar hún var átta mánaða var mér til dæmis boðið að koma til Indlands að taka upp myndband en nei, ég hélt nú ekki, ég ætlaði að vera hér og skipta um þessa bleyju," segir hún hlæjandi.

### *Breyttist þegar hún varð mamma*

„Ég sagði alltaf ég myndi ekki eignast barn fyrr en ég væri tilbúin að breyta öllu í lífi mínu til að sinna barninu og í dag er ég mjög þakklát fyrir að ég skuli hafa beðið með barneignir þangað til ferillinn var kominn á gott ról. Það var ákveðið öryggi í því að vera komin með útgáfusamning, umboðsmann og höfundarréttarfyrirtæki þegar þessar aðstæður komu upp."

*En hefur áherslan í tónlistinni breyst einnig á þessu tímabili?* „Já, hún hefur gert það, ég hef bara breyst sjálf heilmikið. Nýja platan hefur annan tón því líf mitt er allt öðruvísi í dag. Ég fékk mér bara hænur og hesta og fór að huga að lífrænu eggjunum mínum og var heima að baka. Áður fyrr var svo mikill hraði og ég var á stöðugum ferðalögum en þegar þú átt barn sem grætur allt að 18 tímum á sólahring slakar þú auðvitað á kröfunum og metur þann litla svefn sem þú færð. Ég hef komið fram á tvennum tónleikum erlendis eftir að ég eignaðist Arabellu. Í sándtékkinu reif hún stöðugt í hárið á mér þar sem hún hékk á bakinu á mér í magapoka," segir Hafdís Huld og skellihlær. „Þá var allur glamúrinn gjörsamlega farinn sem gerir mann líka að einlægari listamanni þegar að það er enginn frontur lengur. Ég var bara heppin að hafa verið með maskara á báðum augunum áður en tónleikarnir byrjuðu."

### *Pollýanna aldrei langt undan*

Talið berst að fæðingarorlofi kvenna, fullkomnunaráráttu og samfélagsþrýstingi.

„Það virðist margir að halda að þú sem kona sért bara á kaffihúsum allt fæðingarorlofið. Þegar Arabella var sex mánaða hafði ég ekkert farið með hana annað en til læknis eða til mömmu. Þú ferð ekki með barn, sem grætur út í eitt, í heimsókn. Fólki líður ekkert vel að fá svoleiðis heimsókn. Við fórum með hana í allar rannsóknir en það fékkst engin niðurstaða. Hún var bara eitt af þessum börnum sem gráta. Við áttum bara að komast yfir fyrstu þrír mánuðina, en svo liðu sex, svo níu og upp úr 12 mánaða aldri minnkaði þetta mikið. Í dag er hún orðin hress, elskar tónlist og gengur um og segir Oh dear, oh dear með breskum hreim. Á heimilinu tölum við íslensku og




MYND/VALLI

ensku í bland svo það er æðislegt að hlusta á hana skipta á milli tungumálanna.

Ég hef aldrei kynnst barni sem sefur í 8 tíma svo ef mín sefur í 3 tíma er ég bara glöð því það er svo miklu betra en 40 mínútur. Maður verður algjör Pollýanna af svona reynslu og ég verð bara að spila úr þessu eins vel og ég get," segir Hafdís Huld sem augljóslega hefur ákveðið að taka á erfiðleikunum með mikilli jákvæðni og jafnaðargeði.

### *Tilbúin í slaginn á ný*

*Hvernig heldurðu svo að það verði að fara með barnið í tónleikaferðalag, ertu kvíðin eða örlítið spennt?*

„Það verður eflaust svolítið öðruvísi en áður. Við fækkuðum tónleikunum úr 22 í 12 á einum mánuði og fáum bæði hjálp frá tengdaforeldrum mínum sem búa í Bretlandi og mömmu sem mun koma til okkar út. Mamma er sú sem hefur aðstoðað þegar við höfum verið að taka upp og mixa plötuna Home sem er frábært. Reyndar voru mamma og pabbi og systir mín dugleg að ganga um með bleika vagninn til skiptis rétt eins og þau væri í boðhlaupi á meðan við Alisdair vorum í upptökum. Sem betur fer lærðum við maðurinn minn bæði útsendingar- og upptökustjórn og gátum tekið plötuna upp heima."

Í sumar mun Hafdís Huld taka upp barnaplötu en nýja platan, Home, inniheldur lög sem eru meira í ætt við þjóðlagatónlist.

„Ég var á góðum skriði þegar ég tók mér pásu en við erum með samninga við útgáfufyrirtæki út um allan heim og ég sem einnig tónlist fyrir sjónvarpsefni og kvikmyndir. Ég hef unnið með umboðsmanninum mínum síðan 2007 og ég hef þurft að sannfæra hana um ýmislegt í gegnum tíðina. Fyrst vildi ég flytja heim og svo ætlaði ég í barneignarfrí en sem betur fer

IÐA
Opnunartími Iðu Zimsen um páska
10-19 á skírdag, lokað föstudag, 10-22 laugardag
11-18 á páskadag, 10-19 á annan í páskum


*Ég vildi koma skömminni þangað sem hún átti heima og svo er það algjörlega hennar mál hvernig hún vinnur úr þessu. Fólk verður að vera heiðarlegt í baráttu sinni til þess að eyðileggja ekki góðan málstað.*

## Myndaalbúm











Platan Home sem kemur út í maí. Hafdís Huld og Alisdair á tónleikum. Arabella með móður sinni. Hafdís að bíða eftir dömunni.

virðist hún fíla tónlistina mína það vel að hún sættir sig við allar þessar breytingar. Hún var því bara í símanum í rúmlega ár að fresta verkefnum fyrir mig. Þannig að hún er voðalega glöð að ég sé að byrja að spila á ný.“

### Ber gamlan trúlofunarhring

Hafdís Huld kynntist unnusta sínum, Alisdair Wright, árið 2006 í gegnum tónlistina. Síðan þá hafa þau deilt lífinu saman og vinna tónlistina saman. Fjórum dögum eftir að dóttirin kom í heiminn bar hann upp bónorð og gaf henni fallegan ævagamlan trúlofunarhring sem langafi hans hafði gefið langömmu hans áður en hann lagði af stað í heimsstyrjöldina. „Englendingurinn kann þetta því ég er heilluð af öllu gömlu. Stundum er maður heppinn og ég var rosalega heppin að finna hann. Við erum eins og svart og hvítt en við bara erum saman áreynslulaust,“ segir Hafdís Huld og brosir fallega.

### Stór ákvörðun að stíga fram

Hafdís Huld var gestur í Kastljósi fyrir skömmu en þar sagði hún frá neteinelti í sinn garð af hendi femínistans Hildar Lilliendahl. Hafdís Huld kærði málið til lögreglunnar tveimur árum eftir að ummælin komu á netinu en þá var málið fyrnt.

„Það hefur alltaf áhrif að einhver hugsi svona ljótt í þinn garð, sérstaklega þegar það er að ástæðulausu. Ég á ekki í útistöðum við neinn og er ekki þekkt fyrir að úthúða fólki eða tala illa um það. Ég er frekar prívat manneskja og líður bara vel í sveitinni. Það var því ansi sjokkerandi að sjá svona ljót skrif í minn garð frá manneskju sem ég hafði aldrei hitt,“ svarar hún þegar blaðamaður spyr út í ummæli Hildar Lilliendahl á spjallþráðum bland.is.

„Fyrst ætlaði ég ekki að gera neitt og vildi helst ekki fara niður á þetta plan en aðgát skal höfð í nærveru sálar og mér fannst mikilvægt að bregðast við, því að svona framkoma á ekki að líðast í okkar samfélagi.“

### „Hver vill koma út að drepa“?

Hafdís Huld viðurkennir að hafa fundið fyrir hræðslu eftir að hafa verið gestur í Kastljósi þar sem hún þekkti ekkert til Hildar Lilliendahl og vissi ekki á hvaða viðbrögðum væri von frá henni. En hefur Hafdís Huld fengið persónulega afsökunarbeiðni frá konunni sem skrifaði meðal annars: „Hver vill koma út að drepa?“ og „Myndirðu nauðga Hafdísi Huld með tjaldhæl?“ „Nei, ég hef ekkert heyrt frá henni, en maðurinn hennar sendi mér skilaboð í gegnum vefsíðuna mína. Af minni hálfu er þessu máli lokið. Ég vildi koma skömminni þangað sem hún átti heima og svo er það algjörlega hennar mál hvernig hún vinnur úr þessu. Fólk verður að vera heiðarlegt í baráttu sinni til þess að eyðileggja ekki góðan málstað.“



# HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM PÁSKANA?



„Ef öll plön ganga eftir að þá verða páskarnir haldnir hátíðlegir í Róm með liðsfélögum Emils og eiginkonum þeirra. Ef plönin ganga hins vegar ekki eftir, eins og vill oft gerast í ítalska boltanum, þá munum við fagna upprisu frelsarans hér í Verona. Páskalambið verður á sínum stað og svo erum við búin að fá Góu páskaegg send út sem skiptir að sjálfsögðu mestu máli."

**Ása Reginsdóttir, bloggari**



„Draumurinn væri að komast í sumarbústað, grilla, kúra og svamla í heitum potti.
Annars er mitt páskaplan bara að hitta loksins fjölskylduna mína – búin að vera mikil törn hjá mér núna. Það voru tvær frumsýningar í þessari viku, þar sem ég er að leika með Karlakór Hreppamanna og í leiksýningunni Útundan ásamt því að ég er að leikstýra leikfélaginu Peðinu."

**Magnús Guðmundsson leikari**



„Ég ætla að taka upp sjónvarpsþátt með Evu Laufeyju þar sem hún kemur með mér í vinnuna og svo förum við heim að elda. Svo ætlum við fjölskyldan í sumarbústað þar sem páskalambið verður eldað og páskaeggin borðuð. Vinir okkar ætla að kíkja í mat þangað."

**Hrefna Rósa Sætran, kokkur og eigandi Grillmarkaðarins og Fiskmarkaðarins.**



„Ég verð á Ísafirði að fagna lífinu og listinni með vinum um páskahelgina. Við verðum eitthvað að skralla þarna á Aldrei fór ég suður og stíg ég þar á stokk með Highlands og Retro Stefson."

**Logi Pedro Stefánsson tónlistarmaður**



Rakel Hlín Bergsdóttir hefur fengið góðar viðtökur við hönnunarversluninni Snúran þar sem fást vel valdar vörur frá Norðurlöndum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# HÖNNUN KEYRIR VÖRURNAR UPP AÐ DYRUM

***Rakel Hlín Bergsdóttir er fagurkeri sem opnaði vefverslun með vel valinni hönnun fyrir heimilið.***

„Ég opnaði verslunina í lok mars og viðtökurnar hafa farið fram úr mínum björtustu vonum," segir Rakel Hlín Bergsdóttir, eigandi vefverslunarinnar Snúran, snuran.is.

Verslunin leggur áherslu á fallegar hönnunarvörur fyrir heimilið frá Norðurlöndum, aðallega frá Danmörku. Til dæmis var hún að skrifa undir einkaréttarsamning við sænska hönnunarfyrirtækið Prettypegs, sem hannar fætur undir húsgögn í alls konar gerðum. „Ótrúlega sniðug og skemmtileg lausn sem gjörbreytir húsgagninu. Ég er alltaf að leita að nýjum merkjum og legg mikið upp úr því að vera með vörur sem hafa ekki áður fengist á Íslandi en sjást mikið í erlendum hönnunarblöðum," segir Rakel Hlín sem hefur reynslu af verslunarrekstri þar sem hún átti barnafataverslunina Fiðrildið í Skeifunni fyrir nokkrum árum.

Rakel Hlín er að flytja í húsnæði við Lækjartorg þar sem hún mun deila herbergi með tveimur öðrum, vefversluninni Nola.is og Kristbjörgu Maríu Guðmundsdóttir iðnhönnuði. Þá er auglýsingastofan Brandenburg í sama húsnæði.

„Markmiðið hjá mér er að fólk geti keypt vörur í næði heima hjá sér á aðgengilegri síðu sem er ekki of flókin. Svo legg ég mikið upp úr góðri þjónustu enda sé ég sjálf um að keyra vörurnar út á höfuðborgarsvæðinu, yfirleitt daginn eftir pöntun. Þannig fæ ég að hitta viðskiptavininn sem skiptir mig miklu máli."





Hollenskar hönnunarvörur frá HK Living.





Falleg teppi frá Rosenberg CPH.





Klassísku kertastjakarnir frá Nagelstager Repro.

## *Merkin í Snúran*

*HK living*
*RosenbergCph*
*Fuss*
*Nordal*
*Nynne Rosenvinge*
*Mintstudio*
*Sud*
*Nagelstager Repro*
*Prettypegs*

**23. apríl ★ síðasti vetrardagur 2014**

*Bjartir dagar 2014*





Miðaverð 4.500 kr.
Miðasala á Súfistanum Strandgötu

Nánar á: www.mlh.is
facebook: Menningar og listafélag Hafnarfjarðar
Hashtag: #heimahatid

M L H
Menningar & listafjelag Hafnarfjarðar
HAFNARFJÖRÐUR

**Tónlistarhátíð**

Steindór Andersen & Hilmar Örn Hilmarsson
Bjartmar • Ylja • Hallur Joensen (FO)
Vök • Strigaskór nr. 42 • Mono Town
Elíza Newman • Jónas Sigurðsson
Fjallabræður • DossBaraDjamm
Björn Thoroddsen + Jón Rafnsson & Andrea Gylfa
Snorri Helgason & Silla

RÁS 2 VÍKING VHE ehf


BORGES®
Mediterranean Oils
**Borges** hafa verið meistarar í framleiðslu á olíu frá 1896. Kynna með stolti 4 Olier, úrvalsblöndu af olíum sem gerir ykkur kleift að njóta náttúrulegs bragðs matarins með hollri steikingu.
UPPSPRETTA
OMEGA3
Stuðlar að heilbrigðu hjarta- og æðakerfi.
INNIHELDUR
OMEGA6
Stuðlar að minna magni LDL, slæma kólesterólsins
NÁTTÚRULEGA RÍK AF
VÍTAMÍNI E
Stuðlar að því að verja frumurnar
BÆTT MEÐ
VÍTAMÍNI D
Stuðlar að heilbrigðri virkni ónæmiskerfisins.
Ómissandi þáttur
í ELDUN og STEIKINGU.
Borges hugsar um þig!
ANBEFALET BRUG
MADLAVNING
FRITURE
STEGNING
BORGES
Mediterranean Oils
BORGES
Mediterranean Oils
HØJT INDHOLD AF
OMEGA 3
& VITAMIN
E&D
4Olier

**facebook**



**Miss and Mister Miyagi**

**www.mistermiyagi.be**

Belgíska barnafataverslunin Miss and Mister Miyagi býður upp á skemmtilega fjölbreytt úrval af evrópskum gæðamerkjum fyrir börn og unglinga á aldrinum átta til fjórtán ára. Þekkt merki sem ber að nefna eru American Outfitters, Finger in the nose, AZZA BY KIK KID, Supertrash Girls og Peppercorn Kids. Hér er að finna margt sem gleður augað.

**Instagram**



**Trishpapadakos**

**http://instagram.com/trishpapadakos**

Hin kanadíska Trish Papakados heldur úti verslun og bloggi með fögrum myndum og póstar reglulega í gegnum Instagram. Lífið getur verið dásamlega einfalt þegar það veitir ákveðna ró að skoða myndirnar hennar. Þar getur jafnvel einfaldur kaffibolli dregið mann inn í rómantískan hugarheim Papakados.

**Pinterest**



**Who What Wear**

**http://www.pinterest.com/WhoWhatWear/**

Who What Wear er bandarískt veftískutímarit sem fylgist gaumgæfilega með stjörnutískunni, því nýjasta á tískupöllunum og öðru tískutengdu efni. Á Pinterest er að finna fjölmargt sem gaman er að fylgjast með til að fá innblástur, hvort sem það er götutískan, dress dagsins eða fegurðarráð.

# BLOGGARINN GLAÐLEGT ÍSLENSKT BLOGG

GÓ

**www.gudrunolof.com/umgudurun/**

Guðrún Ólöf Gunnarsdóttir er fjögurra barna móðir sem er fædd og uppalin í Reykjavík. Hún er keramiker og mikill fagurkeri en hún bloggar um tísku, hönnun, lífsstíl og prjónamennsku sem er henni hugleikin. Bloggið hennar, GÓ, er vettvangur fyrir hugmyndaheim hennar þar sem hún vonast til að veita öðrum innblástur.










Glæsilegt útsýni úr íbúðum í Þorrasölum 17.



ÞORRASALIR 17, KÓPAVOGUR

# Nútímalegt fjölskylduhverfi

## — Stutt í skóla, verslun, íþróttir og heilsugæslu

Til sölu glæsilegar íbúðir í Þorrasölum 17. Íbúðirnar eru með sérinngangi, rúmgóðri geymslu og stæði í bílageymslu. Veglegar innréttingar skarta íbúðirnar og stórir gluggar til að njóta útsýnisins. Í garðinum er glæsilegt leiksvæði með leiktækjum fyrir yngri kynslóðina.

Í stuttu göngufæri er Salaskóli, verslun, heilsugæsla, sundlaug, íþróttahús og líkamsrækt. Golfvöllur GKG er við túnfótinn og örstutt er í útivistarparadísina Heiðmörk. Náttúran teygir sig inn í hverfið og skapar einstök leik- og útivistarsvæði. Umferðargötur eru hannaðar til að stuðla að öryggi og hóflegum umferðarhraða.

**Fáðu nánari upplýsingar á www.mannverk.is**

EIGNAMIÐLUN GARÐATORG MIKLABORG RE/MAX Lind

MANNVERK FRAMKVÆMDIR OG RÁÐGJÖF

**SKATTFRAMTAL 2014**

Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 fob@fob.is

## Málarar

**MÁLARAMEISTARI**

Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

## Búslóðaflutningar

**SENDIBILL.IS**

Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




Tek af mér alhliðamúrverk og viðgerðir innan sem utanhúss. Snyrtileg og góð þjónusta. S. 846 7622.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896-5778.

## Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírushreinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

## Spádómar

Símaspá, spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

Ertu að framkvæma og vantar þig gáma, vinnuskúra eða salerni? Nánari upplýsingar fást í síma 5775757 eða með því að send tölvupóst á gamur@gamur.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu

**JUSTIN TIMBERLAKE MIÐAR TIL SÖLU!**

Af óviðráðanlegum orsökum eru til sölu 4 miðar í stúkusæti á tónleika Justin Timberlake í Kórnum 24/8 Miðarnir seljast 2+2, óska eftir tilboði. Ólafur s. 844 3313 / 567 3728

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**

Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 845 5976.

## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**

**Upplýsingar í síma 661 7000.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

Nudd tilboð. S. 561 6254 / 854 3454 opið um páskana frá kl.10:00-19:00.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.

**gsm 824 4535**

**leiga@leiguherbergi.is**

**TIL LEIGU VERSLUNAR EÐA ÞJÓNUSTUHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Nýbýlavegi 8 (gamla Toyota húsinu) Til leigu 60 - 600 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, einnig 160- 400 fm húsnæði með allt að 4 metra lofthæð sem hentar undir léttan iðnað, lagerrými, heildsölur, verslanir o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.

**Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Laust 1,. maí. Uppl. í síma 893 3475. Eftir klukkan 17.

**HERBERGI TIL LEIGU Í DALBREKKU, KÓPAVOGI.**

Til leigu snyrtileg, 15 m2 herbergi með aðgangi að baði, eldhúsi, þvottavél og internet aðgangi. Stutt í Bónus, veitingastaði, kaffihús og strætó. Verð frá 55.000 á mánuði.

Available now! 15m2 rooms for rent, with access to kitchen, bath, laundry, internet. Close to Bónus, restaraunts and buses.Price from 55.000.

**Uppl. gefur Sverrir í s. 661-7000**

A nice apartment in Álfheimar 36, 104 Reykjavik, on 5th floor is going to rent from 1st May, 2014. It is 99 square meters with 3-4 rooms, a kitchen and a rebuild shower room, very good view. The price is 160.000 to 165.000 Kr per month exclude hot water and electricity. GSM: 8474561

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Mjög reglusamur, reyklaus & snyrtilegur maður á þrítugsaldri í fastri vinnu óskar eftir 2 herb íbúð Skoða allt: s:7725502




# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407





































**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## meðleigjandi óskast

**Myndlist**

Óska eftir myndlistakonu sem meðleigjanda að vinnustofu í Kópavogi.

**Upplýsingar í s. 824 7585**

## fasteignir

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is
Ögurhvarfi 6 • 203 Kópavogi



Rúnar S. Gíslason hdl., Lögg. fasteignasali — Óskar Traustason Fyrirtækjaráðgjafi

FRUM - www.frum.is

**Glæsilegur skyndibitastaður til sölu**

Miklir möguleikar til aukinnar veltu, til greina koma eignaskipti.
**Mjög gott verð gegn staðgreiðslu.**

Nýtt í sölu

Upplýsingar veitir Óskar Traustason, fyrirtækjaráðgjafi
Sími 659 2555 • Ögurhvarfi 6 • 203 Kópavogi

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is
Ögurhvarfi 6 • 203 Kópavogi



Rúnar S. Gíslason hdl., Lögg. fasteignasali — Óskar Traustason Fyrirtækjaráðgjafi

FRUM - www.frum.is

**Prent- og auglýsingafyrirtæki til sölu**

Stöðug viðskipti, löng og farsæl viðskiptasaga.
Val um hvort rekstur og húsnæði er keypt saman.
Gott húsnæði. Góð staðsetning. Góð tæki.
Gott verð. Ekkert áhvílandi. Nú er tækifærið!



Nýtt í sölu

Upplýsingar veitir Óskar Traustason, fyrirtækjaráðgjafi
Sími 659 2555 • Ögurhvarfi 6 • 203 Kópavogi

**KJARRIVAXNAR ÚTSÝNISLÓÐIR Í HVALFIRÐI**



Til sölu eða leigu stórar, fallegar lóðir með frábæru útsýni yfir Hvalfjörð. Lóðirnar eru í skjólgóðri, kjarrivaxinni hlíð sem snýr mót suðri í landi Kalastaða, 55 km frá Reykjavík. Tilbúnar til afhendingar. Fjölbreytt afþreying í nágrenninu. Sund, golf, veiði og gönguleiðir.
**Nánari upplýsingar eru veittar í síma 663 2712 og á www.kalastadir.com**

HÖFUÐBORG
Albert B. Úlfarsson
Lögg. fasteignasali
821-0626



Gleðilega Páska



24,9

m² 82 | 3 | nei

Vatnsendahlíð · Skorradalsvatn

Nýtt **FULLBÚIÐ** vandað hús á þessum eftirsótta **ÚTSÝNISSTAÐ,** norðan megin í grónni leigulóð. Möguleiki að **breyta** gólfefnum og innréttingum. Gert ráð fyrir heitum potti og kamínu. Rúmgott baðherbergi þar sem er gert ráð f þvottavél.
Ca. 60 mín frá höfuðborgarsvæðinu. **Jói 899-3119** tekur vel á móti fólki að **Vatnsendahlíð 135.**

**Opið hús laug/sun milli 14:00 - 16:00**

Höfuðborg fasteignasala · Hlíðasmára 2, 6. h. · **hofudborg.is**

## fasteignir



**Einstakt tækifæri í hjarta Suðurlands!**

Til sölu er falleg og gróin spilda í Flóahreppi. Tæplega 10 hektarar. Fallegt útsýni, snýr vel við sólu, nálægð við afþreyingu og náttúruperlur og reiðleiðir. Klukkustund frá höfuðborgarsvæðinu. Fjölmargir möguleikar, s.s. föst búseta, frístundabyggð (allt að 14 lóðir), hestamennska og skógrækt. **Auðveld kaup!** *692 5900 / landspilda@gmail.com*

## til sölu



**EINSTAKT TÆKIFÆRI**

**Verslunin Tvö Líf sem hefur verið starfrækt í 9 ár óskar eftir nýjum frábærum eigendum sem hafa áhuga á þeirri vegferð sem meðganga og brjóstagjöf er. Verslunin er með umboð fyrir öllum helstu framleiðendum á sviði meðgöngu og brjóstagjafar ásamt spennandi fylgihlutum fyrir krílin. Einstakt tækifæri fyrir réttan aðila!**

**Upplýsingar á skrifstofu okkar**
**Fyrirtækjasala Ísl. 520-3500 • www.atv.is**



**Fyrsta Skotreynarmót** sumarsins fer fram þann 21. Apríl nk. (annann í páskum. Þetta er fyrsta af þremur mótum Ellingsen mótaraðarinnar, skotnar verða 75 dúfur og mótsgjaldið litlar **2.000kr.**- Keppt verður í tveimur flokkum, byrjanda og 1. flokk og samanlagður árangur þessara þriggja móta ráða úrslitum.
Mæting er kl. 10:30 á velli Skotreynar og hefst mót um kl. 11:00.

**Stórglæsileg verðlaun !!**

Nýja Browning A5 hálfsjálfvirk haglabyssa verður í verðlaun fyrir 1. sæti í hvorum flokk.

SKOTREYN — Ellingsen

## Sumarbústaðir





Til sölu um 40 m2 sumarbústaður. Verður seldur til flutning eins og hann er. Bústaður staðsettur í Úthlíð. Tilbúin að skipta á ferðabíl eða fellihýsi. Tilboð óskast. Uppl. í síma 892 2221.



Sumarbústaður til sölu 46 fm, ásamt 8 fm útihúsi. Allt inní húsi er nýtt: rafmagn, parket, eldhúsinnrétting, sturta, handlaug, innfellt wc, olíufylltir rafmagnsofnar,innihurðir og 120 ltr hitakútur. Útihús fulleinangrað, ofn, ljós, tvöföldhurð, setrusviður. Bæði hús í toppstandi, tilbúin til notkunar og flutnings. Staðsett á höfuðborgarsvæðinu. Verð 10.400.000.- uppl 822 1717

**SUMARHÚSALÓÐIR.**

Eigum nokkrar sumarhúsalóðir í fallegu skóglendi við Hraunskóga Húsafelli sem fást gegn yfirtöku á leigusamningum. Uppl. gefur Ólafía í s. 660 4481.

**HAGSTÆTT VERÐ**

47 fm. sumarhús á 1 ha. eignarlandi við Skyggnisbraut í landi Hæðarenda í Grímsnesi. Tvö svefnherbergi, góð verönd, rafmagn og kalt vatn. Veiðileyfi í veiðivatni fylgir með. Uppl. í s. 899-0675

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu ca.85fm iðnaðarhúsnæði / verslunarh./skrifst. við Dalveg í Kópav. Uppl. í s. 893 3475.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Gisting



**ENDURNÆRING Í STYKKISHÓLMI**

Helgargisting með heitum pottum. Sund, gönguferðir og siglingar. Veitingastaðir á heimsmælikvarða. Upplýsingar í síma 861 3123 eða á www.orlofsibudir.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**VÉLVIRKI / VANUR MAÐUR ÓSKAST**

Álheimar ehf óskar eftir að ráða vélvirkja / vanan mann í málmsmíði / vélavinnu. Fjölbreitt framtíðarstarf, góð vinnuaðstaða. Uppl. í s. 869 1122 Örn efnir@efnir.is www.alheimar.is

Stýrimaður óskast á Árna á Eyri PH 205 sem gerður er út frá Húsavík. Upplýsingar veitir Árni Guðmundsson í síma: 892 0608.

**VINNA Á HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI**

Duglega starfsmenn vantar strax á Hjólbarðaverkstæði Sólningar í Hjallahrauni í Hafnarfirði Umsóknir ásamt símanúmeri berist á beggi@solning.is

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífsögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

**GOTT NUDD**

35 ára íslensk kona býður þér gott nudd. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8130.





**Við sjáum um örugga dreifingu á fjölpósti**

Póst dreifing

Póstdreifing dreifir fjölpósti sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins. Mælingar sýna að 60% landsmanna skoða fjölpóst og er hann því áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin. *Örugglega til þín.*

Nánari upplýsingar veitir söludeild í síma 585 8300.

Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | www.postdreif-



# BORÐAÐU
# ELSKAÐU OG LIFÐU
## FLÓRENS OG RÓM

4 - 12 ÁGÚST 2014

## ÍTALÍA

### BORGIN EILÍFA

Fegurðin er ómetanleg og allir fagurkerar hafa ekki reynt á skynfærin fyrr en þangað er komið. Eftir Flórens er farið til Rómar. Við viljum vara við því að skipuleggja sig í Róm.
Það er ómögulegt að upplifa þessa ótrúlegu borg án þess að gleyma sér algjörlega og gefa sig á vald fegurðarinnar týna sér í upplifuninni.

- Flug, allir skattar og gjöld
- Akstur frá flugvelli á hótel og tilbaka
- Gisting á hóteli með morgunmat
- Skoðunarferð um Flórens
- Ostar og léttvín við komu
- Skoðunarferð um Róm
- Íslensk fararstjórn

ICELANDAIR
Við fljúgum með Icelandair

Vrld

Kynntu þér málið á **transatlantic.is**

Trans - Atlantic
Sími: 588-8900

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 2014 **MOSFELLSBÆR**






9.075 manns
var íbúafjöldi 1. janúar 2014.

6.441
verða á kjörskrá þann 31. maí.

5.793
kusu árið 2010.

2010
kom Framsókn ekki manni að.




**D-listi** og **V-listi** í meirihlutasamstarfi 5 á móti 2 (Sjálfstæðisflokkurinn fékk hreinan meirihluta en ákvað að taka Karl Tómasson með sér aftur). Meirihlutasamstarf síðan árið 2006.

# Bæjarfulltrúum fjölgað í níu

Sex framboð ætla að bjóða fram krafta sína í komandi sveitarstjórnarkosningum, eða fjórflokkurinn, Íbúahreyfing Mosfellsbæjar og Mosfellslistinn. Á kjörskrá í kosningunum er 6.441 en fjölgun íbúa í Mosfellsbæ hefur verið mikil síðustu tíu ár.

**Sveinn Arnarson**
sveinn@frettabladid.is



Í Mosfellsbæ bjuggu 9.075 íbúar þann 1. janúar síðastliðinn. Fjöldi íbúa hefur aukist jafnt og þétt síðasta áratuginn og er fjölgunin í Mosfellsbæ um 37 prósent á síðustu tíu árum. Fjölgun íbúa hefur verið stöðug undanfarið, eða um rúma 100 íbúa á ári á yfirstandandi kjörtímabili.

Á kjörskrá í komandi kosningum er 6.441 kjósandi. Sex framboð hafa gefið það út að þau ætli að bjóða fram krafta sína. Það er fjórflokkurinn svokallaði, Íbúahreyfing Mosfellsbæjar, sem náði inn manni í bæjarstjórn í síðustu kosningum, og Mosfellslistinn sem leiddur er af Valdimar Leó Friðrikssyni, fyrrverandi alþingismanni.

Árið 2006 mynduðu Sjálfstæðisflokkurinn og Vinstri græn meirihluta. Sá meirihluti hélt velli í kosningunum 2010 og vel það. Sjálfstæðismenn fengu þar hreinan meirihluta og hefðu þar af leiðandi ekki þurft á hjálp VG að halda til að mynda starfhæfan meirihluta. Samt sem áður héldu þessir flokkar áfram samstarfi og eru því fimm bæjarfulltrúar í meirihluta á móti aðeins tveimur í minnihluta, fulltrúa Samfylkingar og Íbúahreyfingarinnar. Framsóknarflokkurinn kom ekki að manni í bæjarstjórn árið 2010. Á næsta kjörtímabili verður bæjarfulltrúum fjölgað í Mosfellsbæ um tvo, úr sjö í níu.

### Samstaða um stærstu málin

Haraldur Sverrisson er núverandi bæjarstjóri Mosfellsbæjar og oddviti Sjálfstæðisflokksins. Hann leiðir nú lista flokksins í annað skipti. Haraldur tók við stöðu bæjarstjóra árið 2007 af Ragnheiði Ríkharðsdóttur sem lét þá af embætti sökum þingsetu.

Haraldur telur að starfið á kjörtímabilinu hafi gengið mjög vel í langflestum tilvikum og samstaða hafi verið um stærstu mál milli meirihluta og minnihluta. Samstarf við minnihluta hafi verið gott og hann leggi verk sjálfstæðismanna stoltur í dóm kjósenda. „Við höfum tekið í gagnið nýtt hjúkrunarheimili og nýtt þjónustuhús fyrir aldraða á kjörtímabilinu. Samkvæmt þjónustukönnun Capacent Gallup mælist ánægja með búsetu mest í Mosfellsbæ, af því erum við stolt.“

Karl Tómasson, oddviti VG á síðasta kjörtímabili, lætur nú af störfum eftir átta ára meirihlutasamstarf með Sjálfstæðisflokki. Hann er ánægður með árin átta og gengur sáttur frá borði. „Mér finnst mikilvægt að láta af störfum nú þegar allir eru glaðir og þetta gengur vel. VG í Mosfellsbæ var fyrsta félagið í sögu VG til að vera í meirihluta á landinu, af því er ég einnig mjög stoltur. Úrtölumenn höfðu miklar efasemdir til að byrja með yfir samstarfi VG við sjálfstæðismenn, en þetta er líklega meira spurning um fólk en flokka þegar kemur að stjórnun sveitarfélags.“

### Vantar upp á félagslegu hliðina

Bjarki Bjarnason, sagnfræðingur og kennari, tekur við kefli oddvita. Spurður að því hvort vænta megi breytinga á áherslum VG með hann sem oddvita og hvort honum hugnist áfram samstarf við Sjálfstæðisflokkinn að loknum kosningum svaraði hann því til að flokkurinn gengi óbundinn til kosninga. Engin stór mál hefðu komið upp og ekki hefði slegið í brýnu milli flokkanna.

Óðinn Pétur Vigfússon er nýr oddviti Framsóknarflokksins í komandi kosningum. Framsóknarflokkurinn náði ekki inn manni í kosningunum 2010. Hann telur atvinnumál og fræðslumál verða ofan á sem helstu kosningamál í vor. „Það er svolítið einkennandi fyrir bæjarfélög sem Sjálfstæðisflokkurinn stýrir að það vantar aðeins upp á félagslegu hliðina,“ segir Óðinn Pétur.

Fræðslumál bæjarfélagsins eru að mati Óðins Péturs í ólestri. „Það þarf að endurskoða þessa „skúrastefnu“ í skólamálum. Það eru allt of margar lausar kennslustofur á lóðum skólanna í bænum.“

Um atvinnumálin segir Óðinn Pétur að lítið sé að gerast í málaflokknum í sveitarfélaginu. „Það þarf að auka framkvæmdir einkafyrirtækja og ég vil skoða þann möguleika að létta undir með fyrirtækjum með einhvers konar ívilnunum og niðurfellingu opinberra gjalda. Mosfellsbær má ekki verða svefnbær.“

Anna Sigríður Guðnadóttir er nýr oddviti Samfylkingarinnar. Hún er sammála því sem kemur fram hjá oddvitum meirihlutaflokkanna að ekki hafi verið mikil átök. Þó hafi myndast núningur hvað varðar samráð við íbúa. „Aðalágreiningurinn varð nú undir lok kjörtímabilsins, um vandræði bæjarfélagsins í málefnum skólamannvirkja. Það verður stóra kosningamálið. Allt of mikið af lausum kennslueiningum og samráðið við foreldra er sýndarleikur. Foreldrum barna finnst ekki hlustað á sig.“

### Skólamálin ofarlega á baugi

Jón Jósef Bjarnason er núverandi oddviti Íbúahreyfingarinnar, sem fékk einn mann kjörinn í síðustu kosningum. Íbúahreyfingin leggur áherslu á gagnsæi og heilbrigt lýðræði. „Íbúahreyfingin hefur verið dugleg við að benda á lögbrot meirihlutans á kjörtímabilinu, til dæmis þegar bærinn skrifaði undir sjálfskuldarábyrgð einkaaðila í Helgafellsbyggingarmálinu svokallaða.“

Hann telur að skólamálin verði ofarlega á baugi í komandi sveitarstjórnarkosningum. Um uppröðun á lista sagði hann Íbúahreyfinguna ekki vera búna að stilla upp lista. „Ég verð í einu af efstu sætum listans,“ sagði Jón Jósef.

Valdimar Leó Friðriksson mun leiða nýjan lista, Mosfellslistann, í kosningunum í vor. Á meðal helstu stefnumála listans er að ráða ópólitískan bæjarstjóra. „Tryggja verður að hann sé framkvæmdastjóri allra bæjarbúa.“

Einnig segir Valdimar Leó: „Eitt af hlutverkum Mosfellsbæjar er að skapa atvinnutækifæri og hlúa að þeim fyrirtækjum sem fyrir eru. Einnig er það gríðarlega mikilvægt fyrir bæinn okkar að ná niður umferðarhraða í gegnum Mosfellsbæ og Mosfellsdal.“

## FRAMBOÐSLISTAR Í MOSFELLSBÆ

**D Sjálfstæðisflokkur**



**1. sæti**
Haraldur Sverrisson *bæjarstjóri*

**2. sæti**
Bryndís Haraldsdóttir *bæjarfulltrúi*

**3. sæti**
Hafsteinn Pálsson *bæjarfulltrúi*

**4. sæti** Kolbrún G. Þorsteinsdóttir *bæjarfulltrúi*

**S Samfylking**



**1. sæti** Anna Sigríður Guðnadóttir *bókasafns- og upplýsingafræðingur*

**2. sæti** Ólafur Ingi Óskarsson kerfisfræðingur
**3. sæti** Steinunn Dögg Steinsen efnaverkfræðingur

**4. sæti** Rafn Hafberg Guðlaugsson sölumaður

**V VG**



**1. sæti**

Bjarki Bjarnason *rithöfundur og framhaldsskólakennari*

**2. sæti** Bryndís Brynjarsdóttir varabæjarfulltrúi, grunnskólakennari og myndlistarkona

**3. sæti** Ólafur Snorri Rafnsson íþróttakennari

**4. sæti** Íris Hólm Jónsdóttir, tónlistarkona og textasmiður

**B Framsókn**



**1. sæti**
Óðinn Pétur Vigfússon *sagnfræðingur og deildarstjóri*

**1. sæti** Sandra Harðardóttir, sjúkraliði og laganemi

**1. sæti** Rúnar Þór Haraldsson, framkvæmdastjóri

**1. sæti** H. Valey Erlendsdóttir, BA í sálfræði

**L Mosfellslistinn**



**1. sæti** Valdimar Leó Friðriksson *framkvæmdastjóri leiðir listann. Það á eftir að raða niður listanum.*

**M Íbúahreyfingin**



**1. sæti** Jón Jósep Bjarnason *bæjarfulltrúi verður í einu af efstu sætunum. Ekki kominn listi.*

"Ég held að besta fólkið til að læra af, í hverju sem er, hvort sem það tengist viðskiptalífinu, siðfræði, sölutækni eða samböndum, sé fólk sem gert hefur mistök. Ef ég vildi læra á viðskiptalífið, myndi ég trúlega vilja læra af einhverjum sem gert hefur nóg af mistökum á því sviði, dregið lærdóm af þeim og fer rétt að í dag. Maður getur jafnt dregið lærdóm af því sem fór vel og því sem fór miður.

Sú staðreynd að mér tókst að vinna mig upp úr þessu og öðlast farsælt líf getur reynst öðrum andlega hvetjandi. Sú hugmynd að taka einhvern sér til fyrirmyndar snýst ekki aðeins um að taka það góða úr lífi þeirrar manneskju og tileinka sér það eftir heldur jafnframt að skoða mistök viðkomandi og læra af þeim.

Ég held að fólk eigi eftir að tengja auðveldlega við það sem ég hef fram að færa. Ég veit að Íslendingar hafa þurft að glíma við meiriháttar vandamál. Það er örugglega mikil reiði út í bankaumhverfið og það er réttlát reiði. Ég tel að á Íslandi sé fólk sem geti verið reitt út í mig, sem fulltrúa þessa kerfis. Ég vona að það sama fólk, sem er hleypidómalaust, komi og sjái mig af því að ég held að þegar það heyrir hvað ég hef fram að færa skilji það tilgang ferða minna. Vonandi get ég veitt því innblástur og sýnt því að sama hvað hefur gengið á þá er alltaf hægt að vinna sig út úr því."



# JORDAN BELFORT Í HÁSKÓLABÍÓ 6.MAÍ

**TRYGGÐU ÞÉR MIÐA**

ysland MIÐASALA Á mbl.is

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir
og amma,

**ÁSTHILDUR TORFADÓTTIR**
**Hvassaleiti 56**

lést á Landspítalanum Hringbraut
mánudaginn 14. apríl sl.

**Hallgerður Arnórsdóttir** **Helgi Gíslason**
**Björk Inga Arnórsdóttir**
**börn og barnabörn.**

†



Okkar ástkær eiginmaður,
faðir, afi, tengdafaðir, sonur,
bróðir, tengdasonur og mágur,

**SVAVAR SÆMUNDUR TÓMASSON**
**rafeindavirki,**
**til heimilis að Hamratanga 15,**

lést af slysförum sunnudaginn 13. apríl.
Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 25. apríl kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja
minnast hans er bent á að styrkja Slysavarnafélagið Landsbjörg.

**Rannveig Raymondsdóttir**
**Anna Hlíf Svavarsdóttir** **Októ Þorgrímsson**
**Tómas Örn Svavarsson**
**Áslaug Svava Svavarsdóttir** **Sigurður Svansson**
**og barnabörn**
**Tómas Sæmundsson** **Esther Skaftadóttir**
**Magnús Tómasson** **Oddný Halldórsdóttir**
**Einar Björn Tómasson**
**Raymond Steinsson** **Anna Kjaran**
**og fjölskyldur.**

†



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**AUÐUR SIGURÐARDÓTTIR**
**Mánatúni 6, Reykjavík,**

lést á Hrafnistu 12. apríl. Útför hennar fer
fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 22. apríl
klukkan 13.00.

**Friðrik Kristjánsson**
**Ívar Friðriksson** **Lóa Sigurðardóttir**
**Logi Friðriksson** **Sigrún Elíasdóttir**
**Kári Friðriksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÞRÁINN ÁRNASON**
**myndskeri,**
**Digranesheiði 21, Kópavogi,**

andaðist mánudaginn 14. apríl. Hann verður
jarðsunginn frá Digraneskirkju, þriðjudaginn
29. apríl kl. 15.00.

**Rebekka Þráinsdóttir**
**Sigurður Á. Þráinsson** **Solveig K. Jónsdóttir**
**Þór Þráinsson** **Valborg Guðmundsdóttir**
**Þráinn Þráinsson** **Hulda Kristófersdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35, Rvík. • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is




ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Granítþhöllin Legsteinar
Eitt mesta úrval landsins
af fallegum legsteinum
og fylgihlutum hjá
Granítþhöllinni



Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði 555-3888 www.granithollin.is



**FJÖLHÆF HLJÓMSVEIT** Sinfóníuhljómsveit Norðurlands hefur spilað allt frá háklassík til pönks í tuttugu ár.

# Spila Mahler í dag og Pollapönk eftir viku

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands fagnar 20 ára starfsafmæli sínu með því að ráðast í sitt stærsta verkefni til þessa; Sinfóníu nr. 6 eftir Mahler. Næst á dagskrá er svo Pollapönk.

Við ætlum að flytja sinfóníu nr. 6 eftir Mahler, sem er risavaxið verk, og þetta verður í fyrsta sinn sem við náum hundrað manns á svið," segir Dagbjört Brynja Harðardóttir, framkvæmdastjóri SN. „Við erum í samstarfi við Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Tónlistarskólann á Akureyri og fleiri tónlistarskóla. Guðmundur Óli Gunnarsson, aðalstjórnandi SN, stjórnar og þetta verður stórviðburður."

Áður en Sinfóníuhljómsveit Norðurlands varð til var til Kammerhljómsveit Akureyrar, sem stofnuð var af kennurum Tónlistarskólans á Akureyri. „En svo stækkaði hljómsveitin og metnaðurinn varð meiri, sem varð þess valdandi að fyrir tuttugu árum var nafninu breytt í Sinfóníuhljómsveit Norðurlands," útskýrir Dagbjört Brynja. „Síðan hefur hljómsveitin vaxið og dafnað og eftir að við fengum menningarhúsið Hof hafa aðstæður hennar breyst mikið til hins betra."

Hljómsveitin heldur tónleika um það bil einu sinni í mánuði og verkefnavalið er ansi breitt. „Sinfónían bregður sér í allra kvikinda líki," segir Dagbjört Brynja. „Í dag er það Mahler en eftir viku, á sumardaginn fyrsta, munum við spila pönk með Pollapönki í Hofi og þá verða með okkur 250 nemendur úr Tónlistarskólanum á Akureyri. Þessi gjörólíku verkefni endurspegla vel hvað SN er orðin fjölhæf hljómsveit og að hún vílar ekki fyrir sér að stökkva úr einu hlutverki í annað."

Tónleikarnir í Hofi í dag hefjast klukkan 16 og enn eru örfá sæti laus.

fridrikab@frettabladid.is

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN SVAVAR JÓNASSON**
**blikksmíðameistari,**
**Drekavöllum 57, Hafnarfirði,**

lést á heimili sínu 11. apríl í faðmi fjölskyldu
sinnar. Hann verður jarðsunginn frá
Víðistaðakirkju miðvikudaginn 23. apríl kl. 11.00.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Heimahlynningu LSH.

**Kolbrún Ósk Óskarsdóttir**
**Kristens Jónsson** **Ingibjörg Jóna Kristjánsdóttir**
**Katrín Svava Jónsdóttir** **Stefán Kristófersson**
**Jórunn Jónsdóttir** **Einar Þór Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**SVEINBJÖRN ÓSKARSSON**
**viðskiptafræðingur,**
**Næfurási 1,**

lést á krabbameinsdeild Landspítalans
föstudaginn 11. apríl. Jarðsungið verður frá
Árbæjarkirkju þriðjudaginn 22. apríl kl.13.00.

**Ingibjörg Sigríður Gísladóttir**
**Áslaug Ingibjörg Sveinbjarnardóttir** **Gunnar E. Carlsen**
**Guðrún Jóna Sveinbjarnardóttir**
**Óskar Gísli Sveinbjarnarson** **Karen Milek**
**Hafdís Arna Sveinbjarnardóttir**
**og barnabörn.**

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir, afi,
tengdafaðir, bróðir og mágur,

**BJÖRN INGÓLFSSON**
**f. 4. júlí 1940 á Siglufirði,**

lést í Eskilstuna, Svíþjóð, 12. apríl.
Útför Björns fer fram í kyrrþey.

**Rósa Jónasdóttir**
**Guðrún Björnsdóttir** **Torbjörn Boberg**
**Ingi Björnsson** **Annika Lindau Björnsson**
**Regína Ingólfsdóttir** **Egill Þór Jónsson**
**Níels Ingólfsson** **Svanhvít Hafsteinsdóttir**
**Ásgrímur Ingólfsson** **Unnur Sigtryggsdóttir**
**og barnabörn.**

†



Við viljum þakka þeim fjölmörgu sem hafa
tekið þátt í því með okkar að minnast

**STEINUNNAR KRISTÍNAR**
**ÁRNADÓTTUR**
**Vatnaseli 3, Reykjavík,**

sem lést 27. mars síðastliðinn. Innilegar
þakkir til ykkar allra fyrir knús og kveðjur.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**

**Sigurður Guðmundsson**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli
og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**




VELDU GÆÐI
VELDU KJARNAFÆÐI

www.kjarnafaedi.is



2 | KL. 21:15

**Now You See Me**

Mögnuð mynd með stórleikurunum Woody Harrelson, Morgan Freeman og Michael Caine í aðalhlutverkum.

# Fjölbreytt Skírdagskvöld

2 | KL. 19:45

**Friends With Better Lives**

Glæný gamanþáttaröð sem hefur verið líkt við gömlu góðu Friends þættina.




2 | KL. 20:10

**Death Comes To Pemperly**

Bresk framhaldsmynd sem skartar sömu persónum og áhorfendur þekkja úr sögunni Pride and Prejudice eftir Jane Austen.



GULL STÖÐIN | KL. 19:40

**Two And a Half Man**

Bráðskemmtileg gamanþáttaröð með Ashton Kutcher í aðalhlutverki.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



3 | KL. 19:30

**Lífsstíll**

Glæsilegur tískuþáttur þar sem Theodóra Mjöll fjallar um allt sem tengist tísku, hönnun og lífsstíl.



3 | KL. 19:50

**American Idol**

Einn vinsælasti þáttur í heimi og dómarar að þessu sinni eru þau Keith Urban, Jennifer Lopez og Harry Connick Jr.




Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | | 5 | | 9 | 1 | |
| | | | 2 | 6 | | 3 | | 5 |
| 3 | | | | 4 | | 2 | | |
| | | 8 | 3 | | | | | |
| | 3 | | 1 | | 4 | 6 | 2 | |
| | 1 | | | 2 | 9 | | 8 | |
| | | | | | 5 | | 6 | |
| | 6 | | | | | 4 | | 2 |
| 8 | 4 | 1 | | | | 5 | 9 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | | 1 | 9 | | | | 8 |
| | | | | | | 9 | | 4 |
| 7 | 9 | | 8 | 2 | | 3 | | 6 |
| 3 | | 7 | 2 | | | | | |
| 4 | | | | | | | | |
| | 5 | | 3 | 8 | 7 | 1 | | |
| 9 | 7 | 5 | | 3 | | | 8 | |
| | | | 7 | | | 2 | | |
| | 8 | | | | 1 | | | 5 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 8 | | 7 | 2 | |
| 5 | 7 | | 4 | | 2 | 9 | | 8 |
| | | | | | | 4 | 6 | |
| 2 | | | | 9 | | | | |
| 1 | | 4 | 5 | | 3 | 6 | | |
| | 5 | 6 | | | | | | 3 |
| | | | | | | | | 4 |
| | 8 | | | | 1 | 2 | 7 | |
| 4 | | | | 5 | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 9 | 7 | 4 | 1 | 2 | 5 | 3 |
| 2 | 4 | 1 | 3 | 5 | 8 | 6 | 7 | 9 |
| 3 | 7 | 5 | 6 | 9 | 2 | 1 | 4 | 8 |
| 5 | 9 | 7 | 2 | 6 | 4 | 3 | 8 | 1 |
| 8 | 6 | 3 | 9 | 1 | 5 | 7 | 2 | 4 |
| 4 | 1 | 2 | 8 | 7 | 3 | 9 | 6 | 5 |
| 1 | 3 | 8 | 4 | 2 | 6 | 5 | 9 | 7 |
| 7 | 2 | 4 | 5 | 3 | 9 | 8 | 1 | 6 |
| 9 | 5 | 6 | 1 | 8 | 7 | 4 | 3 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | 5 | 1 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 |
| 6 | 8 | 4 | 9 | 5 | 2 | 3 | 7 | 1 |
| 9 | 1 | 2 | 3 | 6 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 1 | 2 | 6 | 5 | 9 | 4 | 8 | 3 | 7 |
| 3 | 9 | 7 | 6 | 8 | 1 | 5 | 2 | 4 |
| 4 | 5 | 8 | 2 | 7 | 3 | 9 | 1 | 6 |
| 8 | 7 | 3 | 4 | 2 | 6 | 1 | 9 | 5 |
| 5 | 4 | 1 | 7 | 3 | 9 | 6 | 8 | 2 |
| 2 | 6 | 9 | 8 | 1 | 5 | 7 | 4 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 | 3 | 6 |
| 2 | 3 | 5 | 9 | 6 | 8 | 7 | 1 | 4 |
| 7 | 9 | 6 | 4 | 1 | 3 | 2 | 5 | 8 |
| 5 | 4 | 9 | 8 | 7 | 6 | 1 | 2 | 3 |
| 6 | 2 | 3 | 5 | 9 | 1 | 4 | 8 | 7 |
| 1 | 7 | 8 | 3 | 4 | 2 | 5 | 6 | 9 |
| 3 | 6 | 7 | 1 | 5 | 4 | 8 | 9 | 2 |
| 9 | 5 | 2 | 6 | 8 | 7 | 3 | 4 | 1 |
| 4 | 8 | 1 | 2 | 3 | 9 | 6 | 7 | 5 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



## SPAKMÆLI DAGSINS

„Maður þarf að mæta erfiðleikum því þeir eru nauðsynlegir til að njóta velgengni.“

*A. P. J. Abdul Kalam*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** ómskoðun, **6.** munni, **8.** fyrirboði, **9.** fugl, **11.** fyrir hönd, **12.** flatfótur, **14.** blóm, **16.** skóli, **17.** dýrafita, **18.** fugl, **20.** tveir eins, **21.** staðarnafn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** tarfur, **3.** sjúkdómur, **4.** ósigur, **5.** lík, **7.** land í Evrópu, **10.** írafár, **13.** angan, **15.** illgresi, **16.** skammst., **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ómun, **6.** op, **8.** spá, **9.** lóa, **11.** pr, **12.** ilsig, **14.** lilja, **16.** ma, **17.** mör, **18.** önd, **20.** ff, **21.** oddi.
**LÓÐRÉTT: 1.** boli, **3.** ms, **4.** uppgjöf, **5.** nár, **7.** pólland, **10.** asi, **13.** ilm, **15.** arfi, **16.** möo, **19.** dd.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Birkir Karl Sigurðsson (1738) vann Veroniku Steinunni Magnúsdóttur (1595) í 3. umferð b-flokks Wow air móts TR.**

**Hvítur á leik**



**34. Dxg5! Dxg5 35. Rfe6+ Kg8 36. Rxg5 f5 37. Rge6** og svartur gafst upp enda í heljargreipum hvítu riddaranna. Magnús Pálmi Örnólfsson (2156) er efstur með fullt hús í b-flokki.

**www.skak.is** Teflt á Akureyri um páskana.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



# NÝTT KORTATÍMABIL

# GLEÐILEGA PÁSKA



## OPIÐ Í DAG SKÍRDAG
## 10:00-19:00

### AFGREIÐSLUTÍMI Í BÓNUS
### UM PÁSKAHELGINA

| | | |
|---|---|---|
| SKÍRDAGUR | **17.apríl** | **10:00-19:00** |
| *NÝTT KORTATÍMABIL* | | *NÝTT KORTATÍMABIL* |
| ***FÖSTUDAGUR 18 apríl LOKAÐ*** | | |
| LAUGARD. | **19.apríl** | **10:00-19:00** |
| ***SUNNUDAGUR 20 apríl LOKAÐ*** | | |
| MÁNUD. | **21.apríl** | **12:00-18:00** |

BÓNUS EKKERT BRUÐL VISA








**LISTAKONAN** „Fólk þarf að hlusta á hjartað," segir Ragnheiður.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Lífsganga að vissu leyti

**Býr vitundin í hjartanu en ekki heilanum? eru vangaveltur Ragnheiðar Guðmundsdóttur listakonu sem opnar sýningu í sal Íslenskrar grafíkur á laugardag.**

„Ég er að lýsa því hvernig er að takast á við erfiða líðan, ganga í gegnum eitthvað, skoða það og endurfæðast í gegnum reynsluna. Þetta er svona lífsganga eða þroskasaga að vissu leyti," segir Ragnheiður Guðmundsdóttir myndlistarmaður um sýninguna Endurfæðing hjartans sem hún opnar í Grafíksalnum í Tryggvagötu 17 á laugardaginn. Myndirnar hennar eru unnar með blandaðri tækni, á mörkum textíls og málverks, og í þeim birtast vangaveltur Ragnheiðar um hvort vitundin búi í hjartanu eða heilanum. „Fólk þarf að hlusta á hjartað," segir hún og meinar það.

Ragnheiður útskrifaðist úr Listaháskólanum árið 2000 og hefur tekið þátt í nokkrum sýningum. Þetta er þriðja einkasýningin. Hún er búin að koma sér upp vinnustofu á Kársnesinu í Kópavogi og er ein þeirra sem reka Anarkíu listasal, þar sem hún hefur bæði verið með einkasýningu og tekið þátt í samsýningu með öðrum.

Ragnheiður er andleg í túlkunum sínum á eigin verkum. „Þegar ég fór að vinna að sýningunni fann ég að hún tengist svolítið páskunum. Þar er svo mikið af táknum."

Eftir opnun verður sýningin Endurfæðing hjartans í sal Íslenskrar grafíkur opin fimmtudaga til sunnudaga milli klukkan 14 og 18.

gun@frettabladid.is

# Barnakórar, Passíusálmar og nýtt íslenskt tónverk verður frumflutt

**Listvinafélag Hallgrímskirkju stendur fyrir fjölbreyttri dagskrá í kirkjunni um páskana. Gleðin hefst í dag með Söngvahátíð barnanna og lýkur á mánudag með frumflutningi nýs tónverks eftir Hreiðar Inga Þorsteinsson.**

Söngvahátíð barnanna verður haldin í Hallgrímskirkju í dag klukkan 17. Eins og undanfarin ár munu um 100 börn úr sex kórum af höfuðborgarsvæðinu syngja ásamt Lögreglukórnum í Reykjavík og djasshljómsveit. Sérstakir gestir tónleikanna eru söngvararnir Auður Guðjohnsen og Egill Ólafsson og stjórnandi Tómas Guðni Eggertsson. „Megináherslan á þessum tónleikum er á sex nýja íslenska sálma sem voru sérpantaðir af tónmenntasjóði kirkjunnar og frumfluttir á Menningarnótt í ágúst síðastliðnum," segir Tómas. „Við höfum í gegnum árin notið mikillar velvildar frá Agli Ólafssyni og hann verður einnig með okkur í ár. Á meira að segja einn af sálmunum sem við syngjum."



**EGILL ÓLAFSSON**

Tónleikarnir eru um einnar klukkustundar langir og er aðgangur ókeypis.

Á morgun, föstudaginn langa, verður í kirkjunni heildarflutningur á Passíusálmum Hallgríms Péturssonar. Lesið verður frá klukkan 13 til 18 og er aðgangur ókeypis.

Umsjón með lestrinum hafa Ævar Kjartansson og dr. Þórunn Sigurðardóttir. Björn Steinar Sólbergsson, organisti Hallgrímskirkju, leikur orgelverk milli lestra.

Á mánudaginn efnir Listvinafélagið í fyrsta sinn til páskatónleika á annan í páskum og hefjast þeir klukkan 20. Frumflutt verður verk eftir Hreiðar Inga Þorsteinsson, sem samið er sérstaklega í tilefni af Hallgrímsárinu, Páskakantata Hallgríms fyrir kammerkór, einsöngvara og orgel. Flytjendur eru kammerkórinn Schola cantorum og einsöngvarar úr þeirra hópi ásamt Birni Steinari Sólbergssyni orgelleikara. Gestastjórnandi er Hreiðar Ingi Þorsteinsson.

-fsb



**SCHOLA CANTORUM** Á tónleikum á annan í páskum flytur kórinn nýtt tónverk Hreiðars Inga Þorsteinssonar við ljóð Hallgríms Péturssonar.
MYND/GUNNAR FREYR STEINSSON

# ÚRVAL AF SÖGUM Í FRÍIÐ MEÐ ÞÉR!

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

5% afsláttur af ÖLLUM VÖRUM einnig tilboðum




Verð kr. 3.299,-
Sæmd




Verð kr. 3.299,-
Eftirköstin




Verð kr. 3.299,-
Stúlka með maga




Verð kr. 3.299,-
Og fjöllin endurómuðu




Verð kr. 3.299,-
Stelpa fer á bar




Verð kr. 3.299,-
Sandmaðurinn




Verð kr. 3.299,-
Eða deyja ella




Verð kr. 3.299,-
Paradísarfórn




Verð kr. 3.299,-
Að gæta bróður míns




Verð kr. 3.299,-
HHhH




Verð kr. 3.299,-
Húsið við hafið




Verð kr. 3.299,-
Sögusafn bóksalans

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



**FALLEG FEÐGIN** Dóttir hjónanna, Vigdís Vala Valgeirsdóttir, mun kannski taka lagið í Bakkastofu.

# Bjóða í Bakkastofu

## Hjónin Ásta Kristrún Ragnarsdóttir og Valgeir Guðjónsdóttir bjóða fjölskyldum í fuglasöng.

„Núna um páskana erum við að bjóða foreldrum og börnum að koma og hlýða á tónlist og eiga fallega stund saman,“ segir Ásta Kristrún Ragnarsdóttir en hún var að setja á fót menningarstofuna Bakkastofan ásamt eiginmanni sínum, Valgeiri Guðjónssyni, á Eyrarbakka.

„Hann var að gefa út sína þriðju fuglaplötu, Fuglakantata sem inniheldur lög Valgeirs við ljóð Jóhannesar úr Kötlum,“ segir Ásta en hjónin búa saman í Bakkastofu á Eyrarbakka þar sem þau bjóða fjölskyldum heim til sín í vinnustofur sem þau nefna Tónlist og náttúra.

„Fuglarnir eru friðaðir hér og það er endalaust af þeim, sem er alveg yndislegt,“ segir Ásta. „Þegar fólk er búið að syngja með Valgeiri þá er hægt að fara út og njóta náttúrunnar.“ Takmarkað pláss er hjá hjónunum og því tilvalið að skrá sig á bakkastofa.is en fyrsta heimboðið er í dag klukkan tvö og verða fleiri á hverjum degi út hátíðirnar.

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

## FIMMTUDAGUR 17. APRÍL 2014



### Tónleikar

16.00 Sinfóníuhljómsveit Norðurlands flytur 6. sinfóníu Mahlers í Hofi. Hljómsveitin hefur aldrei áður verið svo fjölmenn en 100 manns stíga á stokk. Miðasala á menningarhus.is.

17.00 100 börn úr ýmsum kórum af höfuðborgarsvæðinu syngja ásamt Lögreglukórnum og djasshljómsveit. Sérstakir gestir eru Auður Guðjohnsen og Egill Ólafsson en kynnir er Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir. Tónleikarnir eru í Hallgrímskirkju og er aðgangur ókeypis.

18.30 Jón Svavar Jósefsson bassabaritón útskrifaðist sem óperusöngvari frá Tónlistarháskólanum í Vínarborg. Hann syngur kvæði í Sögusafninu, Grandagarði 2. Aðgangseyrir eru 1.500 krónur.

20.00 Spunameistararnir Hilmar Jensson og Borgar Magnason leiða saman hesta sína á tónleikum í Mengi, Óðinsgata 2. Miðaverð er 2000 krónur.

20.00 Hljómsveitin VAR mun stíga á stokk á Hlemmur Square og flytja nokkur lög af komandi breiðskífu þeirra Hve ótt ég ber á, sem er væntanleg í sumar. Aðgangur er ókeypis.

22.00 Trúbadorarnir Eggert Jóhannsson, Kormákur Bragason og Magnús Einarsson halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastígur 8. Aðgangur er ókeypis.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

## FÖSTUDAGUR 18. APRÍL 2014



### Tónleikar

15.00 Á þessum lokatónleikum stígur Megas á stokk ásamt Möggu Stínu sem bregður sér í hlutverk Jesú. Stórsveitin Píslarbandið leikur undir og Söngfjelagið flytja útsetningar valinna tónskálda á sálmunum. Miða má nálgast á heimasíðu midi.is og kostar miðinn 3.900 krónur.

20.00 Flutt verða 14 atriði úr rokkóperunni Jesus Christ Superstar í Hjallakirkju í Kópavogi. Kór Hjallakirkju ásamt átta einsöngvurum, píanó- og orgelleikara flytja. Aðgangur er ókeypis.

### Kvikmyndir

20.00 Bíómyndin Metéora verður frumsýnd í Bíó Paradís á Hverfisgötu en tímasetningin er vel við hæfi því að í myndinni takast munkurinn Theodoros og nunnan Uriana á við trúarsannfæringu sína.

### Uppákomur

00.00 Roland Hartwell skemmtir á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastígur 8. Aðgangur er ókeypis.

### Tónlist

21.00 Uppákoman er tilraun til þess að samtvinna myndlist, tónlist & hljóðlist. Dodda Maggý sýnir og flytur ný og eldri verk, sum sem hafa ekki verið sýnd áður opinberlega á Íslandi í Mengi, Óðinsgata 2. Miðaverð er 2.000 krónur.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*






**SVARTUR SUNNUDAGUR** El Topo verður sýnd í Bíói Paradís á mánudag.

# Páskarnir í Bíói Paradís

### Listrænn mikilfengleikur landslags

Föstudaginn langa verður Metéora frumsýnd í Bíói Paradís í tilefni dagsins. Sagan gerist í Mið-Grikklandi þar sem réttrúnaðarklaustur í Metéora tróna yfir landslaginu, mitt á milli himins og jarðar. Í dalnum fyrir neðan þrífst hin eilífa hringrás bændalífsins, þar sem lífsins hringrás kjarnast í daglegu amstri nytjabúskaparins.

Þetta myndar mjög sterka andstæðu við hin upphöfnu klaustur þar sem aðalpersónur myndarinnar, hinn ungi munkur Theodoros og nunnan Uriana, hafa aðsetur. Þau hafa helgað líf sitt mjög ströngum hefðum klausturlífsins en þrátt fyrir það fer þeim að þykja vænt hvoru um annað. Þau kljást því við spurninguna um valið á milli mannlegrar þrár og hins andlega lífs. Myndin var sýnd í keppnisflokki á kvikmyndahátíðinni í Berlín, Berlinale, árið 2012 og hefur hlotið jákvæða dóma. Hún þykir sýna fram á listrænan mikilfengleik landslags, trúar, mannlífs og tilverunnar allrar.

Þeir sem hrifnir eru af Le quattro volte eftir Michelangelo Frammartino verða að sjá þessa mynd. Leikstjóri myndarinnar, Spiros Stathoulopoulos, segir meginumfjöllunarefni myndarinnar vera ástina. Ástin þrífist hvar sem er, líka í klaustrunum þó svo að ekki hafi verið mikið fjallað um það enda er um ákveðið tabú að ræða í Grikklandi. Einn af aðalleikurum myndarinnar, Theo Alexander, er betur þekktur fyrir leik sinn sem Talbot í vampíruþáttunum True Blood. Hér er á ferðinni rómantísk dramamynd sem tekur á tilvistarspurningum, trúnni og mannlegu eðli sem gott er að velta fyrir sér á föstudaginn langa.

### Sýruvestri

Hinn magnaði sýruvestri Alejandros Jodorowsky, El Torpo, frá 1970 verður á dagskrá Svartra sunnudaga sem eru í umsjón Hugleiks Dagssonar, Sigurjóns Kjartanssonar og Sjóns. Svartur sunnudagur verður á mánudegi í þetta skipti, 21. apríl klukkan 20.00 þar sem lokað verður á páskadag í Bíó Paradís. El Topo eða moldvarpan, sem leikin er af Jodorowsky sjálfum, er í flokki svokallaðra sýruvestra og segir af samnefndum manni sem leitar að tilgangi lífsins ásamt 6 ára syni sínum. Þeir feðgar lenda í miklum mannraunum og loks er El Topo drepinn en hann rís upp aftur og fær skjól hjá samfélagi afmyndaðs fólks sem er lokað inní stórum helli.

Vissir þú að... börn eiga rétt á vernd og umönnun
Barnaheill Save the Children á Íslandi

## EKKI MISSA AF…



**… útgáfupartíi bókarinnar Of mörg orð**

**HVAR? SLÁTURHÚSINU, EGILSSTÖÐUM**
Útgáfupartíið byrjar klukkan 20.30 en höfundurinn, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, les upp úr bókinni klukkan 21.00. Bókinni er lýst sem þroskasögu tiltölulega ungrar konu í góðæri.

## LEIKHÚSGAGNRÝNI



★★☆☆☆

**Dagbók jazzsöngvarans**

„Leikverk sem ætlar sér að fjalla um heft tilfinningalíf karla sem eru fórnarlömb feðraveldisins en leiðin þangað er ekki greið. Framsetningin hjálpar þar ekki upp á sakir.“

Jakob Bjarnar Grétarsson

## NÝTT BÍÓ



### Rio 2

**TEIKNIMYND**

**AÐALHLUTVERK:** Ævar Þór Benediktsson, Nanna Kristín Magnúsdóttir, Magnús Jónsson, Jóhann Sigurðsson og Hilmir Snær Guðnason.

IMDb 6,9/10 · 50/100 · Rotten Tomatoes 49/100



### Oculus

**HROLLVEKJA**

**AÐALHLUTVERK:** Karen Gillan og Brenton Thwaites.

IMDb 7,1/10 · 61/100 · Rotten Tomatoes 71/100




NÚ Í FULLUM GANGI Í PERLUNNI

ÓDÝRI TÓNLISTAR - DVD OG MYNDBANDAMARKAÐURINN





FRÁ 11. APRÍL TIL 4. MAÍ

OPNUNARTÍMI UM PÁSKA: OPIÐ SKÍRDAG - OPIÐ FÖSTUDAGINN LANGA
OPIÐ LAUGARDAG - LOKAÐ PÁSKADAG - OPIÐ ANNAN Í PÁSKUM

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ 11 TIL 18

VERIÐ VELKOMIN OG NJÓTIÐ FRÁBÆRS ÚTSÝNIS OG GÓÐRA VEITINGA Í VEITINGASAL PERLUNNAR

# Sony Center

www.sonycenter.is

NÝ VERSLUN
smá
SONY CENTER
Í KRINGLUNNI










ACTIONCAM - SMÍÐUÐ FYRIR ÆVINTÝRI
HDRAS30VB

- Full HD upptökuvél með Carl Zeiss Tessar linsu
- Sterkbyggð og vatnsheld (í köfunarhylki)
- Mögnuð hristivörn og GPS
- Bike eða Wearable Kit fylgir

VERÐ 64.990.-

Fermingartilboð
79.990.-



POTTÞÉTTUR OG VATNSHELDUR XPERIA
SONY XPERIA Z ANDROID SNJALLSÍMI

- 5″ TFT snertiskjár með HD upplausn
- 13 megapixla myndavél, LED flass
- HD videoupptaka

TILBOÐ 79.990.- VERÐ ÁÐUR 139.990.-

Trusted Reviews RECOMMENDED

Fermingartilboð
99.990.-



EINN SÁ SNJALLASTI Í HEIMI
SONY XPERIA Z1 ANDROID SNJALLSÍMI

- 4.3″ TFT snertiskjár með HD upplausn
- 20.7 megapixla myndavél, LED flass
- HD videoupptaka

TILBOÐ 99.990.- VERÐ ÁÐUR 109.990.-



Fermingartilboð
9.990.-

HÁRFÍN HLJÓMGÆÐI MEÐ NOICE CANCEL
MDRNC8

- 30mm hátalarar
- Noice Cancel þurrkar út utanaðkomandi hljóð
- Lengd kapals 1.2m

TILBOÐ 9.990.- VERÐ ÁÐUR 12.990.-

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni og Kringlunni / 569 7700
Verslun Nýherja Kaupangi Akureyri / 569 7645




# Páskamatseðill Helgu Mogensen

**Helga Mogensen deilir páskamatseðli á sínu heimili með lesendum Fréttablaðsins.**

„Þegar hátíð ber að garði er svo gott að nýta tímann með vinum. Gleðjast yfir góðum mat og nærast þannig andlega og líkamlega,“ segir Helga Mogensen, sem deilir páskamatseðlinum á sínu heimili með lesendum Fréttablaðsins.

„Maturinn skiptir miklu máli hjá mér og alltaf gaman að breyta til þótt íhaldssemi sé alltaf einhver.

En svona lítur kvöldmatseðill út á mínu heimili yfir páskana.“



**KOKKURINN** Helga Mogensen er fræg fyrir hnetusteikina sína. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Föstudagurinn langi**

Bökuð bleikja með grænu salati og sítrónubakaðar kartöflur.

Ofan á bleikjuna er gott að setja sweetchili-engifersósu.

### Sweetchili-engifersósa

*Hristið saman:*
1 msk. sweetchili-sósa
50 ml ólífuolía
Dálítið af grófu salti
1 msk. ferskur engifersafi

Baðið bleikjuflökin í sósunni og bakið í góðu eldföstu formi í 10 mínútur við 190°C.

### Grænt blandað salat með kryddjurtum og jarðarberjum

Smátt saxað spínat
Smátt saxað klettasalat (rucola)
Handfylli af steinselju
Handfylli af kóríander
Handfylli af mintu

Saxið kryddjurtirnar smátt og setjið saman við græna salatið. Þvoið jarðarberin vel og skerið í fernt, blandið saman við og stráið smá balsamik yfir og skreytið með fetaosti.

### Sítrónubakaðar kartöflur

50 ml olía
2 msk. nýkreistur sítrónusafi
3 hvítlauksgeirar kreistir saman við
1 tsk. salt
1 tsk. pipar
2-3 stk. kartöflur á mann

Hitið ofninn og byrjið á því að skera kartöflurnar í grófa bita. Setjið í gott ofnfast form. Hristið saman olíu og krydd ásamt sítrónusafa og hellið yfir kartöflurnar. Bakið við 200°C í um 30 mín. Skreytið með söxuðu dilli.

**Páskadagur**

Bakaður lambahryggur með rauðrófuappelsínusalati og sveppabláberjasósu.

Lambahryggurinn er bakaður eins og hver og einn kýs best.

### Rauðrófuappelsínusalat

2 stk. rauðrófur
1 tsk. salt
½ tsk. pipar
Ólífuolía
3 appelsínur
Handfylli af steinselju
100 g saxaðar valhnetur

Pakkið rauðrófunum inn í álpappír og setjið inn í heitan ofninn og bakið við 190°C í 30-40 mín. Kælið niður og skrælið rauðrófurnar. Skerið niður í litla munnbita, skrælið appelsínurnar og skerið niður í munnbita, blandið vel saman og hellið salatsósunni yfir og skreytið með steinselju.

### Salatsósa

2 tsk. Dijon-sinnep
2 msk. eplaedik
100 ml ólífuolía
1 tsk. salt
½ tsk. pipar
Hristið allt vel saman og bætið mögulega meira salti saman við. Hristið allt vel saman og setjið yfir rauðrófuappelsínusalatið. Skreytið með saxaðri steinselju.

**Annar í páskum**

Hnetusteikin góða með bökuðum sætum kartöflum, sveppasósu og fersku asísku salati. Í eftirrétt verður súkkulaðikaka með bláberjarjóma.



**HNETUSTEIKIN** Ásamt bökuðum sætum kartöflum, sveppasósu og fersku asísku salati. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Sveppasósa

500 g sveppir
1 laukur meðalstór
100 g smjör
2 stk. hvítlaukur
1 tsk. sítrónusafi
Handfylli af saxaðri steinselju
1 tsk. paprikuduft
Hnífsoddur af cayenne-pipar
1 -2 pk. kókoskrem
3 tsk. salt
2 tsk. svartur pipar
2 tsk. tamari- eða sojasósa
2 tsk. sætt sinnep

Þvoið sveppina og saxið gróflega. Skrælið laukinn og hvítlaukinn og skerið gróflega niður. Bræðið smjörið í góðum potti og byrjið á því að mýkja laukinn og hvítlaukinn ásamt 1 tsk. af salti.

Bætið sveppunum saman við og kryddum, sinnepi og sojasósu, látið malla þar til sveppirnir eru orðnir mjúkir. Þá er kókoskremið sett saman við og áfram heldur sósan að malla. Smakkið til með grófu salti og grófum pipar. Maukið sósuna með töfrasprota. Hérna set ég smá rauðvín saman við en það er alls ekki nauðsynlegt.

Smakkið sósuna til með grófu salti og svörtum pipar.



**BLEIKJUMÁLTÍÐ** Ásamt sítrónubökuðum kartöflum og grænu salati. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það sem er gott við þessa sósu er að hún er bragðgóður grunnur og auðvelt að laga að þínum smekk! Bætið t.d. kjötsoði saman við eða notið einungis rjóma. Sumum finnst gott að nota örlítið af rifsberjasultu og gera hana sæta. Rauðvín er dásamlegt saman við en alls ekki nauðsynlegt.

Síðan er gott að frysta þessa sósu og eiga fyrir næstu veislu.


ÁLNAVÖRUBÚÐIN
Hveragerði
Þegar þú ert á ferðinni...
Waterman regngalli
St. 80-130 - Verð: 8990 kr
Sullumbull & drullumsull...
Splashman stígvél
St. 21-35 - Verð: 5690 kr
Slaskeman regngalli
St. 80-130 - Verð: 7490 kr
DIDRIKSONS1913
Puffy jakki
St. 90-130 - Verð: 6490 kr
Campo dömujakkar
Verð: 18990 kr
Campo herrajakkar
Verð: 18990 kr
The FLEXX ítalskir leðurskór
Verð: 12990 kr
Páskaopnun
Skírdagur 10-18
Föstudagurinn langi LOKAÐ
Laugardagur 10-18
Páskadagur LOKAÐ
Annar í páskum 10-18
SoftWalk Margir litir! Fisléttir!
Verð: 4790 kr
Þú getur pantað og fengið sent
í gegnum Facebook eða síma 483-4517
facebook.com/alnavorubudin
Vöruúrval í hámarki!
Við sendum hvert á land sem er
FRÍTT



NORDICPHOTOS/GETTY

# EINN SÁ **BEST KLÆDDI** Í TÍSKUHEIMINUM

**Ástralinn Justin O´Shea hefur löngum fest sig í sessi sem einn þekktasti karakterinn innan tískuheimsins. O´Shea er innkaupastjóri hjá vefversluninni Mytheresa.com og því fastur gestur á fremsta bekk á tískuvikum út um allan heim. O´Shea er talinn einn best klæddi karlmaður í heimi þar sem hann klæðist yfirleitt jakkafötum og vesti og setur sinn svip á klæðnaðinn með húðflúrum sínum og þykku skegginu.**


# KOLAPORTIÐ 25 ÁRA

Opið skírdag, laugardag og annan í páskum kl. 11-17
Lokað föstudaginn langa og páskadag



Ís í brauðformi 100 kr.

óvæntar uppákomur






Sirkus Íslands skemmtir skírdag og annan í páskum og gefur börnunum appelsínulurk frá Emmessís kl. 13-16




## Kynlegar athugasemdir

Ég fylgist með stórskemmtilegum hópi á fésbók sem kallast „Kynlegar athugasemdir“. Þar er farið um víðan völl og virkilega gaman að sjá hversu sveigjanlegir margir eru í uppeldi sínu gagnvart staðalmyndum og enn aðrir tilbúnir að stíga út fyrir kassann sinn og fagna fjölbreytileikanum. Ég hef sagt það áður og ég segi það aftur, einstaklingsmunur er meiri en kynjamunur. Þó er það svo, rétt eins og með veðurfarið, að ský dregur skyndilega fyrir sólu og gallajakkinn sem ég er í ber vott um of mikla bjartsýni þegar á mér dynur haglél. Svoleiðis leið mér þegar höfundur nýrrar barnabókar kallar píku buddu, því það er „krúttlegra“ og „virðingarverðara“ yfir kynfæri „ungrar stúlku“. Úps, ég gubbaði aðeins upp í mig. Typpi er hins vegar bara typpi, rétt eins og það hefur alltaf verið. Hættu þessu femínistavæli og skelltu tíkalli í budduna.



Þegar þessum ágæta höfundi var bent á að píka væri píka þá bar sá hinn sami fyrir sig að femínistar ættu ekki að skipta sér af fjölbreytileika tungumálsins. Budda er víst alveg jafngilt orð og budda, blúnda, dúllurifa eða hvað svo sem honum finnst vera krúttlegt yfir píku. Það er ekki í verkahring einhvers femínista að segja honum, sjálfum höfundinum, hvað eigi að kalla hluti, það er smekkur hvers og eins.

Sko. Eiginlega bara alls ekki. Ef Landlæknisembættið notar píka, þá notum við píka. Ef þú skrifar bók þar sem þú kennir börnum um líkamann þá notar þú réttnefni viðkomandi líkamshluta. Þú getur tekið sérstaklega fram að líkamshlutar hafa gælunefni, rétt eins og magi er stundum kallaður mallakútur en magi er samt magi. Það fer enginn fullorðinn einstaklingur til læknis því honum er svo illt í mallakút og hausaling. Ég velti því líka þá fyrir mér hvenær budda verður að píku, eða verður hún bara að seðlaveski? Hættir þessu barnslega veseni með eintómt klink og þroskast í að taka nú á móti tíuþúsundkalli?

Ég verð bara reið því það er stór misskilningur að þetta sé einkamál femínista. Þetta er bara mál allra. Þetta er tungumálið okkar og þetta er líkaminn. Við skulum ræða um hann og fræða á réttan hátt en ekki eftir geðþótta hvers og eins. Ég hef áður talað um píkuskrímslið. Eða sko, það að það sé einmitt ekkert píkuskrímsli. Það að segja orðið píka hefur akkúrat engin önnur áhrif en þau að þú ert að tala um kynfæri. Orðið hindrar ekki hárvöxt á neðri svæðum né sprengir haus í loft upp. Þetta er bara orð en orð eru mikilvæg. Þess vegna vöndum við okkur þegar við tölum og reynum að tala skýrt og segja rétt frá. Getum við bara farið að segja píka og verið sammála um það, þá get ég einbeitt mér að því að fræða um píkuna en ekki eytt tímanum í orðaleiki?

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is



OPIÐ 24 TÍMA

# OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í VESTURBERGI UM PÁSKANA

**OPNUNARTÍMI Í ENGIHJALLA UM PÁSKANA**

**SKÍRDAGUR:** Opið allan sólarhringinn.
**FÖSTUDAGURINN LANGI:** Lokað. Opnum á miðnætti.
**LAUGARDAGUR:** Opið allan sólarhringinn.
**PÁSKADAGUR:** Lokað. Opnum á miðnætti.
**ANNAR Í PÁSKUM:** Opið allan sólarhringinn.






Verð birt með fyrirvara um prentvillur. Gildir á meðan birgðir endast.

Iceland

PIPAR\TBWA • SÍA • 141155










# Játningar nútímamanns

**BAKÞANKAR**
Atla Fannars Bjarkasonar



**ÉG** elska KFC. Fyrir 20 árum spúlaði ég plan hjá rútufyrirtæki fyrir klink til að kaupa vængi á KFC. Ég hef brunað Sæbrautina klukkan fimm mínútur í tíu á sunnudagskvöldi til að ná Tower Zinger út um lúguna fyrir lokun. Ég fór einu sinni á KFC, pantaði kjúkling fyrir 15 þúsund kall og afgreiðslumaðurinn spurði hvort ég ætlaði að borða á staðnum — svo augljós var eftirvænting mín.

**ÉG** skráði líka einu sinni vin minn í KFC-klúbbinn. Umsóknin var svo vönduð að hann flaug inn og var nánast boðið sæti í stjórn fyrirtækisins. Auðvitað langaði mig bara sjálfan að fá inngöngu en ég er of stoltur til að sækja gjafabréfin sem meðlimir fá í laun fyrir vinnu sína í þágu ofurstans. Ást mín er ómenguð. Þetta segi ég þrátt fyrir að hver einasti ungi hafi lifað ömurlegu lífi í þröngu rými með þúsund félögum sínum áður en hann útskrifaðist sem djúpsteiktur borgari með krydduðu majonesi og kartöfluskífu.

**EKKI** nóg með það. Í vikunni sagði internetið mér að alls 23 þrælar væru í vinnu fyrir mig. Ég er 23-þræla maður. Ég hef ómeðvitað safnað í kringum mig nógu mörgum þrælum til að reisa grafhýsi og get sjálfum mér um kennt; þessi pistill er til dæmis skrifaður á Apple-fartölvu sem Kínverjar settu saman við hræðilegar aðstæður í heimalandi sínu. Laun þeirra myndu ekki duga fyrir kaffibolla í Reykjavík – þrátt fyrir að líkur séu á að kollegar þeirra í þrælabransanum hafi tínt baunirnar í kaffið.

**EITT** enn. Inni í ísskáp bíða tvö páskaegg sem ég hyggst borða yfir páskana. Saklaust yfirbragð eggjanna felur ekki þá staðreynd að réttlaust fólk kom að öllum líkindum að gerð þeirra með ólaunaðri vinnu innan um kakótré í Afríku. Samviskulausi nútímamaðurinn ég lætur þetta ekki á sig fá, en er voða pirraður yfir ríkisstjórninni sem samlandar hans kusu yfir sig. Óréttlætið, maður.

# „Ég var að trúlofa mig!“

## Jenny McCarthy og Donnie Wahlberg ætla að ganga í hjónaband á næsta ári.

Jenny McCarthy tilkynnti það í sjónvarpsþættinum The View í gær að Donnie Wahlberg hefði beðið hennar og hún hefði sagt já.

„Ég var að trúlofa mig!“ sagði Jenny í skýjunum. Hún bætti við að þau væru ekki búin að ákveða hvenær þau ætluðu að ganga upp að altarinu. Þau hefðu hins vegar velt því fyrir sér að gifta sig í ágúst á næsta ári.

Þau hafa bæði nóg að gera en Jenny stýrir spjallþætti og Donnie var að klára tökur á seríu fjögur af Blue Bloods. Þá undirbýr hann líka þrjátíu ára afmæli hljómsveitarinnar New Kids on the Block í Las Vegas í júlí.

Parið byrjaði saman síðasta sumar og kom sambandið mörgum á óvart. Þetta verður annað hjónaband beggja. Donnie var kvæntur Kim Fey í níu ár og eiga þau saman tvo syni. Jenny skildi við leikstjórann John Asher árið 2005 en þau eiga saman soninn Evan. - lkg


**ÁSTIN BLÓMSTRAR** Donnie og Jenny geisla af hamingju. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY













EINVÍGIÐ Í AMAZON
RIO 2
FJÖRIÐ HELDUR ÁFRAM
FRÁBÆR FJÖLSKYLDUMYND
MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI.
SÝND BÆÐI Í 2-D OG 3-D
JÓN JÓNSSON ER RÓBERTÓ
NANNA KRISTÍN ER PERLA
ÆVAR ÞÓR ER BLÁR
SIGGA EYRÚN ER GABBÝ
JÓHANNES HAUKUR ER RAFAEL
SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ LAUGARÁSBÍÓ ÁLFABAKKI SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
PÁSKAMYNDIN Í ÁR
sena

## Guðmundur tók toppsætið af Alfreð

**HANDBOLTI** Rhein-Neckar Löwen undir stjórn Guðmundar Guðmundssonar hirtu toppsætið af Alfreð Gíslasyni og lærisveinum hans í Kiel þegar liðin mættust í risaleik í þýsku 1. deildinni í handbolta.

Ljónin hans Guðmundar voru betri nánast frá byrjun til enda en þau voru yfir, 14-12, í hálfleik. Eftir að heimamenn komust í 17-13 í byrjun seinni hálfleiks litu þeir ekki um öxl og náðu mest átta marka forystu, 27-19.

Kiel náði að laga stöðuna undir lokin en Löwen hafði sigur, 29-26, sem var miklu öruggari en lokatölurnar gefa til kynna.

Hvorki Alexander Petersson né Stefán Rafn Sigurmannsson komust á blað fyrir Löwen en Guðjón Valur Sigurðsson skoraði sex mörk fyrir Kiel og Aron Pálmarsson fjögur mörk.

Löwen og Kiel eru bæði með 49 stig á toppi deildarinnar en Guðmundur og félagar eru í fyrsta sæti með betri markatölu. -tom



## Halda upp á tuttugu ára afmælið með oddaleik á sama stað

**KÖRFUBOLTI** Grindavík og Njarðvík mætast í kvöld klukkan 19.15 í Röstinni í Grindavík í úrslitaleik um sæti í lokaúrslitum Dominos-deildar karla á móti KR. Njarðvík tryggði sér oddaleik með 77-68 sigri á Grindavík í leik fjögur.
Það eru liðin tuttugu ár og einum degi betur frá eftirminnilegum oddaleik Grindavíkur og Njarðvíkur í Röstinni í Grindavík en 16. apríl 1994 mættust þau í hreinum úrslitaleik um Íslandsmeistaratitilinn.
Grindavík var 2-1 yfir í einvíginu en steinlá í leik fjögur í Njarðvík. Grindavík var einnig 59-51 yfir í oddaleiknum en Njarðvíkurliðið vann lokamínúturnar 17-8 og tryggði Rondey Robinson Njarðvík titilinn á vítalínunni.
Guðmundur Bragason (Grindavík) og Friðrik Ragnarsson (Njarðvík) voru í stórum hlutverkum með sínum liðum í þessum leikjum fyrir 20 árum og svo skemmtilega vill til að synir þeirra mætast í leikjunum í ár. Elvar Már Friðriksson er lykilmaður hjá Njarðvík og Jón Axel Guðmundsson er að spila mjög mikilvægt hlutverk hjá Grindavík. Þar að auki hafa yngri bræður þeirra, Ragnar Helgi Friðriksson og Ingvi Þór Guðmundsson, einnig komið við sögu í einvíginu. Það má búast við troðfullu íþróttahúsi í Grindavík í kvöld og eins gott fyrir áhugasama að mæta snemma. - óój



ELVAR MÁR FRIÐRIKSSON



JÓN AXEL GUÐMUNDSSON

# MEISTARAMÁNUÐUR STEVIE G?

Lokaspretturinn í baráttunni um Englandsmeistaratitilinn í ár snýst kannski ekki bara um baráttu Liverpool, Chelsea og Manchester City um sigurinn í ensku deildinni heldur einnig um hvort sextán ára bið Liverpool-goðsagnar eftir þeim stóra sé nú loksins á enda.

Óskar Ó. Jónsson
ooj@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Dramatísk viðbrögð Liverpool-mannsins Stevens Gerrard í lokin á 3-2 sigri á Manchester City í toppslag ensku úrvalsdeildarinnar síðasta sunnudag sögðu meira en mörg orð. Lykilmaður Liverpool-liðsins í miklu meira en áratug hefur horft upp á biðina eftir stóra titlinum lengjast og lengjast og á meðan hafa erkifjendurnir Manchester United unnið hvern titilinn á fætur öðrum og tekið stöðu Liverpool sem sigursælasta félag enskrar knattspyrnu.

Það er ekki ólíklegt að jafnvel hörðustu andstæðingar Liverpool geti unnt Steven Gerrard að hljóta loksins Englandsmeistaratitilinn. Hann hefur verið í hópi bestu leikmanna deildarinnar í langan tíma, haldið trúnaði við sitt félag á tímum þar sem peningarnir tala og félagsskipti leikmanna eru tíð.

Nú áttaði þessi frábæri leikmaður sig kannski á því að ekki gæfust fleiri tækifæri fyrir hann og knattspyrnuspekingarnir geta verið sammála um að þetta hafi hægt og rólega breyst í dauðafæri til að enda næstum aldarfjórðungsbið eftir Englandsmeistaratitlinum.

### Tíu sigurleikir í röð

Liverpool hefur unnið tíu leiki í röð og marga þeirra þrátt fyrir að sækja boltann tvisvar og jafnvel þrisvar í eigið net. Sóknarleikur liðsins er á góðri leið í sögubækurnar og ef marka má hvað féll með liðinu í City-leiknum er þetta svolítið eins og örlögin hafi ákveðið að nú sé loksins komið að Steven George Gerrard.

Steven Gerrard spilaði sinn fyrsta deildarleik með Liverpool 29. nóvember 1998 en þá hafði Liverpool beðið í átta ár eftir þeim stóra og fram undan var gullið tímabil erkifjendanna í Manchester United sem unnu þá þrefalt. Gerrard hefur sjálfur talað um stressið sem náði tökum á honum í þessum fyrstu skrefum hans í deild þeirra bestu en árið eftir var hann búinn að tryggja sér fast sæti í liðinu. Fljótlega var Gerrard orðinn andlit Liverpool-liðsins og hefur verið allar götur síðan. Hann hefur verið fyrirliði Liverpool síðan í október 2003 en var varafyrirliði Samis Hyypiä tímabilið á undan.

Englandsmeistaratitillinn hefur ekki náðst en Gerrard hefur þó fengið að taka á móti bikurum. Liverpool vann eftirminnilegan sigur í Meistaradeildinni vorið 2005 og hann hefur einnig tekið við enska bikarnum (2006) og enska deildabikarnum (2012). Það efast enginn um löngun Stevens Gerrard til að fá að handleika Englandsbikarinn í næsta mánuði, 24 árum eftir að Alan Hansen tók við honum.

Gerrard er ekki lengur leikmaðurinn sem oft lætur líta út fyrir að Liverpool sé með einum til tveimur mönnum fleira inni á vellinum. Hann hefur fengið nýtt hlutverk hjá Brendan Rodgers aftarlega á miðjunni sem hann hefur nýtt frábærlega og væri eflaust efstur á mörgum listum yfir knattspyrnumann ársins ef kappi að nafni Luis Suarez væri ekki búinn að splundra nær öllum varnarlínum deildarinnar.

### Þáttur Suarez og Rodgers

Gerrard á vissulega þeim Suarez og Rodgers mikið að þakka og fljótlega kemur í ljós hvort „mikilvægasti mánuðurinn á ferlinum“ eins og Gerrard lýsir lokakafla deildarinnar endi á því að hann handleiki loksins Englandsmeistarabikarinn. Það væri vel skrifaður endir á mögnuðum ferli sem hófst í unglingaliði Liverpool þegar hann var aðeins sjö ára gamall.

Uppklappið gæti Gerrard síðan tekið á HM í Brasilíu í sumar þar sem hann mun leiða enska landsliðið en Englendingar hafa ekki unnið HM í 48 ár. Áður en ég og aðrir missum okkur í ævintýralegum vangaveltum um draumaútgáfur Stevie G af árinu 2014 þá er komið að leik á móti Norwich á páskadag. Þrumuræða Gerrards strax eftir lokaflautið í City-leiknum snerist einmitt um þann leik. Þar fáum við að vita hvort liðsfélagar hans hafi hlustað á sinn mann.

Chelsea og Manchester City ætla vissulega að gera allt til að lengja biðina enn frekar en staðreyndin er sú að Gerrard og félagar eru „aðeins“ fjórum sigurleikjum frá því að vinna fyrsta Englandsmeistaratitil Liverpool frá 1990.

### ➜ 16 ára bið eftir Englandsmeistaratitlinum

*Gengi Liverpool á tímabilum Steven Gerrard*

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Meistari** | Aldrei | | |
| **2.** sæti | 2002 | 2009 | |
| **3.** sæti | 2001 | 2006 | 2007 |
| **4.** sæti | 2000 | 2004 | 2008 |
| **5.** sæti | 2003 | 2005 | |
| **6.** sæti | 2011 | | |
| **7.** sæti | 1999 | 2010 | 2013 |
| **8.** sæti | 2012 | | |

















# HÖLLIN – ALLTAF EITTHVAÐ NÝTT OG SPENNANDI!

## GLEÐILEGA PÁSKA!

**UMBRIA**
sófar eru fáanlegir í ótal útfærslum. 2ja og 3ja sæta, hornsófar, með og án tungu. Þeir eru fáanlegir bæði í ákæði og leðri og mörgum litum.

**UMBRIA** HORNSÓFI MEÐ TUNGU
Stærð: 326 x 261 H 78 cm. Slitsterkt áklæði í mörgum litum. Höfuðpúðar seldir sér.

**369.990**
FULLT VERÐ 419.990



**CAMEO** HORNSÓFI MEÐ TUNGU
Stærð: 234x304x157 H 88 cm.
Slitsterkt ljóst og dökkgrátt áklæði.

**CAMEO** einnig fáanlegur 3ja og 2ja sæta burgundy-rauður og dökkgrár
3ja sæta 222x89 H 88 cm Fullt verð: 149.990 **TILBOÐSVERÐ: 129.990**
2ja sæta 160x89 H 88 cm Fullt verð: 119.990 **TILBOÐSVERÐ: 99.990**

**299.990**
FULLT VERÐ 329.990

## OPNUNARTÍMI UM PÁSKANA

Í DAG, SKÍRDAG – REYKJAVÍK – 13⁰⁰-17⁰⁰
Í DAG, SKÍRDAG – AKUREYRI – LOKAÐ
FÖSTUDAGURINN LANGI – LOKAÐ
LAUGARDAGUR – REYKJAVÍK – 11⁰⁰-17⁰⁰
LAUGARDAGUR – AKUREYRI – 11⁰⁰-16⁰⁰
PÁSKADAGUR – LOKAÐ
ANNAR Í PÁSKUM – LOKAÐ



**ANDREW**
Borðstofustóll
Hvítur.

**14.990**
FULLT VERÐ: 19.990



**MARCUS**
Margir litir. Viður og krómlappir

**6.990**
FULLT VERÐ: 7.990



**MATIZE**
Borðstofustóll
Eikargrind og svart leður

**13.995**
FULLT VERÐ: 27.990

## 20%
## AFSLÁTTUR AF ALLRI SMÁVÖRU TIL PÁSKA!



**NÝTT**
HUGMYND AÐ FERMINGARGJÖF!

**16.990**
FULLT VERÐ: 19.990

**WOODY** borðstofustóll. 7 litir með hvíttuðum viðarlöppum.



**GINNIE**
skrifborðsstóll 4 litir.

**14.990**
FULLT VERÐ: 19.990








**DALLAS** Barstóll
Svart og hvítt leður á krómfæti.

**15.990**
FULLT VERÐ: 23.990



**MATHILDE**
Barstóll
Svart leður á krómfæti.

**19.990**
FULLT VERÐ: 27.990



**BLAZE**
Barborð
Hvít borðplata á krómfæti.

**24.990**
FULLT VERÐ: 34.990

**HÚSGAGNAHÖLLIN**
– fyrir lifandi heimili –

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík OG Dalsbraut 1 • Akureyri EITT SÍMANÚMER 558 1100

# DAGSKRÁ
## SKÍRDAGUR

### Stöð 2 Bíó kl. 19.30
**Harry Potter and the Philosopher's Stone**



Harry Potter er 11 ára munaðarlaus strákur sem hefur lengi vitað að það er eitthvað óvenjulegt við hann. Hann kemst brátt að því að hann er göldróttur og kynnist glænýjum heimi og fær einnig inngöngu í Hogwarts-galdraskólann. Hann eignast vinina Ron og Hermione, en vandræðin sem þau koma sér í virðast tengjast einhverju samsæri sem tengist atburðunum sem urðu foreldrum Harrys að bana. Þetta er fyrsta myndin af átta í einum flottasta ævintýrabálki síðari ára.

## Í KVÖLD



### Now You See Me
**STÖÐ 2 KL. 21.15** Hópur snjallra töframanna fremur bankarán í miðri sýningu og dreifir ránsfengnum til áhorfenda. Alríkislögreglumanninum Dylan Hobbs er falið að rannsaka málið en hann rekur sig strax á veggi því honum er ómögulegt að skilja, og því síður sanna, hvernig þeir gætu hafa framið bankarán á sama tíma í annarri heimsálfu.



### Hvalfjörður
**RÚV KL. 21.50** Stuttmynd sem hlaut Edduna í sínum flokki í ár. Myndin sýnir sterkt samband tveggja bræðra sem búa á litlum sveitabæ ásamt foreldrum sínum. Aðalhlutverk: Ágúst Örn B. Wigum og Einar Jóhann Valsson. Leikstjóri: Guðmundur Arnar Guðmundsson. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.



### Pirates of the Caribbean: The Curse of the Black Pearl
**SKJÁREINN KL. 20.25** Þetta er fyrsta myndin um sjóræningjann sérvitra, Jack Sparrow, og ævintýri hans. Með helstu hlutverk fara Johnny Depp, Keira Knightley, Orlando Bloom og Geoffrey Rush.

### Bylgjan kl. 16.00
**Spurningakeppni fjölmiðlanna**



Sjónvarpsmaðurinn ástsæli, Logi Bergmann, stjórnar þessari æsispennandi spurningakeppni af sinni einskæru snilld og spurning er hver fer með sigur af hólmi í ár.


# FRÉTTABLAÐIÐ
ER HELGARBLAÐIÐ



# Í HJÁLPARSTARFI Á ÁTAKASVÆÐUM

**Hörður Karlsson** hefur starfað við flug á mörgum helstu átaka- og hamfarasvæðum heims í meira en tuttugu ár. Árið 1991 hugðist hann skreppa úr landi til að ná sér í aukavinnu í Angóla en hefur lítið komið heim síðan. Nú er hann í Mið-Afríkulýðveldinu þar sem blóðbaðið varð nánast stjórnlaust í vetur.

## Game of Thrones í íslenskri pólitík

Hvað eiga **Davíð Oddsson** og **Tywin Lannister** sameiginlegt? Er **Birgitta Jónsdóttir** kannski tvífari **Aryu Stark**?



Fréttablaðið leitaði til víðkunnra Game of Thrones-áhugamanna í leit að samsvörunum íslenskra pólitíkusa og karaktera í sjónvarpsþáttunum vinsælu.



## Menningarstarfsemi í plötubúðum

Alþjóðlegur dagur plötubúða er haldinn hátíðlegur með sérstökum útgáfum frá helstu tónlistarmönnum landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ
*Ómissandi hluti af góðri helgi*

Skaftahlíð 24 | 105 Reykjavík | 512 5000
Auglýsingar 512-5401 | **visir.is**


## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**11.00 Malcolm In the Middle** *(21:22)*
**11.25 The O.C.** *(23:25)*
**12.05 Hitch**
**14.00 Say Anything**
**15.40 Oceans**
**17.10 Mike & Molly** *(13:24)*
**17.32 The Big Bang Theory** *(2:24)*
**17.57 How I Met Your Mother** *(15:24)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Simpson-fjölskyldan** *(12:22)*
**19.15 Fóstbræður** *(1:8)*
**19.45 Friends With Better Lives** *(1:13)* Glæný gamanþáttaröð um sex vini sem allir eru að fóta sig í lífinu. Allir eru vinirnir í mismunandi stöðu í lífinu og halda að hinir í vinahópnum lifi meira spennandi lífi. Will er nýskilinn en ekki alveg búinn að gefa sína fyrrverandi upp á bátinn, Jules og Lowell eru nýtrúlofuð, Kate gengur allt í haginn á framabrautinni en er ekki eins lukkuleg í ástarmálunum og Andi og Bobby eru gift en sakna svolítið gömlu góðu daganna þegar þau voru yngri og áhyggjulausari. Þáttunum hefur verið líkt við gömlu góðu Friends-þættina.
**20.10 Death Comes To Pemberley** *(2:3)*
**21.15 Now You See Me**
**23.10 Stoker**
**00.50 Mr. Selfridge** *(9:10)*
**01.35 The Following** *(12:15)*
**02.20 Shameless** *(4:12)*
**03.10 Paul**
**04.50 Hitch**

## SPORT
*besta sætið*

**07.00 RN Löwen - Kiel**
**08.20 Real Madrid - Barcelona**
**11.25 KR - Stjarnan**
**13.00 Bayern Munchen - Man. Utd.**
**14.40 Ensku bikarmörkin 2014**
**15.10 Real Madrid - Almeria**
**16.50 Real Madrid - Barcelona**
**18.30 Hestaíþróttir á Norðurland**
**19.00 Grindavík - Njarðvík** *Bein útsending*
**21.00 3. liðið**
**21.30 RN Löwen - Kiel**
**22.50 Grindavík - Njarðvík**

## SPORT 2
*enski boltinn*

**07.00 Everton - Crystal Palace**
**08.40 Man. City - Sunderland**
**12.45 Arsenal - West Ham**
**14.25 Messan**
**15.45 Crystal Palace - Aston Villa**
**17.25 Ensku mörkin – úrvalsdeildin** *(34:40)*
**18.20 Liverpool - Man. City**
**20.00 Premier League World**
**20.30 Destination Brazil**
**21.00 Man. City - Sunderland**
**22.40 Ensku mörkin – neðri deild**
**23.10 Everton - Crystal Palace**
**00.50 Swansea - Chelsea**

## ÍNN

**14.00** Árni Páll **14.30** Tölvur, tækni og kennsla **15.00** Fasteignaflóran **15.30** Á ferð og flugi **16.00** Árni Páll **16.30** Tölvur, tækni og kennsla **17.00** Fasteignaflóran **17.30** Á ferð og flugi **18.00** Árni Páll **18.30** Tölvur, tækni og kennsla **19.00** Fasteignaflóran **19.30** Á ferð og flugi **20.00** Hamfarir **21.00** Varðskipið Óðinn **21.30** Þjóðlagahátíð á Siglufirði *(fyrri þáttur)* **22.00** Hamfarir

## STÖÐ 3

**09.10 Simpson-fjölskyldan** *(8:22)*
**09.30 Friends** *(6:24)*
**09.55 Pretty Little Liars** *(8:25)*
**10.40 School Pride** *(3:7)*
**11.20 Around the World in 80 Plates** *(1:10)*
**12.00 Around the World in 80 Plates** *(2:10)*
**12.45 Extreme Makeover: Home Edition** *(1:26)*
**14.05 The Great Escape** *(1:10)*
**14.45 The Great Escape** *(2:10)*
**15.25 It's Love, Actually** *(1:10)*
**15.45 It's Love, Actually** *(2:10)*
**16.10 Graceland** *(1:13)*
**16.50 Graceland** *(2:13)*
**17.30 How To Make it in America** *(6:8)*
**18.00 Top 20 Funniest** *(12:18)*
**18.45 Community** *(3:24)*
**19.05 Malibu Country** *(3:18)*
**19.30 Lífsstíll**
**19.50 American Idol** *(28:39)*
**21.10 Hawthorne** *(8:10)*
**21.50 Chéri**
**23.20 Grimm** *(22:22)*
**00.00 Sons of Anarchy** *(2:13)*
**00.40 Malibu Country** *(3:18)*
**01.00 Lífsstíll**
**01.20 American Idol** *(28:39)*
**02.40 Hawthorne** *(8:10)*
**03.25 Chéri**
**04.50 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## Krakkastöðin

**07.00** Brunabílarnir **07.23** Latibær **07.47** Ævintýraferðin **08.00** Dóra könnuður **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Sumardalsmyllan **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveinsson **09.45** Hvellur keppnisbíll **09.55** UKI **10.00** Ævintýri Tinna **10.25** Ljóti andarunginn og ég **10.47** Tom and Jerry **10.55** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Brunabílarnir **11.23** Latibær **11.47** Ævintýraferðin **12.00** Dóra könnuður **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Sumardalsmyllan **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.45** Hvellur keppnisbíll **13.55** UKI **14.00** Ævintýri Tinna **14.25** Ljóti andarunginn og ég **14.47** Tom and Jerry **14.56** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Brunabílarnir **15.23** Latibær **15.47** Ævintýraferðin **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Sumardalsmyllan **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson **17.45** Hvellur keppnisbíll **17.55** UKI **18.00** Ævintýri Tinna **18.25** Ljóti andarunginn og ég **18.47** Tom and Jerry **18.56** Rasmus Klumpur og félagar **19.00** Ríó **20.35** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.55 Strákarnir**
**18.25 Friends** *(8:23)*
**18.50 Seinfeld** *(10:22)*
**19.15 Modern Family** *(15:24)*
**19.40 Two and a Half Men** *(19:23)*
**20.05 Tekinn 2** *(8:14)*
**20.30 Weeds** *(8:13)*
**21.00 Twenty Four** *(20:24)*
**21.40 Without a Trace** *(7:24)*
**22.25 Curb Your Enthusiasm** *(8:10)*
**22.55 Tekinn 2** *(8:14)*
**23.20 Weeds** *(8:13)*
**23.50 Without a Trace** *(7:24)*
**00.35 Curb Your Enthusiasm** *(8:10)*
**01.05 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## BÍÓ

**07.05 Dying Young**
**08.55 Fever Pitch**
**10.40 The Jewel of the Nile**
**12.25 10 Years**
**14.05 Dying Young**
**15.55 Fever Pitch**
**17.40 The Jewel of the Nile**
**19.30 Harry Potter and the Philosopher's Stone**
**22.05 Broken City**
**23.55 The Grey**
**01.50 The Cry of the Owl**
**03.30 Broken City**

## RÚV

**07.00 Morgunstundin okkar**
**07.01 Teitur** *(4:13)*
**07.11 Poppý kisulóra** *(4:13)*
**07.22 Froskur og vinir hans** *(4:12)*
**07.29 Kóala bræður** *(4:13)*
**07.39 Lítil prinsessa** *(3:13)*
**07.50 Friðþjófur forvitni** *(4:10)*
**08.13 Franklín** *(4:7)*
**08.35 Babar og Badou** *(4:13)*
**08.57 Litli prinsinn** *(1:12)*
**09.19 Grettir** *(1:13)*
**09.32 Kung Fu Panda** *(1:8)*
**09.55 Tóbí**
**10.00 Fræknir ferðalangar**
**11.25 Stephen Fry: Græjukarl – Fjör og leikir** *(4:6)*
**11.50 Dýralíf – Sagan um birnina þrjá** *(1:5)*
**12.40 Nótan 2013**
**13.45 Diana Damrau og Xavier de Maistree á Listahátíð**
**15.30 Draumurinn um veginn**
**17.20 Einar Áskell** *(7:13)*
**17.33 Verðlaunafé** *(8:21)*
**17.35 Stundin okkar**
**18.00 Skrípin** *(32:52)*
**18.05 Stella og Steinn**
**18.17 Hrúturinn Hreinn**
**18.20 Táknmálsfréttir**
**18.30 Ísþjóðin**
**19.00 Fréttir**
**19.20 Veðurfréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Horton**
**21.00 Martin læknir** *(6:8)*
**21.50 Hvalfjörður**
**22.10 Borgríki**
**23.35 Stundin** *(4:6)*
**00.30 Ættarsetrið**
**02.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**
**02.45 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Cheers** *(19:26)*
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**13.10 Solsidan** *(2:10)*
**13.35 The Millers** *(15:22)*
**14.00 The Incredible Mr. Goodwin** *(1:5)*
**14.50 The Voice** *(13:28)*
**16.20 The Voice** *(14:28)*
**17.05 90210** *(14:22)*
**17.45 Dr. Phil**
**18.25 Parenthood** *(15:15)*
**19.10 Cheers** *(20:26)*
**19.35 Trophy Wife** *(15:22)*
**20.00 Læknirinn í eldhúsinu** *(1:8)*
**20.25 Pirates of the Caribbean: The Curse of the Black Pearl**
**22.50 As Good As It Gets**
**01.05 CSI** *(15:22)*
**01.50 The Good Wife** *(10:22)*
**02.40 Beauty and the Beast** *(3:22)*
**03.30 The River** *(1:8)*
**04.20 Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00** LPGA Tour 2014 **12.00** Feherty **12.45** Inside the PGA Tour 2014 **13.10** 2014 Augusta Masters **18.10** Golfing World 2014 **19.00** PGA Tour 2014 **22.00** Inside the PGA Tour 2014 **22.30** LPGA Tour 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

# DAGSKRÁ
## FÖSTUDAGURINN LANGI

## Í KVÖLD



### Stöð 3 kl. 20.35
**American Idol**

Þrettánda þáttaröð þessa vinsælu þátta en allir sigurvegarar fyrri þáttaraða hafa slegið í gegn á heimsvísu. Það er sannkölluð draumasveit dómara sem situr í hásætinu þetta árið en hana skipa Keith Urban, Jennifer Lopez og í fyrsta sinn kemur hinn silkimjúki söngvari og leikari Harry Connick Jr.



### This is The End
**STÖÐ 2 KL. 22.50** Bráðfyndin gamanmynd frá 2013. Það er partí heima hjá leikaranum James Franco þar sem Seth Rogen, Jay Baruchel og félagar þeirra eru að skemmta sér þegar undarlegir atburðir gerast. Meðal þeirra sem koma fram í myndinni eru James Franco, Jonah Hill, Seth Rogen, Jay Baruchel, Danny McBride, Craig Robinson og Michael Cera.



### Hreint hjarta
**RÚV KL. 21.05** Heimildarmynd um Kristin Á. Friðfinnsson, prest í Selfossprestakalli. Kristinn er litríkur persónuleiki sem þykir umdeildur í starfi á sama tíma og hann leitast við að þjónusta sóknarbörnin sem best. Dagskrárgerð: Grímur Hákonarson. Textað á síðu 888 í Textavarpi.



### The Voice
**SKJÁR EINN KL. 20.30** Adam Levine og Blake Shelton snúa aftur sem þjálfarar og með þeim í annað sinn verða þau Shakira og Usher. Carson Daly snýr aftur sem kynnir þáttanna. Páttaraðarinnar hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu enda hefur það kvisast út að keppendur séu sterkari en nokkru sinni fyrr.

### Bylgjan kl. 19.00
**Partívaktin – Ásgeir Páll**

Útvarpsmaðurinn Ásgeir Páll stendur vaktina við viðtækin og spilar hressandi partílög á þessum lengsta föstudegi ársins.



## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**07.45** **Tommi og Jenni**
**08.05** **Ávaxtakarfan**
**12.25** **Malcolm In the Middle** *(22:22)*
**14.00** **Pay It Forward**
**16.00** **How I Met Your Mother** *(16:24)*
**16.20** **Modern Family** *(14:24)*
**16.45** **Elly Vilhjálmsdóttir – minningartónleikar**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.55** **The Simpsons**
**19.20** **Spurningabomban**
**20.10** **Death Comes To Pemberley** *(3:3)*
**21.10** **Blue Jasmine** Cate Blanchett hlaut Óskarsverðlaunin fyrir leik sinn í þessari frábæru mynd frá 2013. Hún leikur Jasmine sem neyðist til að flytja inn til systur sinnar eftir að eiginmaður hennar hendir henni út og skilur hana eftir allslausa. Jasmine er af alþýðufólki komin og dreymdi alltaf um að lyfta sér upp úr meðalmennskunni og hélt að sér hefði tekist það. Tekst Jasmine að ná jarðsambandi eða ætlar hún að reyna á ný að klifra upp í ótraustar skýjaborgir? Woody Allen leikstýrir.
**22.50** **This is The End**
**00.40** **X-Men: First Class**
**02.50** **The King's Speech**
**04.45** **Pay It Forward**

## SPORT *besta sætið*

**07.00** **Grindavík - Njarðvík**
**10.50** **Atletico - Barcelona**
**12.30** **Spænsku mörkin 2013/14**
**13.00** **Melsungen - Fuchse Berlin**
**14.15** **Flensburg - Fuchse Berlin**
**15.40** **3. liðið**
**16.10** **Getafe - Atletico Madrid**
**17.50** **La Liga Report**
**18.20** **Atletico Madrid - Elche**
**Bein** **útsending**
**20.30** **Magdeburg - Hamburg**
**21.55** **Hestaíþróttir á Norðurland**
**22.25** **Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**22.55** **NBA**
**23.15** **Grindavík - Njarðvík**
**00.45** **Dominos deildin - Liðið mitt** *(Njarðvík)*
**01.15** **Atletico Madrid - Elche**
**02.55** **Kína - Æfing 3**
**05.50** **Formula 1 2014 - Tímataka**
**Bein** **útsending**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**08.50** **Southampton - Cardiff**
**10.30** **Everton - Crystal Palace**
**12.10** **Premier League World**
**12.40** **WBA - Tottenham**
**14.20** **Messan**
**15.40** **Ensku mörkin - neðri deild**
**16.10** **Blackpool - Burnley**
**Bein** **útsending**
**18.20** **Doncaster - Derby**
**20.25** **Match Pack**
**20.55** **Enska úrvalsdeildin - upphitun**
**21.25** **Destination Brazil**
**21.55** **Blackpool - Burnley**
**23.35** **Stoke - Newcastle**
**01.15** **Fulham - Norwich**

## ÍNN

**14.00** Hamfarir **15.00** Varðskipið Óðinn **15.30** Þjóðlagahátíð á Siglufirði *(fyrri þáttur)* **16.00** Hamfarir **17.00** Varðskipið Óðinn **17.30** Þjóðlagahátíð á Siglufirði *(fyrri þáttur)* **18.00** Hamfarir **19.00** Varðskipið Óðinn **19.30** Þjóðlagahátíð á Siglufirði *(fyrri þáttur)* **20.00** Viðtalsþátturinn **21.00** Raddir Íslands **21.30** Þjóðlagahátíð á Siglufirði *(fyrri þáttur)* **22.00** Viðtalsþátturinn

## STÖÐ 3

**10.35** **Simpson-fjölskyldan** *(9:22)*
**10.55** **Friends** *(7:24)*
**11.20** **Pretty Little Liars** *(9:25)*
**12.05** **School Pride** *(4:7)*
**12.45** **Around the World in 80 Plates** *(3:10)*
**13.25** **Around the World in 80 Plates** *(4:10)*
**14.10** **Extreme Makeover: Home Edition** *(1:25)*
**15.30** **The Great Escape** *(3:10)*
**16.10** **The Great Escape** *(4:10)*
**16.50** **It's Love, Actually** *(3:10)*
**17.10** **It's Love, Actually** *(4:10)*
**17.35** **Jamie's 30 Minute Meals** *(8:40)*
**18.00** **Raising Hope** *(9:22)*
**18.20** **The Neighbors** *(21:22)*
**18.40** **Cougar Town** *(15:15)*
**19.00** **Top 20 Funniest** *(13:18)*
**19.45** **How To Make it in America** *(7:8)*
**20.15** **Community** *(4:24)*
**20.35** **American Idol** *(29:39)*
**20.55** **Street Dance**
**22.30** **Sons of Anarchy** *(3:13)*
**23.10** **Memphis Beat** *(4:10)*
**23.50** **Dark Blue**
**00.30** **Top 20 Funniest** *(13:18)*
**01.10** **How To Make it in America** *(7:8)*
**01.35** **American Idol** *(29:39)*
**01.55** **Community** *(4:24)*
**02.15** **Street Dance**
**03.50** **Sons of Anarchy** *(3:13)*

## Krakkastöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Sumardalsmyllan **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Hvellur keppnisbíll **08.34** UKI **08.39** Ævintýri Tinna **09.04** Svampur Sveinsson **09.25** Ljóti andarunginn og ég **09.47** Tom and Jerry 09:.55 Rasmus Klumpur og félagar **10.00** Brunabílarnir **10.23** Latibær **10.47** Ævintýraferðin **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Sumardalsmyllan **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.45** Hvellur keppnisbíll **12.55** UKI **13.00** Ævintýri Tinna **13.25** Ljóti andarunginn og ég **13.47** Tom and Jerry **13.56** Rasmus Klumpur og félagar **14:00** Brunabílarnir **14.23** Latibær **14:47** Ævintýraferðin **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Sumardalsmyllan **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.45** Hvellur keppnisbíll **16.55** UKI **17.00** Ævintýri Tinna **17.25** Ljóti andarunginn og ég **17.47** Tom and Jerry **17.56** Rasmus Klumpur og félagar **18.00** Brunabílarnir **18.23** Latibær **18.47** Ævintýraferðin **19.00** Artúr **3 20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**18.00** **Strákarnir**
**18.30** **Friends** *(6:24)*
**18.55** **Seinfeld** *(11:22)*
**19.20** **Modern Family** *(16:24)*
**19.45** **Two and a Half Men** *(20:23)*
**20.10** **Wipeout - Ísland** *(3:10)*
**21.00** **Twenty Four** *(21:24)*
**21.40** **World Without End** *(3:8)*
**22.30** **It's Always Sunny In Philadelphia** *(7:13)*
**22.55** **Footballers Wives** *(7:9)*
**23.45** **The Practice** *(12:13)*
**00.30** **Wipeout - Ísland** *(3:10)*
**01.20** **World Without End** *(3:8)*
**02.10** **It's Always Sunny In Philadelphia** *(7:13)*

## BÍÓ

**07.20** **Mirror Mirror**
**09.05** **Something's Gotta Give**
**11.10** **The Five-Year Engagement**
**13.15** **Mirror Mirror**
**15.00** **Something's Gotta Give**
**17.10** **The Five-Year Engagement**
**19.15** **Harry Potter and the Chamber of Secrets**
**22.00** **Djúpið**
**23.35** **Fast Five**
**01.45** **Howl**
**03.10** **Djúpið**

## RÚV

**07.00** **Morgunstundin okkar**
**07.01** **Teitur** *(5:13)*
**07.11** **Poppý kisulóra** *(5:13)*
**07.22** **Froskur og vinir hans** *(5:12)*
**07.29** **Kóala bræður** *(5:13)*
**07.39** **Lítil prinsessa** *(4:13)*
**07.50** **Friðþjófur forvitni** *(5:10)*
**08.13** **Franklín** *(5:7)*
**08.35** **Babar og Badou** *(5:13)*
**08.57** **Litli prinsinn** *(2:12)*
**09.19** **Grettir** *(2:13)*
**09.32** **Kung Fu Panda** *(2:8)*
**09.56** **Tóbí**
**10.00** **Shrek II**
**11.30** **Letidýrin**
**12.20** **Dýralíf – Saga af ljóni** *(2:5)*
**13.10** **3 stórstjörnur í Berlín**
**15.30** **Draumurinn um veginn**
**17.20** **Litli prinsinn** *(17:25)*
**17.43** **Hið mikla Bé** *(17:20)*
**18.05** **Nína Pataló** *(20:39)*
**18.15** **Táknmálsfréttir**
**18.25** **Ísþjóðin**
**18.50** **Gunnar**
**19.00** **Fréttir**
**19.20** **Veðurfréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.35** **Sólarsirkusinn: Framandi heimar**
**21.05** **Hreint hjarta**
**22.10** **Shawshank-fangelsið**
**00.30** **500 dagar með Summer**
**02.00** **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**12.15** **Sound of Music**
**14.30** **The Incredible Mr. Goodwin** *(2:5)*
**15.20** **The Incredible Mr. Goodwin** *(3:5)*
**16.10** **Dogs in the City** *(6:6)*
**17.00** **Gordon Ramsay Ultimate Home Cooking** *(14:20)*
**17.25** **Læknirinn í eldhúsinu** *(1:8)*
**17.50** **Dr. Phil**
**18.30** **Minute To Win It**
**19.15** **America's Funniest Home Videos** *(27:44)*
**19.40** **Got to Dance** *(15:20)*
**20.05** **Got to Dance** *(16:20)*
**20.30** **The Voice** *(15:28)*
**22.00** **The Voice** *(16:28)*
**22.45** **The Incredible mr. Goodwin** *(4:5)*
**23.35** **The Truman Show**
**01.15** **CSI Miami** *(6:24)*
**01.55** **The Good Wife** *(10:22)*
**02.45** **Californication** *(7:12)*
**03.15** **The Incredible mr. Goodwin** *(4:5)*
**04.05** **The River** *(2:8)*
**04.55** **The River** *(3:8)*
**05.45** **Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.10** PGA Tour 2014 **11.10** Golfing World 2014 **12.00** Tvöfaldur skolli **12.55** LPGA Tour 2014 **15.55** Inside the PGA Tour 2014 **16.20** Champions Tour 2014 **18.10** Golfing World 2014 **19.00** PGA Tour 2014 **22.00** Inside the PGA Tour 2014 **22.30** LPGA Tour 2014




BYLGJAN 989

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## MÁLSHÁTTURINN



**„Uppáhaldsmálshátturinn minn er Betra er langlífi en harðlífi eftir Sverri Stormsker. Fékk hann í heimatilbúnu eggi fyrir tveimur árum.“**

Benedikt Bóas Hinriksson blaðamaður

# Fjölhæf leikkona á leið til Íslands

Aðdáendur Game of Thrones geta glaðst yfir því að leikkonan frækna Natalia Tena kemur til Íslands í sumar ásamt hljómsveit sinni, Molotov Jukebox.

Natalia Tena leikur þokkagyðjuna Osha í vinsælu þáttaröðunum Game of Thrones en hún hefur víst meira til brunns að bera en bara leiklistina. Leikkonan syngur nefnilega og spilar á harmonikku með hljómsveitinni Molotov Jukebox sem kemur fram á tónlistarhátíðinni Secret Solstice í sumar. Molotov Jukebox voru að sleppa frá sér plötunni Carnival Flower sem kom út 31. mars en tónlist sveitarinnar er blanda af lifandi blús og djass. Hljómsveitin Molotov Jukebox spilaði á sjö tónlistarhátíðum í fyrra. Þar á meðal var tónlistarhátíðin Glastonbury en hún þykir þykir ein af stærstu tónlistarhátíðum heims. Natalia hefur komið víða að en hún lék meðal annars hálf-nornina Nymphadora Tonks í vinsælu Harry Potter-myndunum. Einnig fór hún með hlutverk stúlkunnar Ellie í rómantísku gamanmyndinni About a Boy. Tena lærði á harmonikku þegar hún vann með leikhópnum KneeHigh í Bretlandi. Þar þurfti hver meðlimur að velja sér hljóðfæri til þess að læra á.

➜ Natalia Tena leikur hina fallegu Osha í Game of Thrones sem sýnt er á Stöð 2.

Secret Solstice-hátíðin fer fram dagana 20. til 22. júní og eru fjölmörg atriði sem koma þar fram.



**HRESS** Natalie leikur á harmonikku. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY


Frestur til að senda tilnefningar er til miðnættis þann 23. apríl

HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ

GÓÐVERKI?

ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2014

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS ERU VEITT Í FIMM FLOKKUM.

1 Hvunndagshetjan
Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

2 Frá kynslóð til kynslóðar
Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

3 Til atlögu gegn fordómum
Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

4 Heiðursverðlaun
Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

5 Samfélagsverðlaunin
Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll. **Verðlaunafé 1,2 milljónir.**

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á **visir.is/samfelagsverdlaun,** með tölvupósti á netfangið samfelags-verdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt: Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í maí.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐIÐ




**BJARTASTA VONIN** Borgarleikhússtjóri segir Tiny Guy vera óhefðbundna sýningu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Lítill kall á stórt svið

Friðgeir Einarsson segir að sýningin Tiny Guy muni að öllum líkindum breyta lífi fólks og ekki gefa fyrirlestri Jordans Belfort í Hörpu neitt eftir.

„Þetta er í raun fyrirlestur sem fjallar um hvernig við tökum ákvarðanir og mannsheilann í því samhengi,“ segir Friðgeir Einarsson, aðalleikari og leikstjóri sýningarinnar Tiny Guy. „Við höldum að við höfum fulla stjórn á ákvörðunum okkar en svo virðist ekki vera.“ Ásamt Friðgeiri standa að sýningunni þeir Ragnar Ísleifur Bragason, Árni Vilhjálmsson, Jóhann Kristófer Stefánsson og einnig bregður fyrir stórleikaranum Aron MacPherson í óvæntu hlutverki. „Fyrirlesturinn byggist á rannsóknum sem við höfum verið að gera á okkar eigin forsendum og höfum komist að ýmsu sem okkur þykir mikilvægt að komi fram í dagsljósið,“ segir Friðgeir en sýningin var fyrst sýnd í Háskóla Íslands á leiklistarhátíðinni Lókal. „Síðan fluttum við sýninguna í Mengi á Óðinsgötu sem er skemmtilegur lítill staður,“ segir Friðgeir en þeir hafa ákveðið að breiða úr sér á stóra sviði Borgarleikhússins. „Við þurfum ekki að breyta söguþræðinum en það er ýmislegt sem við þurfum að takast á við í tæknimálum og þurfum örugglega að stækka nokkur atriði til þess að búa til sömu upplifun á stóra sviðinu.“

Kristín Eysteinsdóttir, leikhússtjóri Borgarleikhússins, segir sýninguna vera skemmtilega og óhefðbundna. „Þetta er hugmynd sem spratt upp innanhúss að fá þessa sýningu inn,“ segir Kristín. „Það var akkúrat eitt laust kvöld, 26. apríl, á stóra sviðinu og við vorum sjálf búin að sjá sýninguna og hafa gaman af þannig að við gripum tækifærið.“

„Síðan er bara gaman fyrir Borgarleikhúsið að fara í samstarf við Friðgeir, hann er einn af okkar björtustu vonum í þessari óhefðbundnu leiklist,“ segir leikhússtjórinn.

**„ Þetta ætti ekki að vera neitt verri dagskrá en hjá Jordan Belfort í Hörpu. Nema bara miklu ódýrara.**

*Friðgeir Einarsson*

Friðgeir segir að niðurstöður rannsóknanna sem kynntar verða í sýningunni séu mjög sláandi og að sýningin muni að öllum líkindum breyta lífi fólks. „Þetta ætti ekki að vera neitt verri dagskrá en hjá Jordan Belfort í Hörpu. Nema bara miklu ódýrara.“

baldvin@frettabladid.is

# Lætur Loga Bergmann líta vel út

Ragnar Eyþórsson er maðurinn á bak við sjónvarpsþáttinn Spurningabombuna.

„Ég er í ónefndu teymi sem býr til spurningarnar, síðan klippi ég innslög og bý til alla grafík, svo stjórna ég útsendingunni og klippi þáttinn þegar tökum er lokið,“ segir Ragnar Eyþórsson, starfsmaður Sagafilm. Hann gegnir ýmsum hlutverkum við gerð skemmtiþáttarins Spurningabombunnar en síðasta bomba vetrarins er sýnd á Stöð 2 á föstudag.

Þegar Ragnar, sem er ávallt kallaður Raggi Ey, stjórnar útsendingu er hann í beinu sambandi við þáttarstjórnandann Loga Bergmann.

„Ég er í eyranu á Loga. Þegar hann er með þokukenndan svip er hann pottþétt að hlusta á mig. Það má segja að efnislega láti ég hann líta vel út en útlitslega er örugglega hægt að þakka sminkunni og hárgreiðslumeistaranum fyrir það,“ segir Raggi og hlær.

Raggi lærði leikstjórn og handritagerð í Kanada og byrjaði sem lærisveinn hjá Sagafilm árið 2006.

„Ég var fenginn sem klippari í Loga í beinni því ég hafði sérstakt lag á því að finna vandræðaleg myndbrot af gestum þáttarins. Þegar Logi í beinni stökkbreyttist í Spurningabombuna héldu hæfileikar mínir áfram að blómstra,“ segir Raggi. Hann á einnig heiðurinn af því að koma verðlaunagrip þáttarins, bangsanum Bomba, til landsins.

„Ég og konan mín, Anna Björg, unnum Bomba í tívolíi í Ameríku og fluttum hann til landsins. Við sátum uppi með þennan tveggja metra háa verðlaunagrip og fengum sérleyfi hjá flugfélaginu til að leyfa honum að fljóta með til landsins.“

Raggi lofar miklu fjöri á föstudaginn þegar síðasta bomba vetrarins fer í loftið en í liðunum eru Pétur Jesú og Hreimur á móti Ilmi Kristjánsdóttur og Gunna Helga.

„Það vill svo til að hún er á föstudaginn langa þannig að það var viðeigandi að hafa Pétur Jesú sem gest. Svo verður leyndarmáli um kallarann okkar uppljóstrað til dæmis. Þetta verður stórkostleg lokabomba.“ -lkg



**MEÐ HÚMOR Í LAGI** Raggi er góður í að finna skemmtilegt efni og myndbrot. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Regatta GREAT OUTDOORS
CRAGHOPPERS
Dare 2b
BEAR GRYLLS CRAGHOPPERS
Nýtt kortatímabil!
Opið um páskana
VERÐDÆMI
Börn
Flíspeysur 2.990,-
Softshell peysur 4.490,-
Softshell buxur 5.490,-
Regnbuxur 1.990,-
Regnjakkar 2.490,-
Skór 7.990,-
Dömur & herrar
Bolir 1.990,-
Skyrtur 3.990,-
Flíspeysur 3.990,-
Softshell peysur 5.990,-
Core Stretch peysur 5.490,-
Buxur 4.990,-
Softshell buxur 8.490,-
Zip off buxur 8.490,-
Stretch buxur 8.990,-
Regnbuxur 1.990,-
Regnjakkar 2.990,-
Hjólajakkar 6.990,-
Kápur 8.990.-
Skór 7.490,-
Bakpokar 4.990,-
o.fl. o.fl.
OKKAR VERÐ
NÝJAR VÖRUR!
SUMAR 2014
„ÓDÝRA HORNIÐ“
VERÐHRUN!
OPIÐ
Skírdagur 11-16
Laugard. 11-16
2. í páskum 13-16
Kíktu á síðuna!
Myndir af nýjum vörum!
facebook.com/ utivistogsport
ÚTIVIST & SPORT
Faxafen 12 S. 533-1550 www.utivistogsport.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Opið allan sólarhringinn í Engihjalla og Vesturbergi
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Yfirhönnuður Louis Vuitton kíkti í JÖR

Fatahönnuðurinn **Kim Jones** er yfirhönnuður karlmannafatnaðar hjá franska tískumerkinu Louis Vuitton. Hönnuðurinn var staddur á Íslandi á dögunum ásamt myndarlegu fylgdarliði en aðilar á vegum tískumerkisins, ásamt Jones, voru að taka myndir við Mývatn, þá líklegast fyrir næstu fatalínu tískumerkisins. Yfirhönnuðurinn hefur þó átt einhvern tíma aflögu til þess að gera sér ferð í verslun Guðmundar Jörundssonar fatahönnuðar sem setti á fót sitt eigið tískumerki, JÖR, fyrir rúmlega ári. Bað Jones sérstaklega um að fá að spjalla við Guðmund. -bþ



### Pollar tilbúnir í páskahretið

Eurovision-stjörnurnar í **Pollapönki** fengu veglega gjöf frá fataframleiðandanum VARMA í gær. Um er að ræða ullarpeysur í pollalitunum sem munu vafalítið halda hita á köppunum í páskahretinu. Arnar Gíslason, trommuleikari Pollanna, skartar nú bleikri lopapeysu í stíl við pollagallann sinn. Bróðir hans, Haraldur Freyr, fékk rauða peysu, Heiðar Örn fékk bláa peysu og Guðni Finnsson gula peysu. Heimildir Fréttablaðsins herma að bakraddapollarnir Óttarr Proppé og Snæbjörn Ragnarsson hafi ekki verið skildir eftir úti í kuldanum og fái sínar peysur á næstu dögum. -ssb



## Mest lesið VÍSIR

1 Var búið að dreyma um djúsí varir mjög lengi og fékk þann draum uppfylltan
2 12 ára drengur grýttur í Reykjavík
3 Marin með áverka á brjóstkassa og heilahristing
4 Halldór 16.04.14
5 Dreifa klámmyndum af ungum stúlkum en sleppa





